GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR

*Finnska ólík öðrum málum*

• Nám • Ferðir • Matur • Bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



TÓMAS GUÐBJARTSSON

## Hjartað slær í djasstakti

Sker upp og skipuleggur tónleika

FÓLK 50



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. apríl 2006 — 100. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

# Hækkandi bensínverð eykur hraða verðbólgu

**Bensínverð hefur snarhækkað á einu ári og farið úr rúmum 107 krónum í rúmar 124. Bankarnir gera ráð fyrir að verðbólgan fari yfir fimm prósent í dag. Það er samhljóða verðbólguspá Alþýðusambandsins.**

**VERÐBÓLGAN** Greiningardeildir bankanna gera ráð fyrir að verðbólgan fari yfir fimm prósent þegar mæling á vísitölu neysluverðs kemur í ljós í dag. Greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir 5,2 prósenta verðbólgu. Ástæðan er fyrst og fremst hækkandi eldsneytisverð.

Verð á hráolíu hefur hækkað hratt erlendis upp á síðkastið og náð sögulegu hámarki en búist er við að það fari lækkandi aftur á næstu vikum eða mánuðum. „Vonandi gerist það,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB. „Það skiptir máli fyrir okkur sem höldum um pyngjuna.“

Bensínverð hefur hækkað hér á landi um rúmar 48 krónur á lítrann frá haustinu 1996. Það náði hámarki vorið 2001, 104,90 krónum, og fór svo aftur lækkandi, eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti. Miðað er við verð á þjónustustöð.

Í febrúar 2003 fór bensínlítrinn aftur yfir 100 krónur og frá vori 2004 hefur hann farið jafnt og þétt hækkandi, og hefur verið á jafnri uppleið síðan. Bensínlítrinn kostar nú 124,30 krónur og hefur hækkað um tæpar sex krónur frá því í mars.

Runólfur segir að hækkanirnar eigi að hluta til grunn í hækkandi verði á alþjóðamarkaði þar sem bensínverð hefur hækkað úr tæpum 400 dollurum fyrir tveimur árum í tæpa 668 dollara nú. Hann bendir þó á að gengi dollars hafi verið lágt.

Runólfur telur að Íslendingar séu líka að súpa seyðið af þenslunni og efnahagsástandinu, það komi meðal annars fram í hærra bensínverði auk þess sem eldsneytismarkaðurinn hér sé fákeppnismarkaður. Þá kann hann fleiri skýringar.

„Bensín er háskattað þannig að rúmlega helmingur, 55-56 prósent, fer í ríkissjóð. Fáar vörur bera svona há opinber gjöld og þess vegna er ábyrgð stjórnvalda töluverð,“ segir hann.

Lúðvík Elíasson, hagfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, segir að greiningardeildin meti efnahagshorfurnar sem svo að stýrivextir fari hraðar upp en áður hafi verið gert ráð fyrir. Þeir nái toppi á þessu ári, í kringum 13,25 prósent.

- ghs

**ÞRÓUN BENSÍNVERÐS 1996-2006**

Línuritið sýnir þróunina í bensínverði á bensínstöð með þjónustu. Talið er að stærsti hluti viðskiptanna fari fram á þessu verði en sjálfsafgreiðslustöðvarnar eru þó með lægra verð en þetta.






**ÓSÝRÐU BRAUÐUNUM ÚTHLUTAÐ** Þessir heittrúðu gyðingar í Jerúsalem voru í gær að ná sér í vænan skammt af ósýrðum brauðum fyrir páskahátíðina. Brauðunum var dreift ókeypis í hverfinu þeirra. Á páskahátíðinni minnast gyðingar brottfarar forfeðra sinna frá Egyptalandi fyrir um 3.500 árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnvöld í Íran:

## Segjast hafa auðgað úran

**ÍRAN, AP** Írönum hefur tekist að auðga úran í fyrsta sinn. Frá þessu skýrði Hashemi Rafsanjani, fyrrverandi forseti Írans, í gær.

Mahmoud Ahmadinejad, núverandi forseti landsins, segir að Íran muni „fljótlega ganga í klúbb þeirra ríkja sem ráða yfir kjarnorkutækni“.

Bandarísk stjórnvöld fordæmdu í gær þessar yfirlýsingar og sögðu Írana á villigötum.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur krafist þess að Íranar hætti allri auðgun úrans frá og með 28. apríl, en Íranar hafna þeirri kröfu og segjast hafa fullan rétt til þess að auðga úran.

- gb

Rússneskir fiskifræðingar segja þorskstofninn í Barentshafi mjög vanmetinn:

# 2,5 milljónir tonna af þorski

**ÞORSKURINN** Rússneskir fiskifræðingar telja að þorskstofninn í Barentshafi sé allt að helmingi stærri en Alþjóðahafrannsóknarráðið, ICES, álítur hann vera.

Í frétt norska Fiskeribladet í gær segir að samkvæmt gögnum VNIRO hafrannsóknastofnunarinnar í Rússlandi telja þarlendir fiskifræðingar nú að þorskstofninn í Barentshafi sé nærri 2,6 milljónir tonna. Aftur á móti hafi ICES reiknað út á grundvelli gagna frá norskum og rússneskum fiskifræðingum að stofninn þar sé einungis um 1,5 milljónir tonna.

Rússnesku vísindamennirnir, sem segjast ekki vera að varpa sprengjum inn í raðir fiskifræðinga, telja að stofninn kunni að vera enn stærri þar sem tölurnar séu einungis fengnar á grundvelli mælinga á þekktum veiðislóðum. Fylgst er með staðsetningu togaranna af gervihnetti, veiðin er skrásett á kerfisbundinn hátt eftir hvert hol og síðan stuðst við þróaðar aðferðir við útreikningana.

Asgeir Algen, fiskifræðingur í Björgvin, segir í samtali við Fiskeribladet að nýju tölunar hafi ekki verið kynntar í samvinnu rússneskra og norskra vísindamanna og séu ekki opinberlega viðurkenndar í hópi vísindamanna í Múrmansk.

- jh



**ÞORSKUR** Fiskifræðingarnir telja að þorskstofninn í Barentshafi sé minnst einni milljón tonna stærri en ICES taldi hann vera.

### Sigri fagnað með Silvíu Nótt



Sölvi Óskarsson, eigandi Tóbaksverslunarinnar Björk, hefur varla haft undan við að taka á móti heillaóskaskeytum eftir dóm Hæstaréttar.

FÓLK 50

### Sextugsafmæli og sýningaropnun



Sigríður Bachmann heldur upp á sextíu ára afmæli sitt með því að opna sýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

TÍMAMÓT 26

### Hættur lélegs stjórnmálalífs



Hreyfingar populista eiga það sameiginlegt að þær höfða til fólks sem telur sig svikið af hefðbundnum stjórnmálum, segir Jón Ormur Halldórsson.

Í DAG 24

### Algjört kjaftæði



Sigfús Sigurðsson segir ekkert hæft í fréttum danskra fjölmiðla þess efnis að hann sé nálægt því að semja við Team Tvis Holstebro. Hann segist hafa fengið ömurlegt tilboð frá félaginu sem hefur þegar verið hafnað.

ÍÞRÓTTIR 42

### VEÐRIÐ Í DAG




**FROSTLAUST AÐ DEGINUM** Í dag verður norðlæg átt. Nokkuð stíf norðvestan til, annars hægari. Éljagangur nyrðra en skýjað með köflum syðra. Hiti 0-5 stig að deginum en þó vægt frost á Vestfjörðum.

VEÐUR 4

### > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




STYSTA LEIÐIN Í BANKANN




NETBANKI GLITNIS Í SÍMANUM ÞÍNUM



## SPURNING DAGSINS

*Lovísa, eruð þið að bæta úr náttúruleysi þjóðarinnar?*

Já, heldur betur! Og við gerum gott betur með því tengja þjóðina við heilan gagnagrunn í þeim tilgangi.

Lovísa Ásbjörnsdóttir jarðfræðingur hefur unnið að því að opna plöntuvefsjá á vefnum fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands.

Stjórnarandstaðan vill að Halldór efni yfirlýsingar um að breyta eftirlaunalögum:

# Deila enn um eftirlaunamálið

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segist ekki hafa lagt fram frumvarp um breytingar á eftirlaunalögum ráðherra, dómara og fleiri hátt settra embættismanna, vegna þess að ekki sé samstaða um frumvarpið. Í umræðum um frumvarp til laga um kjararáð, sem leysa á kjaradóm af hólmi, neitaði hann að þingmenn Sjálfstæðisflokksins stæðu í vegi fyrir því að frumvarpið yrði lagt fram. Hann sagði að lögunum hefði verið breytt með þverpólitískri samstöðu og hana skorti nú í forsætisnefnd Alþingis til að gera breytingar á ný.

Stjórnarandstæðingar sögðu að nú væri um eitt ár liðið síðan forsætisráðherra lýsti því einhliða yfir að umdeildum lögum um eftirlaun ráðherra og hátt settra embættismanna yrði breytt á þann veg að þeir gætu ekki í senn unnið launuð störf og tekið eftirlaun um leið.

„Forsætisráðherra lýsti því sjálfur yfir að eftirlaunafrumvarpinu yrði breytt og að hann, sem nýr forsætisráðherra yfir Íslandi, ætlaði að ganga í það. Nú er liðið ár síðan. Það er liðið eitt þing og ekkert bólar á málinu.“ sagði Helgi Hjörvar, Samfylkingunni. Hann gagnrýndi að forsætisráðherra skyldi skýla sér á bak við ágreining í forsætisnefnd Alþingis enda ætti forsætisráðherrann að standa við sín eigin orð. **- jh**



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** Ár er síðan forsætisráðherra boðaði breytingar á umdeildum lögum um eftirlaun ráðherra og fleiri hátt settra embættismanna.

Tryggingastofnun:

# Tilvísun skilyrði endurgreiðslu

**SJÚKRATRYGGINGAR** Þeir sem leita til hjartalæknis fá ekki endurgreitt hjá Tryggingastofnun ríkisins nema gegn því að framvísa tilvísun. Þetta kemur fram á heimasíðu TR.

Þar segir enn fremur að samkvæmt reglugerð, sem gefin var út um síðustu mánaðamót, um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar vegna þjónustu hjartalækna, þurfi sjúklingar að framvísa tilvísun frá heilsugæslulæknum eða heimilislæknum ef þeir ætla að fá endurgreitt frá TR. Þeir sem fara til hjartalækna án tilvísunar eiga ekki rétt á endurgreiðslu og þurfa sjálfir að greiða fullt verð. **- jss**



**Á FLUGVELLINUM** Fíkniefni gengu niður úr manninum eftir að lögregla handtók hann í Leifsstöð. Hann var að koma frá Amsterdam. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Handtekinn í Leifsstöð:

# Með fíkniefni innvortis

**LÖGREGLA** Fimm grömm af heróíni og þrjátíu af kókaíni fundust í manninum sem tekinn var í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á sunnudag. Hann hefur verið yfirheyrður af lögreglunni í Reykjavík og sleppt.

Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, staðfestir að efnin hafi fundist innvortis í manninum. Hann hafi verið að koma frá Amsterdam. Hann vildi ekki gefa upp um hvort efnin hafi verið ætluð til sölu eða einkanota. Hreinleiki þeirra hafði ekki verið mældur.

Ásgeir segir fleiri ekki grunaða vegna málsins. **- gag**

## BRETLAND

**Veggpallar hrundu** Veggpallar hrundu þar sem verið er að reisa 15 hæða hótel í bænum Milton Keynes rétt utan við Lundúnir í gær, með þeim afleiðingum að verkamenn lokuðust inni í brakinu. Þrír slösuðust alvarlega. Mikil mildi þótti að ekki færi enn verr, en um 200 verkamenn voru á svæðinu þegar slysið varð.

## FRAKKLAND

**Mótmælin fjara út** Fáir mættu á mótmælafundi í gær sem námsmenn í Frakklandi höfðu boðað til gegn breytingum á vinnulöggjöfinni. Stjórnvöld í Frakklandi hafa fellt niður fyrirhugaðar breytingar, en samtök námsmanna vildu samt halda áfram að mótmæla.



**SEGIST SIGURVEGARI** Romano Prodi tilkynnti um sigur bandalags vinstri flokkanna í ítölsku þingkosningum í gær þótt lokatölur hefðu ekki verið birtar. Silvio Berlusconi viðurkenndi ekki sigur Prodis og kallaði eftir endurtalningu á atkvæðum, þar sem afar mjótt var á mununum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Prodi lýsir yfir sigri

**Romano Prodi, leiðtogi vinstriflokkabandalagsins á Ítalíu, fagnaði sigri í þingkosningum með afar naumum meirihluta í gærmorgun og lofaði að mynda „sterka“ stjórn. Silvio Berlusconi neitaði að játa sig sigraðan.**

**ÍTALÍA, AP** Ítalska innanríkisráðuneytið hafði ekki tilkynnt um sigurvegara í gær þegar Romano Prodi, leiðtogi bandalags vinstri flokkanna á Ítalíu, hóf kampakátur að fagna sigri í þingkosningunum.

Tölurnar bentu til þess að vinstriflokkabandalagið hefði hlotið nauman meirihluta í öldungadeildinni, sem gæfi Prodi meirihluta í báðum deildum þingsins. Enn átti eftir að ljúka talningu á atkvæðum Ítala búsettum erlendis sem kjósa í sex öldungadeildarsæti og tólf í fulltrúadeildinni, en bráðabirgðaniðurstöður bentu til þess að bandalag Prodis hefði hlotið fjögur þeirra sæta í öldungadeildinni og nægði það til að fullvissa hann um sigur.

Prodi lofaði á blaðamannafundi að ríkisstjórn hans yrði afar sterk, og vísaði á bug áhyggjum um hversu naumur sigurinn var. Jafnframt sagði hann ríkisstjórn sína ætla að setja Evrópumál á oddinn, en Prodi er fyrrverandi forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

„Þessar niðurstöður eru afar evrópskar, og eins og ég sagði, þá verður Evrópa miðdepillinn í stefnu ríkisstjórnar minnar,“ sagði Prodi, og hét jafnframt „uppbyggjandi samskiptum við Bandaríkin“.

Á sama tíma hafði Berlusconi ekki gefið upp vonina, neitaði að viðurkenna sigur Prodis og kallaði eftir nákvæmri endurtalningu atkvæða í neðri deildar úrslitunum, þar sem Prodi sigraði með innan við 0,1 prósents mun.

Prodi sagðist engar áhyggjur hafa af endurtalningunni, þó hann viðurkenndi að sigurinn var naumur. En hann sagði landsmenn ekki „klofna í tvennt“ og bætti við að fyrri ríkisstjórnir hefðu verið fallvaltari en nýja stjórnin myndi verða. Ríkisstjórn hans yrði fyrir alla Ítala, „jafnvel þá sem ekki kusu okkur,“ sagði Prodi, sem lofar því að stjórn sín muni sitja öll fimm ár kosningatímabilsins, sem annars heyrir til undantekninga í ítölskum stjórnmálum.

Berlusconi og hans menn funduðu í höfuðstöðvum sínum í Róm í gær, en gáfu frá sér fáar yfirlýsingar.

Talsmenn innanríkisráðuneytisins undirstrikuðu síðdegis í gær að allar tölur eru enn bráðabirgðaniðurstöður, og að hæstiréttur Ítalíu verður að staðfesta tölurnar áður en hægt er að birta lokaniðurstöður. **smk@frettabladid.is**




BÍLL DAGSINS
SUBARU IMPREZA WRX
Nýskr 07.04 - Beinskiptur - Ekinn 16 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

Stækkun Ísafoldarprentsmiðju sem prentar Fréttablaðið á lokastigi:

# Bætt þjónusta við lesendur

**ÚTGÁFA** „Eftir þessar breytingar getum við prentað allt að 160 síðna Fréttablað dag hvern,“ segir Ragnar Ragnarsson, framleiðslustjóri Ísafoldarprentsmiðju.

Verið er að leggja lokahönd á stækkun prentsmiðjunnar, sem meðal annars prentar Fréttablaðið og DV auk margvíslegra tímarita og auglýsinga. Stækkun prentsmiðjunnar mun hafa í för með sér að framleiðslugetan eykst til muna.

Ragnar segir að breytingarnar felist fyrst og fremst í betri aðstöðu í nýju húsnæði og þremur nýjum svokölluðum prentturnum.

„Við ætlum að klára flutning í nýja húsnæðið á næstu vikum. Framleiðslutíminn verður skemmri og því ætti þjónustan við lesendur Fréttablaðsins að batna,“ segir Ragnar.

Næstu daga gætu lesendur orðir varir við að efnishlutar Fréttablaðsins verða á öðrum stöðum en venjulega en blaðsíðutöl í blaðinu eru alltaf rétt. **- aöe**



**NÝIR PRENTTURNAR** Unnið er að uppsetningu þriggja prentturna hjá Ísafold og á verkinu að ljúka næstu vikurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Afskornar
páskaliljur
10 stk
599
Þeir sem kaupa afskornar páskaliljur í Skútuvogi í dag fá páskaegg í kaupbæti.
Aðeins í dag
í Skútuvogi!
Á meðan birgðir endast.
Páskaliljur
Soldis
Silkitré & silkiblóm
ný sending
full búð af
sumarblómum
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind
Sýpris 100 sm og leirpottur 999

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 11.4.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,86 | 74,22 |
| Sterlingspund | 128,7 | 19,32 |
| Evra | 89,44 | 89,94 |
| Dönsk króna | 11,988 | 12,058 |
| Norsk króna | 11,438 | 11,506 |
| Sænsk króna | 9,59 | 9,646 |
| Japanskt jen | 0,6225 | 0,6261 |
| SDR | 16,38 107,02 | |

*Gengisvísitala krónunnar*

125,1086

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar um fylgi flokka í Árborg:

# Sjálfstæðismenn tvöfalda fylgið

**SKOÐANAKÖNNUN** „Það er greinilegur meðbyr og stuðningur við okkur sjálfstæðismenn samkvæmt þessu en þetta er engu að síður könnun en ekki úrslit,“ segir Eyþór Arnalds, efsti maður á lista sjálfstæðismanna í Árborg.

Sjálfstæðisflokkurinn tvöfaldar fylgi sitt í Árborg, að mestu á kostnað Samfylkingarinnar, samkvæmt skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir NFS. Verði þetta niðurstaðan bæta sjálfstæðismenn við sig þremur bæjarfulltrúum og fá hreinan meirihluta í bæjarstjórn.

Fylgi flokksins mældist 50,9 prósent í könnuninni en Sjálfstæðisflokkurinn fékk aðeins 25,1 prósent atkvæða í síðustu bæjarstjórnarkosningum.

Eyþór segir ljóst að íbúar í bænum hafi fengið nóg af núverandi bæjarstjórn. „Ég vil ekki ofmetnast enda ekkert fast í hendi. Þetta sýnir hins vegar að fólk vill breytingar og líst vel á það sem við höfum fram að færa.“

Samfylkingin tapar að sama skapi fylgi. Flokkurinn hlaut 40,8 prósent í kosningunum 2002 en tapar fylgi samkvæmt könnuninni og fengi 21,8 prósent atkvæði væri gengið til kosninga nú. Framsóknarflokkurinn tapar einnig umtalsverðu fylgi en Vinstri hreyfingin - grænt framboð bætir lítillega við sig. - aöe



**EYÞÓR ARNALDS** Segir ljóst að íbúar í Árborg hafi fengið nóg af núverandi stjórn.

**FYLGI FLOKKA Í KÖNNUN SAMANBORIÐ VIÐ ÚRSLIT KOSNINGA 2002**






**SEST AÐ SÁTTABORÐI** Júsjenko forseti, fjærst, í þreifingarviðræðum við Júlíu Tímosjenko og Viktor Janúkovitsj.

Stjórnarmyndun í Úkraínu:

## Appelsínugulir nálgast sátt

**ÚKRAÍNA, AP** Fulltrúar flokkanna þriggja, sem fylgismenn „appelsínugulu byltingarinnar“ í Úkraínu klofnuðu í, hófu á mánudag nýja lotu stjórnarmyndunarviðræðna og hétu því að verða snöggir að semja stjórnarsáttmála og snúa bökum saman á ný, þótt kastast hefði í kekki fyrir kosningar.

Úkraínsku þingkosningarnar fóru fram þann 26. mars og endanleg úrslit kynnt í vikunni. Héraðaflokkur Rússlandshollra fékk flest atkvæði, 32,1 prósent. Flokkur Júlíu Tímosjenko, fyrrverandi forsætisráðherra, kom næstur með 22,3 prósent. Hinir tveir „appelsínugulu“ flokkarnir, „Okkar Úkraína“ Júsjenkos forseta og Sósíalistar, ráða ásamt flokki Tímosjenko yfir knöppum meirihluta á þingi. - aa

Snjóflóðið í Hoffellsdal:

## Nafn hins látna

Maðurinn sem fórst í snjóflóðinu í Hoffellsdal við Fáskrúðsfjörð í fyrrakvöld hét Marinó Björnsson. Hann var fæddur 14. febrúar árið 1982. Marinó var frá bænum Þernunesi í Fáskrúðsfirði. Hann var nemandi á tæknisviði í Háskólanum í Reykjavík.



**MARÍNÓ BJÖRNSSON**

# Unnu af þrótti við erfiðustu aðstæður

**Yfir hundrað björgunarsveitarmenn tóku þátt í björgunaraðgerðum við fjallið Hoffell við Fáskrúðsfjörð í fyrrakvöld. Framlag leitarhunda skipti sköpum. Sóknarpresturinn í Fáskrúðsfirði segir björgunarsveitirnar á heimsmælikvarða.**

**SNJÓFLÓÐ** Yfir hundrað björgunarsveitarmenn frá Austurlandi tóku þátt í björgunaraðgerðum í Hoffellsdal þegar snjóflóð féll á tuttugu og fjögurra ára gamlan mann, Marinó Björnsson, um sexleytið í fyrrakvöld. Maðurinn fannst rúmum tveimur tímum síðar með hjálp leitarhundsins Loka, sem fór ásamt eiganda sínum, Kára Val Hjörvarssyni, upp að slysstaðnum á vélsleða.

Félagi mannsins bjargaðist með naumindum undan snjóflóðinu.

Helgi Kjartansson, formaður félags leitarhundaeigenda Slysavarnardeildar Landsbjargar, segir framlag hunda til björgunarstarfs á snjóflóðasvæðum geta skipt sköpum en þeir hafa bjargað tugum mannslífa hér á landi. „Hundar sem eru þjálfaðir til þess að leita uppi fólk í snjóflóðum eru best til þess fallnir að finna fólkið. Þeir nota lyktarskynið til þess að finna fólkið og með þjálfun læra þeir að merkja fyrir því hvar sé líklegast að finna fólk sem grafist hefur undir. Það skiptir því miklu máli að koma hundum fljótt á vettvang. Björgunarsveitirnar á Austurlandi eru skipaðar úrvals björgunarsveitarfólki sem er þjálfað til þessa að bregðast við erfiðum aðstæðum eins og þeim sem voru í Hoffellsdal.“

Landhelgisgæslan hafði mikinn viðbúnað vegna snjóflóðsins. Samhæfingarmiðstöð Almannavarna var virkjuð fljótt og var fulltrúi Landhelgisgæslunnar meðal þeirra sem stjórnuðu aðgerðum í miðstöðinni.

Áhöfn Sifjar, þyrlu Landhelgisgæslunnar, var kölluð út 45 mínútum eftir að slysið varð en óskað var eftir því að þyrlan myndi flytja björgunarmenn frá Austurlandi á vettvang slyssins.

Áhöfn þyrlunnar mat aðstæður á slysstað þannig að þyrlan myndi ekki nýtast vel þar sem nætursjónaukabúnaður þyrlunnar hafði ekki verið vottaður, og því ónothæfur.

Í stað þyrlu Landhelgisgæslunnar var kallað eftir aðstoð Varnarliðsins sem brást skjótt við og hóf undirbúning að ferð á vettvang þegar í stað. Áður en þyrlan fór í loftið fannst maðurinn.

Þórey Guðmundsdóttir, sóknarprestur á Fáksrúðsfirði, segir það vera forréttindi fyrir fólk á Austurlandi að vera með jafn dugmikið og hæft fólk í björgunarsveitunum í fjórðungnum. „Björgunarsveitir á Austurlandi, og um allt land, eru á heimsmælikvarða og þeirra starf er unnið í sjálfboðavinnu. Framlag björgunarsveitarfólks til samfélagslegs öryggis er ómetanlegt.“

magnush@frettabladid.is



**KÁRI VALUR MEÐ HUNDI SÍNUM** Kári Valur Hjörvarsson sést hér með hundi sínum, Loka, sem fann manninn sem lést rúmum tveimur tímum eftir að snjóflóðið féll. Fjórir leitarhundar voru notaðir við leit að manninum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐUR






**HUNDAR Á LEIÐ Í FLUG** Tveir hundar á vegum leitarhundaeigenda Landsbjargar voru sendir með flugi frá Reykjavík til Egilsstaða skömmu eftir að snjóflóðið féll. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS

Mafíuforingi handtekinn:

## Gripinn eftir 40 ár á flótta

**ÍTALÍA, AP** Einn frægasti mafíuforingi Ítalíu, Bernardo Provenzano, var handtekinn á Sikiley í gærmorgun. Provenzano hefur verið í felum í rúma fjóra áratugi og talið er að hann hafi tekið við stjórn mafíunnar á Sikiley eftir að fyrrverandi foringi hennar, Salvatore „Toto“ Riina var handtekinn árið 1993. Lögreglan handsamaði Provenzano á sveitabæ við bæinn Corleone, 59 kílómetrum suður af Palermo.

Í síðasta mánuði sagði fyrrverandi lögfræðingur Provenzano að hann teldi að fyrrum skjólstæðingur sinn væri löngu látinn. - smk



**BERNARDO PROVENZANO**

Ýfingar á þingi um varnarmál:

## Enn þögn um varnarmálin

**VARNARMÁL** Stjórnarandstæðingar saka stjórnvöld um að leyna utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingum um varnarviðræðurnar við Bandaríkjamenn en komi þeim á framfæri við ritstjóra Morgunblaðsins.

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra sögðu ekkert um efni viðræðnanna í umræðum um málið á Alþingi í gær en vísuðu á bug fullyrðingum um að ágreiningur ríkti milli stjórnarflokkanna um málið. „Hefur utanríkisráðherra fengið forsætisráðherra frá þessum fersku og nýju hugmyndum,“ spurði Mörður Árnason, Samfylkingunni. - jh

**HEILBRIGÐISMÁL**

**Hámarkinu náð** Inflúensan virðist hafa náð hámarki um miðjan mars. Landlæknisembættið segir að flensan í ár hafi aðallega reynst af B-stofni þótt einnig hafi borið á inflúensu af A-stofni (H3N2) í litlum mæli.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**PÁSKAVEÐRIÐ** Sé litið heildrænt yfir veðurhorfur um páskana er ekki annað að sjá en það verði aðgerðalítið veður. Það þýðir að greiðfært ætti að verða fyrir þá sem ætla að leggja land undir fót. Fari sem horfir verður frostlaust að deginum og sólinni verður skipt nokkuð bróðurlega milli landshluta. M.ö.o. fínasta veður, líka fyrir þá sem vilja kúra inni og hvíla sig.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Hæg norðlæg átt. Skýjað í fyrstu en síðan bjartviðri. Hiti 2-4 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C alskýjað | París | 13°C hálfskýjað | Alicante | 21°C hálfskýjað |
| Osló | 4°C alskýjað | Berlín | 8°C hálfskýjað | Mílanó | 11°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 8°C hálfskýjað | Frankfurt | 9 °C alskýjað | New York | 17°C léttskýjað |
| Helsinki | 1°C alskýjað | Madríd | 20°C hálfskýjað | San Francisco | 17°C þrumur |
| London | 12°C léttskýjað | Barcelona | 17°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 26°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Páskalambið í ár

## unnið í samstarfi við landslið matreiðslumeistara




## Páskalambið í ár

unnið í samstarfi við landslið matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífulíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.







**Jói Fel** eðal ísterta
- með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni



**Hamborgarhryggur Hagkaupa**
- hryggur sem þarf ekki að sjóða




**Nautalundir** frá Nýja Sjálandi, frosnar
- frábær matur




**Lambakjöt** af nýslátruðu
- velur beint úr kjötborði




**Kalkúnabringa** úrbeinuð með ostafyllingu og sítrusgrasi



**Kalkúnaskip** smjörsprautað
- spennandi um páskana

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Ferðu í kirkju um páskana?*

| | |
|---|---|
| Já | 21,1 |
| Nei | 78,9 |

VEIKTIST ÞÚ AF FLENSU ÞETTA ÁRIÐ?

Segðu þína skoðun á Vísir.is. vísir

Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari skipuð dómari við Hæstarétt:

# Til starfa um mánaðamót

**HÆSTIRÉTTUR** Hjördís Björk Hákonardóttir, dómari við héraðsdóm Suðurlands, hefur verið skipuð dómari við Hæstarétt frá næstu mánaðamótum. Þetta er gert að tillögu Geirs H. Haarde, setts dómsmálaráðherra.

Í desember náðist sátt milli Hjördísar og Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra vegna úrskurðar kærunefndar jafnréttismála um að Björn hefði brotið jafnréttislög þegar hann skipaði Ólaf Börk Þorvaldsson dómstjóra í embætti hæstaréttardómara árið 2003 en Hjördís taldi ráðherrann hafa gengið ranglega fram hjá sér.

Samkomulagið sem undirritað var í desember gekk meðal annars út á það að Hjördís fengi ársleyfi á launum frá miðjum desember til að sinna fræðistörfum.

„Ég er mjög ánægð með þessa niðurstöðu,“ sagði Hjördís Hákonardóttir þegar Fréttablaðið hafði samband við hana í gær og neitaði að láta hafa nokkuð annað eftir sér. Hjördís hættir í fríinu 1. maí og tekur þá til starfa í Hæstarétti.

Ekki náðist í Björn Bjarnason dómsmálaráðherra í gær. - ghs



**HJÖRDÍS HÁKONARDÓTTIR** Kveðst mjög ánægð með niðurstöðuna. Hún hefur störf í Hæstarétti um næstu mánaðamót.

Nýju aðalskipulagi breytt:

## Mæta óskum Akureyringa

**SKIPULAG** Bæjaryfirvöld á Akureyri hafa ákveðið að gerðar verði breytingar á tillögu að nýju aðalskipulagi fyrir bæinn en með þeim er að verulegu leyti komið til móts við athugasemdir á þriðja þúsund bæjarbúa.

Helstu breytingarnar felast í að lagningu Miðhúsabrautar verður lokið í ár. Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis verður sett á ný á aðalskipulag en framkvæmdir ekki hafnar fyrr en reynsla verður komin á Miðhúsabraut. Íþróttavallarsvæðið við miðbæinn verður nýtt undir útivist, þjónustu og íbúðir og frjálsíþróttaaðstaða byggð upp á íþróttasvæði Þórs. - kk

Starfsfólk á sambýlum:

## Mótmæla mun á launakjörum

**KJARAMÁL** Starfsmenn ríkisins á sambýlum fyrir fatlaða krefjast launahækkana til jafns við starfsmenn sveitarfélaganna sem vinna sömu störf.

Á trúnaðarmannafundi sem var haldinn á dögunum var bent á að illa gangi að fá ófaglærða til starfa á sambýlum og munur á kjörum starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum eykur þann vanda mikið. Viðræður um stofnanasamninga milli starfsmanna og stofnana ríkisins hefur verið frestað. - shá

### HÉRAÐSDÓMUR

**Dæmdur fyrir spark** Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt mann til eins mánaðar skilorðsbundinnar fangelsisvistar fyrir að sparka í andlit félaga síns árið 2004. Ákærði var dæmdur til að greiða tæpar 150.000 krónur í miskabætur auk 124.000 krónur í málsvarnarlaun.



**BANDARÍSKIR HERMENN Í ÍRAK** Hernaðaraðferðir munu breytast mikið á næstunni.

Stríðið gegn hryðjuverkum:

## Fær nýtt nafn

**BANDARÍKIN** Stríð Bandaríkjastjórnar gegn hryðjuverkum hefur hlotið nýtt nafn. Nú skal það heita „langa stríðið“, samkvæmt frétt BBC. Nafnbreytingunni er ætlað að búa fólk undir átök sem herforinginn Mark Kimmitt telur að muni vara í meira en 20 ár.

„Langa stríðinu“ er ætlað að „vinna sigur á al-Kaída um allan heim og skyldum hreyfingum sem tengjast saman í gegnum ofstækisfulla hugmyndafræði,“ segir Kimmitt. - smk

# Óttast einangrun erlendra fjölskyldna

**Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað í tæpan fjórðung á örfáum árum í Fellaskóla. Erlendar fjölskyldur sækjast eftir því að flytja í hverfið. Fulltrúi í velferðarráði hefur áhyggjur af því að fólkið einangrist.**

**SKÓLAMÁL** Tæplega fjórði hver nemandi í Fellaskóla er af erlendum uppruna. Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað úr átta í 20-25 prósent frá árinu 2000 og er hlutfallið í Fellaskóla eitt það hæsta í Reykjavík. Í einum árgangi í sumum bekkjum eru þeir upp undir helming nemendanna.

Þorsteinn Hjartarson, skólastjóri Fellaskóla, segir að nemendurnir séu mun fleiri en gert hafi verið ráð fyrir. Sumir þeirra hafi búið hér í mörg ár og flokkist ekki sem nýbúar. Aðrir hafi búið hér skemur. Skólastjórnendur í Breiðholti hafi fundað með stjórnmálamönnum. Mikill vilji sé til að taka málið á dagskrá.

„Nú þegar hlutfallið er þetta hátt þá verða menn að taka þetta mál á dagskrá og öðlast meiri þekkingu á þessu sviði,“ segir hann og býst við að mál þessu tengd verði tekin inn í símenntunaráætlun skólans á næstunni. Hann segir að skólastjórnendur í Breiðholti þrói saman skólastarf út frá þessum nýja veruleika og það sé skemmtilegt og ögrandi verkefni.

„Við erum að styrkja nýbúakennsluna mikið og íslensku sem annað tungumál. Við höfum stofnað nýbúadeild sem sinnir sérstaklega þeim hópi nemenda sem hefur búið hér stutt og er nýkominn til landsins. Við reynum að koma til móts við þarfir fólks frá mismunandi menningarheimum og byggja upp kennslu og aðstöðu í list- og verkgreinum,“ segir hann.

Þorsteinn bendir á að þróunin sé í takt við fjölgun fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði. „Það sama gerist hér og víða erlendis að fólk vill búa nálægt löndum sínum, það gildir til dæmis um Íslendinga í Kanada.“ Þá telur hann að þróun fasteignamarkaðarins hafi haft áhrif á þróunina í hverfinu.

Stefán Jóhann Stefánsson þjóðhagfræðingur er í Velferðarráði Reykjavíkurborgar. Hann hyggst taka málið upp á fundi í dag. „Við hljótum að staldra við og velta fyrir okkur hvort við þurfum að bregðast við, í það minnsta þurfum við að fara yfir stöðuna,“ segir hann.

„Við viljum ekki að þarna skapist aðstæður sem við heyrum af erlendis frá þar sem hópar af tilteknu þjóðerni þjappast saman og einangrast jafnvel. Þetta þurfum við að skoða. Það er engin ástæða til að líta fram hjá þessu og hafast ekki að.“ ghs@frettabladid.is



**FANNARFELL Í BREIÐHOLTI** Nemendum af erlendum uppruna í Fellaskóla hefur fjölgað ört síðustu tvö árin. Skólastjórinn segir ástæðuna meðal annars vera þróunina á fasteignamarkaði. Fannarfellið er gegnt Fellaskóla og tengist ekki efni fréttarinnar beint. FRÉTTABLAÐIÐ



**ÞORSTEINN HJARTARSON**



**STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON**

Menntamálaráðherra hraðar viðbúnaði vegna fuglaflensu:

# Aðstöðu komið upp nú þegar

**FUGLAFLENSA** „Ljóst er að eftir að viðbúnaðarstig gegn fuglaflensu var hækkað hér á landi er komin upp sú staða að það þarf að bregðast hratt við,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, sem lagði til á ríkisstjórnarfundi í gær að heimilað yrði að koma nú þegar upp við tilraunastöðina á Keldum aðstöðu til krufninga annars vegar og greininga og rannsókna hins vegar. Aðstaðan skuli uppfylla allar öryggiskröfur Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar.

Að sögn ráðherra var samþykkt í febrúar tillaga þess efnis, að komið yrði upp bráðabirgðaaðstöðu á Keldum. Kostnaður við hana hefði numið 22 milljónum króna.

„Þessi lausn sem liggur nú fyrir kostar hins vegar 87 milljónir og ríflega það,“ segir ráðherra. „Hún er varanleg og að mínu mati afar skynsamleg miðað við þær aðstæður sem eru uppi núna.“



**RANNSÓKNARAÐSTAÐA** Ný krufninga- og rannsóknaraðstaða á Keldum á að uppfylla öryggiskröfur Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar.

Menntamálaráðherra segir að strax verði hafist handa við að koma upp ofangreindri aðstöðu. Í upphafi hafi verið gert ráð fyrir lengri framkvæmdatíma við bráðabirgðaaðstöðuna eða allt að ári. Nú standi vonir til að ekki taki nema sjö til átta mánuði að koma upp fullkominni aðstöðu. - jss





# Opið til 21 í kvöld

## Afgreiðslutímar um páskana

| | |
|---|---|
| Skírdagur | 13.00–17.00 |
| Föstudagurinn langi | lokað |
| Laugardagur | 10.00–18.00 |
| Páskadagur og annar í páskum | lokað |

## Litasamkeppni

Daglega fá fyrstu 100 krakkarnir sem lita púkamynd, púkanammi og púkadúkku. 15 flottustu myndirnar eru verðlaunaðar með páskaeggi nr. 5 frá Nóa Síríusi.
Litasamkeppnin stendur yfir til 13. apríl.

**Þú gætir unnið fartölvu!**

Allir sem kaupa fermingargjöf í Kringlunni gætu unnið páskaegg frá Nóa Síríusi eða glæsilega Toshiba fartölvu frá BT!

Þú tekur þátt í leiknum við lukkukassann á 1. hæð.




Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Fíton/SÍA FI016861



## VEISTU SVARIÐ

1 *Allt bendir til að nýr forsætisráðherra taki við völdum á Ítalíu innan skamms. Hvað heitir hann?*

2 *Starfsfólk á hjúkrunar- og dvalarheimilum hyggst grípa til fjölda uppsagna ef stjórnvöld verða ekki við kröfum þeirra. Hve langan frest hafa stjórnvöld til að leysa málið?*

3 *Einvígið um Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik karla stendur nú yfir. Hvaða lið eigast þar við?*

SVÖR Á BLS. 50

Þjóðarhreyfingin hefur sent áskorun til formanna stjórnmálaflokkanna:

# Vill auglýsingar flokka burt

**STJÓRNMÁL** Þjóðarhreyfingin – með lýðræði hefur skorað á stjórnmálaflokkana að taka höndum saman um að auglýsa ekki í ljósvakamiðlum fyrir komandi sveitarstjórnarkosningarnar. Hreyfingin efndi til blaðamannafundar í gær þar sem opið bréf til formanna flokkanna var kynnt.

Fram kemur í bréfinu að pólitískar auglýsingar í ljósvakamiðlum tíðkist hvergi í Evrópu annars staðar en á Íslandi. Í mörgum löndum gildi lög um slíkar auglýsingar og annars staðar hafi stjórnmálaflokkar gert með sér samkomulag um að auglýsa ekki.

Hreyfingin segir að í núverandi umhverfi geti flokkar í krafti fjárstyrks síns kæft aðra sem hafa minna umleikis. Það sé „siðlaust í lýðræðisþjóðfélagi að láta peninga ráða hvaða frambjóðendur ná augum og eyrum kjósenda“.



**FUNDUR ÞJÓÐARHREYFINGARINNAR** Hans Kristján Árnason, Ólafur Hannibalsson og Svanur Kristjánsson.

Svanur Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði, flutti erindi á fundinum og sagði meðal annars enga lagasetningu þurfa til að fyrirbyggja þetta. „Við þurfum ekki að bíða eftir lagasetningu. Það myndi efla lýðræðið langmest ef flokkarnir kæmu sér saman um að auglýsa ekki. Það er vel hægt ef viljinn er til staðar.“

Í bréfinu óskar Þjóðarhreyfingin eftir skriflegu svari við áskoruninni fyrir 27. apríl, sem er réttum mánuði fyrir kosningar. **- sh**

Hryðjuverk í Karachi:

## Tugir létu lífið í sprengjuárás

**PAKISTAN, AP** Öflug sprengja sprakk í miðri bænagjörð múslima í almenningsgarði í Karachi, fjölmennustu borg Pakistans í gær. Minnst 40 manns létu lífið og tugir særðust, að því er yfirvöld greindu frá.

Sprengjunni hafði verið komið fyrir undir sviði þaðan sem bænagjörðinni var stjórnað, en múslimar fögnuðu í gær afmælisdegi Múhameðs spámanns. Mikil reiði braust út meðal fólks. Bílar voru brenndir í götuóeirðum í kjölfarið. Lögregla sagðist ekki hafa neinar vísbendingar um hver staðið hefði á bak við tilræðið. **- aa**

### HÆSTIRÉTTUR

**Sýknudómur** Impregilo hefur verið sýknað í Hæstarétti og þarf ekki að greiða leigu eða fyrir skemmdir á krana sem fyrirtækið tók á leigu. Eigandi kranans, G.P. Kranar, þarf að greiða Impregilo 800 þúsund krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Dómurinn taldi að Impregilo hefði ekki borið ábyrgð á krananum þann dag sem hann skemmdist.

### DANMÖRK

**Fjöldauppsagnir hjá Arla** Danska mjólkurvörufyrirtækið Arla hefur nú sagt upp um þriðjungi starfsliðs síns í ostaog smjörgerð á Jótlandi. Ástæðan er tap markaða í Mið-Austurlöndum vegna Múhameðsteikningafársins. Trúarleiðtogar þar suður frá eru flestir hættir að hvetja fólk til að sniðganga danskar vörur en fyrirtækið væntir þess samt ekki að endurheimta fyrri markaðsstöðu.




**KVENNADEILD** Fæðingarlæknirinn sem dæmdur var fyrir stórkostlegt gáleysi hefur látið af störfum á Landspítala háskólasjúkrahúsi.

# Stórfellt gáleysi fæðingarlæknis

**Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um að fæðingarlæknir á kvennadeild Landspítala hefði sýnt stórkostlegt gáleysi í kjölfar þess að hann gerði legvatnsástungu á barnshafandi konu. Barnið lést. Slys, segir yfirlæknir.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að fæðingarlæknir á Landspítalanum hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eftir að hann gerði legvatnsástungu á barnshafandi konu. Barnið lést rúmum fjórum sólarhringum eftir að það fæddist.

Hins vegar lækkaði Hæstiréttur upphæð miskabóta sem Héraðsdómur hafði dæmt foreldrunum úr ríkissjóði úr sjö milljónum króna í tæpar þrjár milljónir. Einn dómari skilaði sératkvæði því hann taldi að bætur ættu að vera 4,5 milljónir króna. Læknirinn er hættur störfum á LSH.

Málið vakti athygli og var til umræðu í fjölmiðlum eftir að það kom upp. Til að mynda sendu læknar á kvennadeild LSH frá sér yfirlýsingu til birtingar í fjölmiðlum þar sem þeir lýstu yfir fullu trausti til fæðingarlæknisins og hörmuðu þá aðför sem gerð hefði verið að „...hennar mannorði og starfsheiðri í fjölmiðlum undanfarin misseri“. Læknarnir undirstrikuðu langan og farsælan starfsferil fæðingarlæknisins. Þá ritaði yfirlæknir kvennadeildar LSH svargrein í fjölmiðla við grein föður látna barnsins.

Í dómsorði Hæstaréttar kemur fram, að aðgerðir fæðingarlæknisins og annars starfsfólks hafi verið forsvaranlegar allt þar til að hjartsláttarsíritinn hafi farið að sýna merki um alvarlega fósturstreitu og grun um blæðingarlost hjá fóstrinu. Þá hefði átt að grípa til neyðarkeisaraskurðar strax, en barnið fæddist ekki fyrr en einni og hálfri klukkustund síðar.

„Vinnuferli eru stöðugt að breytast hjá okkur eftir því sem þekkingu fleytir fram,“ sagði Reynir Tómas Geirsson, yfirlæknir kvennadeildar LSH, spurður um viðbrögð á deildinni eftir að dómar í máli fæðingarlæknisins féllu í héraði og Hæstarétti. „Í þessu tilviki var um ákveðið slys að ræða, sem getur alltaf orðið. Þarna stakkst nál í æð og það blæddi. Sé legvatnsástunga gerð þá getur það alltaf gerst. Það er ekki í mannlegu valdi að koma algerlega í veg fyrir slys. Þegar svona tilvik koma upp verður að grípa til ákveðinna aðgerða. Breytingarnar sem eru að verða á aðgerðum í svona tilviki, felast í því að færri legvatnsástungur eru gerðar miðað við það sem áður var talið þurfa, en ný sónartækni er komin í staðinn. Þessar aðgerðir eiga að draga úr líkunum á því að svona slys geti orðið.“ **jss@frettabladid.is**

Lögmaður foreldranna sem misstu barnið eftir legvatnsástungu:

## Átelur háttsemi læknanna

**DÓMSMÁL** „Með tilliti til þeirrar stöðu sem var uppi á þeim tíma, þá finnst mér þessi háttsemi læknanna afar sérstök,“ segir Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómslögmaður, sem annaðist mál foreldranna sem misstu barnið sitt eftir stórkostlegt gáleysi fæðingarlæknisins á kvennadeild Landspítalans. Með ummælum sínum kveðst Sigríður Rut vísa til greinaskrifa og yfirlýsingu lækna kvennadeildar í fjölmiðlum þegar ferli málsins var hafið.

„Ég hefði viljað fá svör við því til hvaða ráðstafana hafi verið gripið innan spítalans í kjölfar þessa atviks sem varð eftir legvatnsástunguna til þess að koma í veg fyrir að slíkt myndi endurtaka sig,“ segir Sigríður Rut. „Mér finnst sjúkrahúsið ekki enn hafa svarað því með fullnægjandi hætti. Mér finnst einnig athugavert, þegar mistök af þessu tagi verða inni á spítalanum, að læknar viðkomandi deildar gefi út yfirlýsingu á borð við þá sem þeir birtu í fjölmiðlum. Þá finnst mér athugavert að yfirmaður deildarinnar svari greinaskrifum í blöðum með þeim hætti sem hann gerði.“ **- jss**



**LÖGMAÐURINN** Sigríður Rut Júlíusdóttir hdl. segir háttsemi læknanna á kvennadeild afar sérstaka.




Ertu komin með Merrild á heilann?




*Íslendingar kjósa Merrild!*

ENNEMM / SÍA / NM20415


GLEÐILEGA PÁSKA!
1.flokks páskaliljur
10 stk. 990kr.
TILBOÐ
Blómstrandi páskagreinar 2 stk.
375kr
TILBOÐ
TILBOÐ
Minipáskaliljur í potti
495kr
Páskakarfa
390kr
Páskakerti
35kr
TILBOÐ
weber
-fyrir vandláta!
GARÐHEIMAR
heimur heillandi hluta og hugmynda!
Opnunartími yfir páskana
Skírdagur: 10 - 21
Föstudagurinn langi: lokað
Laugardagur: 10 - 21
Páskadagur: lokað
Annar í páskum: 10 - 21
Stekkjarbakka 6 - Skiptiborð 540 3300 - www.gardheimar.is




Löngu boðuð framkvæmdaáætlun um málefni barna og unglinga ekki tilbúin:

# Segja stjórnvöld áhugalaus

**STJÓRNMÁL** Framkvæmdaáætlun og heildarstefnumótun um málefni barna og unglinga, sem stjórnvöld áætluðu að láta gera árið 2003, liggur ekki enn fyrir, segir Jóhanna Sigurðardóttir, Samfylkingunni, sem kvaddi sér hljóðs um málið utan dagskrár á Alþingi í gær.

Jóhanna sagði að íslensk sendinefnd hefði gefið barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna til kynna árið 2003 að stefnumótun væri að ljúka og hefði Íslendingum verið hrósað sérstaklega á þeim vettvangi. Taldi Jóhanna, sem beindi máli sínu til forsætisráðherra, að Framsóknarflokkurinn meinti ekkert með því að hafa börn og unglinga í fyrirrúmi í stefnuræðum sínum.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði alla þingmenn hafa áhuga á málefnum barna og unglinga og minnti á að atvinnuleysi hefði verið sex til sjö prósent í tíð Jóhönnu í ríkisstjórn. „Auðvitað skiptir ráðstöfunarfé, kaupmáttur og atvinna fjölskyldna hvað mestu um það hvernig börnum og unglingum líður... Við skulum líka leggja áherslu á að fjölskyldurnar sjálfar, foreldrarnir, bera mikla ábyrgð. Þetta er ekki bara hið opinbera. Það má aldrei taka ábyrgðina af foreldrunum sjálfum,“ sagði Halldór. **- jh**


**BÖRN AÐ LEIK** Jóhanna Sigurðardóttir segir til vansæmdar að geta ekki enn rétt barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna skýrslu um málefni barna og unglinga sem lofað var árið 2003.

Fyrirhugað fríblað Dagsbrúnar í Danmörku hefur áhrif á hlutabréfamarkaðinn:

# Verðmæti blaða lækkar

**DANMÖRK** Hlutabréfaverð í danska Sunnudagsblaðinu hefur fallið um þrettán prósent síðustu þrjár vikur. Segir í frétt Børsen í gær að þetta sé vísbending um að danski hlutabréfamarkaðurinn hafi trú á fyrirætlunum Dagbrúnar um útgáfu fríblaðs í landinu.

Haft er eftir framkvæmdastjóra Sunnudagsblaðsins í fréttinni að hann telji að fyrirtæki sitt muni ekki verða fyrir barðinu á fríblaði Dagsbrúnar. Segir hann líklegra að stóru dagblöðin muni tapa á samkeppninni.

Leitt er líkum að því í frétt Børsen að verðmæti útgáfufélags dönsku dagblaðanna Berlingske tidende, BT og Urban hafi lækkað um þrjú hundruð milljónir danskra króna síðan áformin um nýtt fríblað voru kynnt. Enda sé um sextíu prósent af upplagi Berlingske tidende selt í Kaupmannahöfn þar sem fríblaðinu verði dreift inn á hvert heimili.

Útgáfufyrirtæki Berlingske tidende er hluti af Orkla Media sem Dagbrún hefur lýst yfir áhuga á að kaupa. **- ks**


**GUNNAR SMÁRI EGILSSON OG SVEN DAMM** Forstjóri Dagsbrúnar réð fyrir skömmu Sven Damm sem forstjóra 365 Media Scandinavia.

www.icelandexpress.is/frankfurthahn




SÓFINN OG STÚKAN

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006

Iceland Express FÆRIR ÞÉR HM Á SÝN

Við færum þér HM á SÝN og við getum líka fært þig á HM í Þýskalandi. Hvort sem sófinn eða stúkan verður fyrir valinu, verðum við með þér á HM.

FRANKFURT HAHN



Fallegt svæði og þægilegur viðkomustaður



**Frankfurt Hahn flugvöllurinn er ákaflega vel í sveit settur. Hann er í Hunsrück, einni helstu perlu Þýskalands, nokkurn veginn miðja vegu á milli Frankfurt og Lúxemborgar á svæði sem afmarkast af fljótunum frægu Rín, Mósel, Nahe og Saar.**

Svæðið er þekkt fyrir vínrækt, forna kastala, ótrúlega náttúrufegurð og vinalegt viðmót heimamanna. Frankfurt Hahn er mjög þægilegur viðkomustaður á leið annað enda mjög miðsvæðis og naut mikilla vinsælda meðal farþega Iceland Express sumarið 2005.

Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.*

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express

www.icelandexpress.is, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



VELDU FLATSKJÁ
15" 15" 15" 15" 15" 20" 20" 20"
20" 20" 20" 20" 23" 23" 23"
26" 26" 26" 27" 27" 32"
32" 32" 32" 32" 32" 32"
32" 32" 32" 32" 32" 32"
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
37" 37" 40" 42" 42"
42" 42" 42" 42" 42"
42" 42" 50" 50" 50"
JVC GRUNDIG PHILIPS DIBOSS THOMSON Dantax UNITED enox.
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2006
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.



**HEITUR DANS** Þessi suðurkóreski dansari sýndi þennan frumlega dans á hátíð sem fram fer þessa dagana í Bógóta í Kólumbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alcoa Fjarðaál telur að landsframleiðsla aukist um 1,2 prósent með álverinu:

# Tæp þúsund störf skapast

**REYÐARFJÖRÐUR** Landsframleiðsla eykst um allt að 1,2 prósentum vegna þjóðhagslegra áhrifa álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði þegar starfsemi álversins verður komin í fullan gang. Þetta kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um þjóðhagsleg áhrif álverksmiðjunnar á Reyðarfirði.

Í tilkynningu frá Alcoa segir að ástæður aukinnar þjóðarframleiðslu megi meðal annars rekja til þess að laun í álverum séu yfirleitt hærri en meðallaun í landinu auk þess sem umtalsverður virðisauki skapist við sölu á raforku til álversins.

Um 400 manns munu starfa hjá Alcoa Fjarðaáli þegar verksmiðjan tekur til starfa. Heildarfjöldi starfa sem skapast eru talinn verða um 930.

Sem dæmi um áhrif álvers Alcoa Fjarðaáls á íslenskt hagkerfi má nefna að landsframleiðsla var um 1.000 milljarðar króna á síðasta ári. Aukning um 1,2 prósent svarar því til um 12 milljarða króna á ári. Heildarfjárfesting Alcoa Fjarðaáls vegna byggingarinnar á Reyðarfirði nemur um 80 milljörðum króna og kemur stærstur hluti byggingarinnar til framkvæmda á þessu ári. - ghs



**Á REYÐARFIRÐI** Alcoa Fjarðaál hefur eftir Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að landsframleiðsla aukist um 1,2 prósent þegar byggingu álversins á Reyðarfirði lýkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skóli í Afganistan:

## Sjö börn falla fyrir flugskeyti

**AFGANISTAN, AP** Flugskeyti kom niður í skólagarði í bænum Asadabad í Afganistan, skammt frá pakistönsku landamærunum í gær.

Sjö börn létu lífið og 34 manns særðust. Annað flugskeyti kom niður á engi skammt frá en olli engu manntjóni.

Ekki er vitað hvort flugskeytinu var beint að skólanum eða að herstöð sem er skammt frá.

Lögreglustjórinn í bænum, Mohammed Hasan, kennir herskáum talibönum um árásina, en þeir eru andvígir því að ríkið reki grunnskóla í landinu. -gb

Sérverslun með sjávarfang



LANGUR HUMARDAGUR

Humarragu, hvítlauks humar, ferskur og frosinn humar, humarsúpa, humarsoð, humarsalat og aðrir Fylgifiskar

12% afsláttur af frosnum humri

FYLGIFISKAR

Suðurlandsbraut 10 • Skólavörðustígur 8

Gleðilega páska

Lokað alla páskana - opnum aftur þriðjudaginn 18. apríl

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ





**11. MARS ÁRIÐ 2004** Hryðjuverkin í Madríd eru þau verstu sem framin hafa verið á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ákærðir fyrir hryðjuverkin

**Fyrstu ákærurnar gegn hryðjuverkunum í Madríd voru lagðar fram í gær. Alls eru 29 manns ákærðir fyrir 191 morð og meira en 1.700 morðtilraunir.**

**SPÁNN, AP** Tuttugu og níu manns voru í gær ákærðir á Spáni fyrir hryðjuverkin 11. mars árið 2004. Þetta eru fyrstu ákærurnar vegna sprengjuárásanna, sem urðu 191 manns að bana og særðu meira en 1700 manns.

Sex hinna 29 sakborninga eru ákærðir fyrir 191 morð og 1755 morðtilraunir. Fimm af þessum sex eru einnig ákærðir fyrir að vera félagar í hryðjuverkasamtökum og ennfremur eru þeir ákærðir fyrir fjögur hryðjuverk hver, og er þar átt við sprengingar í fjórum járnbrautarlestum í Madríd.

Þá eru níu menn ákærðir fyrir að hafa átt í samstarfi við hryðjuverkasamtök.

Hinir ákærðu eiga yfir höfði sér fangelsisdóma fyrir morðin. Farið verður fram á að dómarnir hljóði upp á þúsundir ára, svo sem venja er um alvarlega glæpi á Spáni, en hámarksdvöl í fangelsi þar er 40 ár.

Ekki er þó búist við því að réttarhöldin hefjist fyrr en á næsta ári. Þangað til verður unnið að því að afla frekari gagna og væntanlega verða fleiri ákærur lagðar fram.

Sprengjuárásirnar í Madríd eru verstu hryðjuverk sem framin hafa verið á Spáni. Stuttu eftir árásirnar lýstu herskáir múslimar yfir ábyrgð fyrir hönd samtakanna al-Kaída. Þeir sögðu árásirnar gerðar í hefndarskyni fyrir veru spænskra hermanna í Írak.

Jose Maria Aznar, þáverandi forsætisráðherra Spánar, sendi spænskar hersveitir til Íraks árið 2003 þrátt fyrir mikla andstöðu almennings á Spáni gegn stríðinu í Írak.

Tveir vestrænir leyniþjónustumenn, annar þeirra spænskur, sögðu AP-fréttastofunni í síðasta mánuði að ekkert benti til þess að þessi hópur hryðjuverkamanna hafi haft nein tengsl við al-Kaída, hin lausbeisluðu hryðjuverkasamtök Osama bin Laden. Aznar forsætisráðherra kenndi í fyrstu aðskilnaðarsinnuðum Böskum um árásirnar.

Þremur dögum eftir hryðjuverkin í Madríd voru haldnar þingkosningar á Spáni og þá sigruðu Sósíalistar, andstæðingar hægri stjórnar Aznars. Sósíalistar höfðu harðlega gagnrýnt stríðið í Írak og efndu fljótlega kosningaloforð sitt um að kalla spænska herliðið heim frá Írak.

gudsteinn@frettabladid.is

Kvenréttindamál í Danmörku:

## Notkun höfuðklúta mótmælt

**DANMÖRK** Kvenréttindasamtök í Danmörku afhentu danska ríkisútvarpinu á mánudag undirskriftir fimm hundruð kvenna sem mótmæla því að múslimskur sjónvarpsþáttastjórnandi beri höfuðklút í útsendingum.

Haft er eftir talsmanni samtakanna í frétt á vefsíðu Politiken að ótækt sé að þáttastjórnandi í almenningssjónvarpi beri trúarleg tákn. Sérstaklega höfuðklút sem sé tákn um kúgun kvenna.

Dagskrárstjóri útvarpsins segir að undirskriftirnar breyti engu um stöðu stúlkunnar eða þáttarins sem hún stjórnar. **- kk**

Ehud Olmert hyggst hraða brottflutningi af Vesturbakkanum:

# Treystir á stuðning frá Bush forseta

**ÍSRAEL, AP** Ehud Olmert hyggst ljúka áformum sínum um brotthvarf Ísraelsmanna frá flestum landtökubyggðum á Vesturbakkanum áður en næstu forsetakosningar verða haldnar í Bandaríkjunum, nánar tiltekið í nóvember árið 2008.

Olmert, sem er leiðtogi stjórnmálaflokksins Kadima, hefur gegnt embætti forsætisráðherra í Ísrael frá því Ariel Sharon fékk heilablóðfall í ársbyrjun.

Í gær staðfesti ísraelsk stjórnvöld að Sharon yrði til frambúðar ófær um að gegna embætti sínu.

Kadima hlaut 29 þingsæti í kosningunum í síðasta mánuði. Olmert reynir nú að mynda breiða samsteypustjórn með tilstyrk Verkamannaflokksins, flokks ellilífeyrisþega og flokkum heittrúaðra gyðinga.

Olmert hafði áður sagst ætla að ljúka brottflutningnum í síðasta lagi árið 2010, þegar kjörtímabil hans sjálfs rennur út, en Yoram Turbowicz, náinn samstarfsmaður Olmerts, segir nauðsynlegt að klára þetta verk á meðan George W. Bush er forseti Bandaríkjanna.

„Við höfum mjög knappa tímaáætlun af því að við viljum stuðning frá bandarískum stjórnvöldum og Bush forseta. Þetta verður að gerast fyrir nóvember 2008,“ segir Turbowicz í viðtali við ísraelska dagblaðið Yediot Ahronot.

Eyal Arad, annar háttsettur ráðgjafi Olmerts, neitaði því að í þessu fælist ný tímaáætlun. **- gb**



**UMKRINGDUR ÖRYGGISVÖRÐUM** Ehud Olmert hreyfir sig ekki mikið án þess að hafa öryggisverði í fylgd með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**EFTIRLIT** Sérstakt eftirlit verður með hraðakstri á stofnbrautum borgarinnar næstu dægrin.

Hraðakstur í Reykjavík:

## Margir yfir hundraðinu

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla mældi allmarga ökumenn á 115 til 128 kílómetra hraða á stofnbrautum höfuðborgarinnar um helgina en sérstakt átak fer nú fram hjá lögreglu til að stemma stigu við hraðakstri þar.

Voru alls 62 ökumenn stöðvaðir vegna þessa um liðna helgi en umræddur hraði er langt yfir leyfilegum mörkum og hljóta umræddir ökuþórar dágóða sekt fyrir hraðaksturinn. Mun lögregla áfram vakta stofnbrautir sérstaklega og mun auka eftirlit fram að páskum. **- aöe**





**MÓTORHJÓLAVESTI** Lögreglumaður sýnir vesti skreytt með mynd mótorhjólasamtakanna Bandidos. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjöldamorð í Kanada:

## Fjórir karlar og kona handtekin

**KANADA, AP** Kanadíska lögreglan handtók fjóra menn og eina konu á mánudag í tengslum við lík átta manna sem fundust í fjórum bílum í afskekktri sveit í Ontario á laugardag. Mennirnir höfðu verið skotnir til bana.

Að sögn lögreglu voru þeir allir meðlimir í mótorhjólagenginu Bandidos, og virðast þeir hafa verið myrtir í „hreinsunaraðgerð“ innan gengisins. Einn hinna handteknu er meðlimur í mótorhjólagenginu. Fólkið var handtekið á bóndabæ nálægt staðnum þar sem líkin fundust.

Þetta er mesta fjöldamorð í Kanada í áratug. **- smk**

**VESTMANNAEYJAR**

**Bílar skemmdust** Þrír bílar skemmdust í Herjólfi þegar kurlaður viður helltist úr gámi á leiðinni til Vestmannaeyja á mánudag. Varð óhappið til þess að ferðum Herjólfs seinkaði um klukkustund.





30% Afsláttur
SS helgasteikur
rauðvínsl. / Grand Orange
1.168 kr./kg.
25% Afsláttur
Krónu grillkjöt
Kryddl. svínakótilettur
Kryddl. úrb. svínahnakki
25% Afsláttur
Gourmet rauðvínslegið
lambalæri
1.406 kr./kg.
2 FYRIR 1
MS SKAFÍS 1 L
3 TEG.
Búkonu
reyktur/grafin lax
998
kr./kg.
Móa kjúklingur
4 teg
599
kr./kg.
GOTT Á GRILLIÐ
Rjómaostur
3 tegundir
99
kr./stk.
Egils appelsín 2 L
158
kr./stk.
Egils malt 0,5 L
79
kr./stk.
DVD BARNAMYND FYLGIR
Coke 4 x 2 L
DVD diskur fylgir
Kostar minna
PÁSKAEGG Á FRÁBÆRU VERÐI
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
Skeifan: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
Bíldshöfði: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Hringbraut: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Breiðholt: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Norðurbrún: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Hvaleyrarbraut: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Mosfellsbær: Allir dagar 12-23
Selfoss: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Vestmannaeyjar: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Þorlákshöfn: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað

KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI

# Krónan með lægsta verðið

**Samkvæmt verðkönnun Mbl. í Bónus og Krónunni mánudaginn 10. apríl 2006.**

## Krónan með lægra verð í 29 tilfellum af 36



Verðkönnun Morgunblaðsins
í lágvöruverðsverslunum
mánudaginn 10. apríl 2006

Bónus | Krónan

SAMTALS

Virk Sam-keppni



ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

DV Helgarblað

LINDA OG KRÍSTÍN ERU NÝBAKAÐAR MÆÐUR



Móðurhlutverkið hefur forgang




Hefur þú séð DV í dag?

# KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.744 **+0,12%** **Fjöldi viðskipta:** 441 **Velta:** 5.919 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic** | +2,22% | **Tryggingamiðstöðin** | -16,67% |
| **Landsbankinn** | +2,13% | **FL Group** | -1,85% |
| **Alfesca** | +1,24% | **Straumur-Burðarás** | -1,16% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 59,30 -0,17% ... Alfesca 4,09 +1,24%... Atorka 5,70 -0,87% ... Bakkavör 51,00 +0,59% ... Dagsbrún 6,65 +0,30% ... FL Group 21,20 -1,85% ... Flaga 3,23 +0,62% ... Glitnir 17,30 -1,14% ... KB banki 786,00 +0,51% ... Kögun 74,70 +0,00% ... Landsbankinn 24,00 +2,13% ... Marel 74,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 18,40 +2,22% ... Straumur-Burðarás 17,00 -1,16% ... Össur 112,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Alcoa tvöfaldar hagnað sinn

Gengi hlutabréfa í bandaríska álframleiðandanum Alcoa Inc. hækkaði um 6,4 prósent í fyrstu viðskiptum í kauphöllinni í New York í Bandaríkjunum í gær. Skömmu áður greindi fyrirtækið frá því að hagnaður fyrirtækisins hefði rúmlega tvöfaldast á fyrsta ársfjórðungi miðað við sama tíma í fyrra vegna hás álverðs og mikillar eftirspurnar eftir áli.

Hækkunin nam 2,10 dölum og stendur gengi bréfa í Alcoa nú í 34,93 dölum á hlut.

Að sögn fjármálasérfræðinga eru litlar líkur á að álverð muni lækka á næstunni.

**- jab**

# Konur innan við tíu prósent af stjórnarmönnum félaga

**Litlar breytingar á hlutföllum kynjanna í stjórnum félaga í Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands. Af 85 stjórnarsætum falla sex í hlut kvenna. Hlutfall kvenna eykst lítillega vegna fækkunar stjórnarsæta en ekki fjölgunar kvenna.**

Litlar sem engar breytingar urðu á kynjahlutföllum í stjórnum stærstu félaga Kauphallar Íslands eftir að aðalfundahrinu félaganna lauk. Fimm konur voru kosnar til að gegna sex stjórnarembættum af 85 sem er sami fjöldi og á síðasta ári. Konurnar eru: Þórdís J. Sigurðardóttir (Dagsbrún og Mosaic Fashions), sem er stjórnarformaður Dagsbrúnar, Brynja Halldórsdóttir (KB banki), Guðbjörg Matthíasdóttir (Landsbankinn), Margrét Jónsdóttir (Marel) og Nadine Deswasiere (Alfesca). Guðbjörg situr jafnframt í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar sem er á aðallista Kauphallar.

Kristín Jóhannesdóttir og Þórunn Guðmundsdóttir áttu sæti í stjórn Burðaráss sem var skipt upp milli Landsbankans og Straums í fyrrahaust. Steinunn Jónsdóttir var kjörin í stjórn Íslandsbanka á aðalfundi 2005 en sagði sig úr stjórninni þegar félag í hennar eigu seldi bréf í bankanum.

Inga Jóna Þórðardóttir sagði sig úr stjórn FL Group í fyrrasumar ásamt nokkrum öðrum stjórnarmönnum.

Hlutfall kvenna fer örlítið hækkandi sem stafar af því að stjórnarsætum fækkar um tvö vegna breytinga á samsetningu félaga í vísitölunni. Nemur nú hlutfall kvenna í stjórnum sjö prósentum en var 6,9 prósent á síðasta ári, 2,3 prósent árið 2004 og 5,3 prósent árið 2003.

Í gær var hrint úr vör verkefninu Jafnréttiskennitala fyrirtækjanna sem Viðskiptaháskólinn á Bifröst stendur að ásamt viðskiptaráðuneytinu, SA, Félagi kvenna í atvinnurekstri, Jafnréttisráði og Jafnréttisstofu. Eitt af markmiðum verkefnisins er að birta árlega grunnupplýsingar um fjölda kvenkyns stjórnarmanna og stjórnarformanna í eitt hundrað stærstu fyrirtækjunum.

**- eþa**



**ÞÓRDÍS J. SIGURÐARDÓTTIR** Þórdís er eina konan sem situr í stjórnum tveggja félaga í Úrvalsvísitölu Kauphallar.

**KONUR Í STJÓRNUM ÚRVALSVÍSITÖLUFÉLAGA**

| 2006 | | 2005 | |
|---|---|---|---|
| Brynja Halldórsdóttir | KB banki | Brynja Halldórsdóttir | KB banki |
| Guðbjörg Matthíasdóttir | Landsbankinn | Guðbjörg Matthíasdóttir | Landsbankinn |
| Margrét Jónsdóttir | Marel | Inga Jóna Þórðardóttir | FL Group |
| Nadine Deswasiere | Alfesca | Kristín Jóhannesdóttir | Burðarás |
| Þórdís J. Sigurðardóttir | Dagsbrún, Mosaic Fashions | Steinunn Jónsdóttir | Íslandsbanki |
| | | Þórunn Guðmundsdóttir | Burðarás |

STÓR HUMAR
GLÆNÝ LÚÐA

SKÖTUSELUR-LAXAFLÖK-TUNFISKUR
HÖRPUSKEL-RÆKJUR-FISKISUPA
SIGINN FISKUR OG SALTADAR KINNAR

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# allt í Páskamatinn

## frábær tilboð




30% afsláttur við kassa
Gourmet lambalæri villikryddað

Kalkúnn frá Reykjabúinu



589 kr/kg
Kalkúnn 1. flokks




30% afsláttur við kassa
Goða grísalundir




30% afsláttur við kassa
Gourmet nautalundir

ný ber með flugi






30% afsláttur við kassa
BBQ Grísarif

ódýrt




25% afsláttur við kassa
SS Londonlamb

6 á verði 4




á frábæru verði

Humarveisla



499 kr/pk
Páskahumar 500g.




30% afsláttur við kassa
Bautabúrs hamborgarahryggur


Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta


## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 12. apríl til 16. apríl eða á meðan birgðir endast.

### Opnun yfir Páskana

13. apríl (Skýrdagur): 10.00 - 18.00
14. apríl (Föstudagurinn langi) LOKAÐ
16. apríl (Páskadagur) LOKAÐ
17. apríl (Annar í páskum) 12.00 - 18.00

netto

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

„ORÐRÉTT“

*Beðið eftir snjóflóði?*

**„Fólk er hvekkt. Það þarf að fara að gera eitthvað. Taka ákvarðanir og framkvæma þær. Búið er að bíða allt of lengi.“**

VALDÍS HRÓLFSDÓTTIR, ÍBÚI Á RÝMINGARSVÆÐI Í BOLUNGARVÍK Í FRÉTTABLAÐINU Í GÆR.

*Of þægar*

**„Við erum búnar að vera allt of þægar.[...] Þetta er ekkert flókið, það lifir enginn af þessum launum. Við vinnum ábyrgðarstörf og ég skammast mín næstum fyrir að beygja mig eftir þessum krónum.“**

ÓNEFND STARFSSTÚLKA Á HJÚKRUNARHEIMILI Í MORGUNBLAÐINU Í GÆR.

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐNÝ HRUND KARLSDÓTTIR, SVEITARSTJÓRI Á RAUFARHÖFN

# *Fagrabyggð, Álvík eða Gósenland*

„Krakkarnir eru komnir í páskafrí og þar með stór hluti staðarins,“ segir Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri á Raufarhöfn. „Krakkarnir héldu árshátíð í síðustu viku og hún lukkaðist mjög vel. Þemað var „Það sem áður var...“ og allt miðaðist við fortíðina. Níundi og tíundi bekkur voru með tískusýningu af fötum frá því á áttunda og níunda áratugnum og svo sýndu þau myndband um stríðsárin þar sem var fjallað um ástandið. Sjöundi og áttundi bekkur voru með atriði sem spannaði mannkynssöguna og fjórði til sjötti bekkur voru með Titanic sem þema. Fyrstu þrír bekkirnir sýndu svo Búkollu. Svo var boðið upp á kaffi, lummur og flatbrauð með hangikjöti,“ segir hún.

Sveitarstjórnarmennirnir á Raufarhöfn eru á fullu að vinna að sameiningarmálum. „Við erum að sameinast Húsavík ásamt Öxarfirði og Kelduneshreppi þannig að þetta verður stór sameining sem tekur gildi 27. maí þegar það verður kosið í fyrsta skipti í sameinuðu sveitarfélagi. Það er óvenjulangt á milli byggðakjarna hjá okkur en ég hef trú á því að þetta verði okkur til góðs og sé hið eina rétta þó að tíminn verði auðvitað að leiða það í ljós,“ segir Guðný Hrund og segir að 124 tillögur hafi komið fram um ný nöfn. Af þeim hafa 15 nöfn verið send til Örnafnanefndar og verður svo kosið um fimm nöfn í vor en ekki hefur verið ákveðið hver þau verða. Sem dæmi um tillögur má nefna Öxarþing, Húsavíkurbær, Álvík, Gósenland, Sveitarfélag Garðars Svavarssonar og Fagrabyggð en allar tillögurnar eru birtar á fréttavef Raufarhafnar, www.raufarhofn.is.

Hin pólitíska umræða er þegar komin í gang fyrir sveitarstjórnarkosningarnar fyrir norðan en Framsóknarflokkurinn er þó eini flokkurinn sem er búinn að kynna framboðslista.



## SJÓNARHÓLL

STÓRIÐJUSTEFNA



**FLOSI ÓLAFSSON**
leikari og hestamaður

## *Skynsemin að leiðarljósi*

Flosi Ólafsson, leikari og hestamaður, hefur ekki áhyggjur af því að stóriðjuframkvæmdir hér á landi muni draga úr slagkraftinum í ferðaþjónustu hér á landi. „Ég er mikill náttúruunnandi og þekki hálendi Íslands eins og lófann á mér. Ég hef farið ríðandi á hesti mínum um allar trissur og þess vegna þykir mér óskaplega vænt um íslenska náttúru. Ég get þó ekki neitað því að mér leiðist ofsafengin viðbrögð fólks við því að auðlindir landsins séu nýttar. Mér finnst að viðbrögðin mættu vera hófstilltari.“

Flosi segist geta sætt sig við að auðlindir landsins séu nýttar en telur þó að náttúrunni eigi að vera sýnd virðing. „Eftir að ég varð gamall og farlama þá er ég frekar hlynntur öllu brölti. Það fer vel í mig að drífa í einhverju. En að sama skapi er það afskaplega mikils virði að náttúrunni sé sýnd virðing.“



**SÆUNN HRÖNN MEÐ LÖMBIN** Sjö ær í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum munu bera á næstu vikum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Fjölgun í Húsdýragarðinum

**Heldur betur fjölgar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum um þessar mundir en fyrstu lömbin fæddust á mánudaginn. Barnaguðsþjónusta verður í garðinum á páskadag.**

Ærin Botna, sem hefur aðsetur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal, varð fyrst áa þar á bæ til að bera þetta árið. Vorið hefur því svo sannarlega hafið innreið sína þrátt fyrir atferli veðurguðanna undanfarið.

Botna bar síðdegis mánudaginn 10. apríl tveimur lömbum, hrúti og gimbur. Um konunglegan burð var að ræða því fyrstu lömbin eru jafnan kölluð lambadrottning og lambakóngur.

Heilmargir fylgdust með þegar lambakóngurinn kom í heiminn að sögn Sæunnar Hrannar Jóhannesdóttur, fræðslufulltrúa í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum en gestum býðst að fylgjast með þeim fjölgunum sem eiga sér stað á opnunartíma.

Auk lambadrottningarinnar og lambakóngsins eru einnig þrír kiðlingar í fjárhúsinu komu í heiminn síðastliðinn laugardag, afkvæmi huðnanna Sólbjartar og Hrundar.

Meðgöngutími áa er að meðaltali 143 dagar eða tæpir fimm mánuðir. Algengast er að ærnar beri tveimur lömbum og er þá sagt að þær séu tvílembdar líkt og raunin var með Botnu. Líkt og með okkur mennina er meðgöngutíminn mismunandi og því ekki hægt að segja með vissu hvenær ærnar beri en á heimasíðu Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, www.mu.is, má sjá áætlaða burðardaga hjá kindunum. Sæunn segir að þessir vorboðar sem koma í heiminn á þessum árstíma stuðli að auknum gestafjölda.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn verður opinn alla páskana frá klukkan 10 til 17 sem og aðra daga ársins. Dýrin munu verða þar í aðalhlutverki, hestar verða teymdir undir börnum alla dagana frá klukkan 14.30 til 15 og lestin, hringekjan og Ærslabelgurinn opin frá 11 til 17 ef veður leyfir.

Á páskadag sjá séra Jón Helgi Þórarinsson og séra Bjarni Karlsson um barnaguðsþjónustu sem fer fram klukkan ellefu í tjaldinu við veitingahús garðsins ásamt táknmálstúlki.

„Hér verður opið alla páskana og heilmikið páskafjör,“ segir Sæunn sem býður alla velkomna.

**sdg@frettabladid.is**



**SÓLBJÖRT MEÐ NÝFÆDDA KIÐLINGA** Hér eru fyrstu tveir vorboðarnir sem komu í heiminn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

SKÓLAKÆFA
BRAGÐGÓÐ Á BRAUÐIÐ





# ÆTLAR ÞÚ Í HÁSKÓLA NÆSTA HAUST?

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

www.unak.is

**Notaðu páskana til að kynna þér nám til fyrstu háskólagráðu við Háskólann á Akureyri. Námsskrá fyrir þá sem innritast haustið 2006, kynningarbæklingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á www.unak.is.**

## Veldu staðnám eða fjarnám

- staðnám
- bæði staðnám og fjarnám

**Félagsvísinda- og lagadeild**
- Fjölmiðlafræði
- Sálfræði
- Samfélags- og hagþróunarfræði
- Nútímafræði
- Lögfræði

**Viðskipta- og raunvísindadeild**
- Viðskiptafræði
- Líftækni
- Sjávarútvegsfræði- og fiskeldi
- Tölvunarfræði
- Umhverfis- og orkufræði

**Heilbrigðisdeild**
- Hjúkrunarfræði
- Iðjuþjálfun

**Kennaradeild**
- Grunnskólakennarafræði
- Leikskólakennarafræði

Í öllum deildum er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér fræðileg vinnubrögð, færni við heimildaöflun, sjálfstæði í vinnubrögðum og skapandi og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna bæði einstaklings- og hópverkefni og kynna niðurstöður fyrir samnemendum, kennurum og öðrum áheyrendum.

**Umsóknafrestur um nám er til 5. júní.** Umsóknarfrestur um stúdentagarða er til 20. júní. Upplýsingar og umsóknareyðublöð fást í síma 460 8000 eða á heimasíðunni, **www.unak.is.** Þar er jafnframt hægt að skrá sig á póstlista til að fá kynningarefni sent heim.

### Brautskráðir nemendur eru ánægðir

Samkvæmt könnun sem framkvæmd var sumarið 2005 eru brautskráðir nemendur ánægðir með þann grunn sem Háskólinn á Akureyri veitir fyrir þátttöku í atvinnulífinu og áframhaldandi nám.




**Áhersla lögð á fræðilegan hluta náms**
01 (fræðileg þekking á kenningum og hugtökum 4;
02 rannsóknarskýrslur, ritgerðir og önnur verkefni 4;
03 sjálfsnám og sjálfstæðar skoðanir 4)




**Hve langan tíma tók að fá fyrsta starfið eftir brautskráningu?**
(0-2 mánuði = 85%; fleiri en 2 mánuði 15%)




**Hve ánægður ertu með stöðu þína á vinnumarkaði?**
(Ánægður = 88%; Hvorki né = 8%; Óánægður = 4%)





## Háskólinn á Akureyri
...er spennandi valkostur

## Svona erum við

> Hlutur kvenna í sveitarstjórnum eftir stærð sveitarfélaga




heimild: Þingskjal 570 - 407. mál

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** SNJÓFLÓÐUM SKIPT Í TVO FLOKKA

# *Menn og veðurfar valda snjóflóðum*

**Snjóflóðum er gjarnan skipt í tvo flokka: Lausasnjóflóð og flekaflóð.**
Flekaflóð eru alla jafna mun hættulegri en lausasnjóflóð. Langflest þeirra flóða sem hafa valdið slysum og tjóni hér á Íslandi hafa verið flekaflóð. Snjóþekjan samanstendur venjulega af mismunandi lögum, þar sem hún fellur oftast ekki öll á sama tíma. Kallast lögin snjóflekar sem verða svo að flekaflóði brotni stykki úr snjóþekjunni og slitnar frá undirlaginu.
Flekaflóð eiga sér venjulega upptök í 25 til 55 gráðu halla. Ef halli er minni en 25 gráður er skerspennan og skeraflögunin ekki næg til að flekinn bresti.

**Lausasnjóflóð**
Lausasnjóflóð geta verið bæði vot og þurr. Þau eru oftast lítil, en vot lausasnjóflóð geta þó stundum orðið töluvert stór. Þegar lausasnjóflóð breiðir úr sér mynda það nokkurs konar blævæng þegar snjórinn fellur niður hlíðina. Grundvallarforsendur eru þær að halli lands sé yfir þeim mörkum sem eru nauðsynleg til að snjórinn komist á hreyfingu. Lausasnjóflóð fara oftast af stað vegna þess að lítil samloðun verður í snjónum á ákveðnu svæði vegna myndbreytingar snjókristalla. Oft veldur sólin eða rigningar því. Í blautum snjó eru kristallarnir umflotnir vatni og samloðun því lítil.

**Orsök snjóflóða**
Náttúruleg orsök snjóflóða getur verið hröð þyngdaraukning, til dæmis vegna mikillar úrkomu eða skafrennings. Snjórinn nær ekki að jafna sig og brestur þar sem aflögun í honum er svo hröð. Önnur algeng náttúruleg orsök er skyndileg aukning á vatnsinnihaldi snjólaga vegna bráðnunar í hlýindum eða mikilli rigningu.



Mannfólkið getur einnig komið snjóflóðum af stað. Flest snjóflóðaóhöpp í óbyggðum verða vegna þess að göngu-, skíða- eða vélsleðamenn koma af stað flekaflóði. Þegar þungi manns eða vélsleða nær að aflaga snjófleka getur hann hrunið saman á stóru svæði. Hljóð frá til dæmis þyrlum, flugvélum eða vélsleðum getur ekki komið af stað snjóflóði, öfugt við það sem oft er haldið fram. **Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands.**

## SPURT & SVARAÐ

HÆTTAN Á SNJÓFLÓÐUM

## *Flekaflóð valda mestu tjóni*

Tvö snjóflóð hið minnsta hafa orðið hér á landi síðustu dægrin en slík flóð geta orðið nánast hvar sem er í fjalllendi. Leifur Örn Svavarsson er snjóflóðasérfræðingur á Veðurstofunni.



**LEIFUR ÖRN** snjóflóðasérfræðingur

**Hvað eru snjóflóð?** Snjóflóð eru tvenns konar. Annars vegar lausasnjóflóð og hins vegar flekaflóð. Lausasnjóflóð renna af stað frá einum punkti og eru oftast nær lítil og valda litlu sem engu tjóni hérlendis. Flekaflóðin eru mun hættulegri enda mun stærri en þá fara af stað stórar spildur af snjó og nær öll þau flóð sem ollið hafa einhverju tjóni hafa verið af slíkum toga.

**Hvað veldur þeim?** Flekaflóð verða þannig að undirlag er oft á tíðum harðfenni frá síðustu hláku. Ofan á því er svo veikt snjólag sem bindur snjóinn illa og þar ofan á er svo fleki af hörðum snjó og myndast flekinn oftast nær vegna foksnjóa eða skafrennings. Það sem veldur snjóflóðum er of hröð uppbygging á snjó þannig að veika lagið þolir ekki álagið og brestur. Það skiptir máli hvort snjóalag ofan á veika laginu byggist upp á löngum tíma eða stuttum.

**Hvað ber að varast?** Umrædd flekaflóð eiga sér aðeins stað í bratta sem er 30 gráður eða meira og ferðalangar eiga þannig að geta gert sér ljóst hvort þeir eru á hættusvæði eða ekki. Það er svipaður bratti og finnst í venjulegum skíðabrekkum og haldi menn sig utan við þau svæði er öllu óhætt. Svo er auðvitað hægt að merkja hvort flóð hafa fallið áður á þeim stöðum sem farið er um.




# Fara á vinnustaði og kanna kjörin

**Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því átaksverkefnin Einn réttur – ekkert svindl var ýtt úr vör hjá Alþýðusambandinu 2. maí í fyrra. Fyrir ári var lítið sem ekkert vitað um þróunina á vinnumarkaðnum, í dag hefur ýmsu verið áorkað en samt er mikið eftir.**

Þeir heita Sigurður Magnússon og Guðmundur Hilmarsson og hafa starfað við átaksverkefnið í eitt ár. Fræðsluefni hefur verið gefið út á mörgum tungumálum og þeir hafa heimsótt vinnustaði, dreift bæklingum og rætt við erlenda starfsmenn og vinnuveitendur þeirra.

Guðmundur og Sigurður hafa einmitt heimsótt vinnustaði á höfuðborgarsvæðinu markvisst undanfarnar vikur og þá ekki bara vinnustaði í byggingageiranum heldur líka á veitingastöðum, hótelum, gististöðum og í fleiri greinum.

Erlendir starfsmenn eru þó í yfirgnæfandi meirihluta í byggingariðnaði, í þeirri grein hafa flest atvinnuleyfi verið veitt, og þar er einna erfiðast að kanna kjörin og ræða við menn því að vinnustaðirnir eru ekki á föstum stað heldur eru mennirnir á einum stað í dag en á öðrum á morgun.

Fulltrúar ASÍ segja að nær undantekningalaust hafi verið vel tekið á móti þeim í heimsóknum á vinnustaði og menn séu yfirleitt reiðubúnir að gefa upplýsingar um ráðningarmál, starfsmenn og launakjör. Þeir taki vel ábendingum um það sem betur megi fara.

Í sumum tilfellum hafa fulltrúar ASÍ þó orðið varir við tortryggni af hálfu starfsmanna frá Lettlandi og Litháen sem eiga því ekki að venjast að verkalýðshreyfingin heimsæki vinnustaði þeirra eða beiti sér fyrir bættum kjörum þeirra. Það hefur þó venjulega lagast þegar þeir hafa lesið bækling ASÍ um kjör sín og réttindi.

Heimsóknir ASÍ hafa leitt í ljós að kjaramál standa ágætlega í veitingageiranum. Starfsmenn eru þar yfirleitt í réttum launaflokki en ekki alltaf í réttu aldursþrepi. Öllum athugasemdum hefur þó verið vel tekið og málið snarlega leiðrétt.

Svolítið annað er uppi á teningnum í byggingariðnaði. Í langflestum tilfellum er það sem betur fer þannig að fyrirtæki koma vel fram við starfsfólk sitt og borga þeim vel. Það er þó tilfinninga manna innan ASÍ að launin hafi lækkað, að minnsta kosti hjá sumum fyrirtækjum.

Þannig hefur athugun ASÍ leitt í ljós að kjör margra erlendra starfsmanna miðast við erlenda samninga. Þeir eru á erlendu tímakaupi, sem er mun lægra en laun hér á landi. Þetta er í trássi við íslensk lög því kveðið er á um það í lögum að skylt sé að greiða lágmarkstaxta.



**ERLENDIR STARFSMENN** Kjaramál standa ágætlega í veitingageiranum en í byggingageiranum hafa kjörin versnað ef eitthvað er, sérstaklega er tilhneiging til þess að kjör erlendra starfsmanna séu lakari en íslenskra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Í HEIMSÓKN Á VINNUSTAÐ** Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafa heimsótt vinnustaði reglubundið síðustu vikur og mánuði til að heyra hljóðið í mönnum og fræða þá um kjör þeirra og réttindi. Það er hluti af átaksverkefninu Einn réttur - ekkert svindl sem hófst 2. maí í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Sem dæmi um launalækkunina má nefna að algengt hefur verið að ófaglærðir, íslenskir byggingaverkamenn, félagar í Eflingu, hafi haft um 1.000 krónur á tímann en erlendir verkamenn eru í dag með tímakaup upp á 650-660 krónur. Þetta sýna umsóknir um atvinnuleyfi hjá Eflingu, eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

Forystumenn í verkalýðshreyfingunni segja að þensla hafi venjulega skilað sér í auknum tekjum í budduna hjá mönnum í byggingariðnaði en það óvenjulega hafi átt sér stað núna að tekjur manna hafi ekki hækkað, frekar staðið í stað eða lækkað.

Þá er óljóst hvað verður næstu misserin. Fyrir alþingi liggur stjórnarfrumvarp um að opna fyrir frjálsa för fólks frá nýju aðildarríkjum ESB frá og með 1. maí. Sumir telja að nýtt vinnuafl taki að flæða inn í landið eftir þessa breytingu, aðrir benda á að ekki hafi hingað til verið erfitt fyrir fólk frá þessum ríkjum að fá hér atvinnu- og dvalarleyfi svo að ekki sé víst að nein bylgja flæði inn í landið.

Ljóst er þó að atvinnurekandi verður að tilkynna þessa starfsmenn til Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar og skila inn upplýsingum um ráðningarkjör þannig að hægt sé að fylgjast með því að lögum um lágmarkskjör sé fylgt. Þá hefur verkalýðshreyfingin áhyggjur af þjónustusamningum og skattskilum útlendinga vegna vinnu við þá. Mun starfshópur líklega skoða þau mál.

Útlendingar starfa að nýbyggingum og verklegum framkvæmdum á Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu í víðum skilningi, allt frá Grundartanga í vestri suður á Reykjanes, langminnst og nánast ekkert er þó um þá í nýbyggingum í Hafnarfirði.



FRÉTTASKÝRING
**GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.**
ghs@frettabladid.is


ÞAÐ KOSTAR EKKERT AÐ FÁ SKJÁINN
MEÐ ADSL HJÁ SÍMANUM FÆRÐU VÍDEÓLEIGU SKJÁSINS Í SJÓNVARPSTÆKIÐ ÞITT
TILBOÐ Á VÖLDUM MYNDUM Í APRÍL
• Þú ferð á skjarinn.is eða hringir í þjónustuver Símans, 800 7000
• Við komum heim til þín og setjum upp búnað þér að kostnaðarlausu.
• Þú byrjar að leigja þér myndir með fjarstýringunni
Mr. & Mrs. Smith
HOUSE OF WAX
Charlie and the Chocolate Factory
Til að breyta sjónvarpstækinu þínu í vídeóleigu þarftu aðeins að vera með ADSL hjá Símanum. Með búnaðinum sem við setjum upp fyrir þig fylgir fjarstýring sem þú notar til að leigja myndir. Þú ýtir á VOD hnappinn á fjar-stýringunni, velur þér mynd og getur horft á hana eins oft og þú vilt næstu 24 tímana. Greiðslan fer á reikninginn þinn. Einfalt og þægilegt!
Síminn
Þú færð Skjáinn í öllum verslunum Símans, í síma 800 7000 eða á skjarinn.is
Skjárinn
– á þínu valdi!
VOD VIDEO ON DEMAND
ENNEMM / SÍA / NM21220


NÓATÚN
Páskalamb
nýtt og ferskt
Sparaðu 300 kr.
PÁSKALAMB
LAMBAHRYGGUR
AF NÝSLÁTRUÐU
1.398 kr. kg
Sparaðu 300 kr.
PÁSKALAMB
LAMBALÆRI
AF NÝSLÁTRUÐU
1.298 kr. kg
Fáðu faglegar ráðleggingar og uppskriftir hjá
NÓATÚNS
HAMBORGARHRYGGUR
1.298 kr. kg
40% afsláttur
BAYONNESKINKA
NÓATÚNS
898 kr. kg
25% afsláttur
MÓA VEISLUFUGL
MEÐ FYLLINGU
599 kr. kg
27% afsláttur
KRÓNHJARTARFILLET
HIGHLAND GAME STEIK
3.999 kr. kg
Mjúkís
2 FYRIR 1
Mjúkís frá Kjörís
Ljúffengar bragðtegundirnar tala sínu máli.
Gómsætur eftirréttur sem bregst aldrei.
Bjóddu þínum gestum uppá ost.
15% afsláttur af völdum
sælkeraostum í Nóatúni.

# Eigðu örugga páska með kjöti frá Nóatúni



FYLLTAR KALKÚNABRINGUR
MEÐ APRIKÓSU- EÐA DÖÐLUFYLLINGU
2.398 kr./kg



LAMBAGEIRI
BEINT Í OFNINN
3.198 kr./kg



UNGNAUTALUNDIR
MEYRAR OG GÓMSÆTAR BEINT Á GRILLIÐ
3.998 kr./kg

## kjötmeisturum Nóatúns og njóttu þess besta um páskana!



HUMAR
PAKKAÐUR Í ÖSKJU
2.798 kr./kg



EÐALFISKUR
REYKTUR, GRAFINN
35% afsláttur




*Lostæti með lítilli fyrirhöfn. Gómsæta ístertan frá Anton Berg er tilvalinn eftirréttur.*
998 kr./stk




PARMA SKINKA
EKTA ÍTÖLSK SKINKA
30% afsláttur



*Berin bregðast ekki. Frábær í skreytingar, sem meðlæti eða í eftirréttinn*



*Hafðu hollustuna með í veislunni. Ferskleikinn og úrvalið er í grænmetistorginu okkar.*

Mundu Chester Fried

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Tvísýnar kosningar á Ítalíu.

## Kosningasigur á bláþræði

Það verður ekki annað sagt en að talning atkvæða í þingkosningunum á Ítalíu hafi verið æsispennandi allt fram á síðustu stundu. Áður hafði farið fram kosningabarátta milli höfuðpersónanna í þessu mikla einvígi sem vakti athygli langt út fyrir Ítalíu ekki síst vegna framkomu Berlusconis, fráfarandi forsætisráðherra. Suðrænn hiti tók oft og tíðum völdin hjá honum í kosningabaráttunni og undir lokin var hann óspar á kosningaloforð, sem hann virtist varpa fram í örvæntingu til að halda völdum í landinu.

Útgönguspár höfðu gert ráð fyrir að Prodi myndi hljóta góðan meirihluta atkvæða í kosningunum, en annað kom á daginn, því sigur hans hangir á bláþræði svo ekki sé meira sagt. Útgönguspár á Ítalíu hafa á undangengnum árum frekar en ekki gefi villandi vísbendingar um úrslit kosninga þar í landi, hvað svo sem veldur. Skýringin á villandi útgönguspám að þessu sinni hafa aðallega verið þær að það sé annar þjóðfélagshópur sem hafi kosið fyrri dag kosninganna en þann seinni, en þá hafi fylgismenn Berlusconis flykkst á kjörstað.

Þótt Berlusconi sé umdeildur maður mjög í heimalandi sínu og víðar verður ekki fram hjá því litið að hann er sá forsætisráðherra á Ítalíu sem lengst hefur setið í embætti þar í landi eftir síðari heimsstyrjöldina, eða í heil fimm ár. Forsætisráðherraskipti hafa oft verið æði tíð þar í landi, og á tímabili voru menn utan Ítalíu hættir að veita því mikla athygli þótt forsætisráðherrar þar segðu af sér og myndaðar voru nýjar stjórnir.

En jafnframt því sem Berlusconi hefur setið lengst allra forsætisráðherra þar í landi í tugi ára, hefur efnahag landsins hrakað og lítill vöxtur verið í hagkerfinu. Á sama tíma hafa ríkisútgjöld aukist, en skatttekjur minnkað og afleiðingin hefur verið óviðunandi fjárlagahalli og úr takti við það sem krafist er innan ESB. En það eru líka ljósir punktar í efnahagslífinu, og þannig hafa sumir stórir atvinnurekendur sem hafa verið í slæmum málum náð sér á strik og mörg lítil og meðalstór fyrirtæki blómstra.

Ljóst er að úrslit kosninganna á Ítalíu skipta þjóðinni í tvær næstum hnífjafnar fylkingar og það getur orðið erfitt fyrir Prodi, sem telst sigurvegarinn, að hafa stjórn á málefnum landsins, með svo lítinn meirihluta á bak við sig. Ekki bætir úr að flokkaflóran sem myndar kosningabandalag hans er æði litrík, og ekki víst að allir þingmennirnir skili sér í tvísýnum atkvæðagreislum. Þá veikir það stöðu Prodis nokkuð, að hann hefur ekki eigin flokk að baki sér, heldur er hann forystumaður kosningabandalags, sem teflt var fram gegn Berlusconi. Um tíma leit út fyrir að hvor um sig hefði meirihluta í annarri hvorri deildinni í ítalska þinginu, en samkvæmt síðustu kosningatölum hefur Prodi meirihluta í báðum deilum, þótt hann geti ekki verið minni í efri deildinni - Senatinu.

Þótt fylgismenn fráfarandi forsætisráðherra hafi krafist endurtalningar ógildra atkvæða, verður að gera ráð fyrir því í bili að minnsta kosti, að úrslitin eins og þau lágu fyrir um miðjan dag í gær, standi. Það verður því verkefni Prodis að hefjast handa við að mynda nýja ríkisstjórn og semja stefnuskrá hennar. Þá þarf kosningabandalag hans að efna eitthvað af þeim loforðum sem þingmenn þess gáfu í kosningabaráttuni, en það vill nú oft verða þrautin þyngri, hvort sem um er að ræða Ítalíu eða önnur lönd. Eitt er víst, og það er að Ítalir þurfa að huga alvarlega að efnahagsmálum landsins, svo þeir verði ekki eftirbátar annarra stórvelda innan Evrópusambandsins.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mánudagar

Mánudagur til mæðu, er stundum sagt. Það gæti vel hafa átt við Valgerði Sverrisdóttur og Einar Odd Kristjánsson síðastliðinn mánudag þegar Valgerður mælti fyrir frumvarpi sínu um Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Einar Oddur kom í ræðustól um kvöldið og sagði: „Ég hef ekki heyrt annað en að öllum þyki þetta illa grundað allt saman og engan stuðningsmann fundið fyrir fyrir því. Get svosem tekið undir það.“ Síðar bætti hann við: „Byggðastefna er pólitík. Um byggðastefnu eiga því að fjalla þeir sem eru í pólitík, eru í stjórnmálum, alþingismenn og sveitarstjórnarmenn. Það er rangt að halda að byggðastefna sé einhver tæknileg útfærsla sem hæfir embættismönnum. Það getur aldrei verið... Þetta er grundvallaratriði og þess vegna er ég á móti þessu frumvarpi... Ákaflega þykir mér ósennilegt að ég geti sæst á þetta frumvarp. Þar stendur þá varla steinn yfir steini af því sem nú stendur þar þegar ég á að verða sáttur.“ - Forvitnilegt verður að fylgjast með framhaldi málsins.



### Ha - búin að svara?

Og svo var haldið áfram um kvöldið og komið að frumvarpi um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Kristján Möller, Samfylkingunni, gerði að umtalsefni einn milljarð króna sem merktur hefði verið nýsköpun á landsbyggðinni, einkum á sviði upplýsingatækni. Á að slá þetta af?, spurði hann. - Valgerður taldi að þingmaðurinn væri að ræða um framtakssjóðina svokölluðu sem skipt hefðu milljarði milli sín af söluandvirði Fjárfestingabanka atvinnulífsins: „...Ég man ekki betur en að það hafi nú þegar verið búið að innlima þá í Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins þar sem þeir voru kannski ekki alveg að skila því sem ætlast var til. Svo minnir mig líka að háttvirtur þingmaður hafi verið með formlega fyrirspurn til mín um þetta mál. Þannig að þá koma nú nákvæmari svör.“

„Virðulegi forseti. Ég hef fengið svar við þessari fyrirspurn,“ svaraði Kristján og hló við, en svarið frá Valgerði barst 6. apríl samkvæmt bókhaldi Alþingis. - Annars var á Kristjáni að skilja að á fáeinum misserum hefði tapast nærri milljarður af einum og hálfum milljarði sem í sjóðina fóru.



johannh@frettabladid.is

## Hættur lélegs stjórnmálalífs

Í DAG
POPULISMI



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Þetta er fólk sem álítur með réttu eða röngu að vilji almennings sé að engu hafður og að hagsmunir hins venjulega manns séu fótum troðnir af hagsmunaklíkum í stjórnmálum og viðskiptum.*

Tilraunir manna til að skilja þróun stjórnmála snúast oft um leit að einhverjum mynstrum sem finna má í sögu landa eða þá í samanburði á milli landa. Í samtímanum má finna ýmis mynstur sem ná til margra landa í sama heimshluta. Þetta á við um Evrópu, Miðausturlönd, Suðaustur-Asíu og Suður-Ameríku. Erfiðara er að greina mynstur sem ná heimsins alls nema hvað hnattvæðing viðskipta er smám saman að skapa skyld viðfangsefni og kunnuglegar víglínur í stjórnmálum úti um víða veröld. Áhrif hnattvæðingar birtast hins vegar með mjög margvíslegum hætti og viðbrögðin við henni eru eftir því ólík frá einu landi til annars.

Eitt greinilegasta mynstrið í stjórnmálum samtímans er að finna í Suður-Ameríku þar sem pólitísk stemmning hefur sveigt til svipaðrar áttar í hverju landinu af öðru nú á síðustu misserum. Eins og flest annað í samtímanum er þessi þróun með beinum hætti tengd áhrifum hnattvæðingar. Því vakna spurningar um hvort það mynstur sem nú má greina í Suður-Ameríku geti birst í stjórnmálum annars staðar í heiminum og þá jafnvel í einhverri mynd á Íslandi.

Stjórnmálahreyfingar sem að undanförnu hafa unnið sigra í hverju landinu af öðru í Suður-Ameríku eru um margt ólíkar en það sem tengir þær flestar saman er fyrirbæri sem hefur nefnt er populismi. Hugtakið er stundum þýtt á íslensku sem lýðhyggja en það er frekar óheppileg þýðing og því nota ég þessa slettu. Populismi samtímans í Suður-Ameríku er víða meiri í orði en á borði og því má fagna. En hvað er populismi og hvers vegna gæti hann haft vaxandi áhrif á Vesturlöndum?

Populismi er fjölbreytilegt fyrirbæri og ekki eiginleg stjórnmálastefna á borð við jafnaðarstefnu eða frjálshyggju. Skyldleiki á milli hreyfinga sem menn kenna við fyrirbærið felst stundum frekar í stíl en stefnu enda hafa sumar þeirra verið til vinstri, aðrar til hægri og enn aðrar hafa komið frá miðju. Það sem þessar hreyfingar eiga sameiginlegt er að þær höfða til fólks sem telur sig svikið af hefðbundnum stjórnmálum. Þetta er fólk sem álítur með réttu eða röngu að vilji almennings sé að engu hafður og að hagsmunir hins venjulega manns séu fótum troðnir af hagsmunaklíkum í stjórnmálum og viðskiptum. Greining á meintum óvinum og ógnum eru alltaf einfaldar og lausnirnar í boði eru sjaldnast mikið flóknari.

Populismi hefur oft haft mikil áhrif í Bandaríkjunum. Hann hefur beinst gegn meintum óvinum fólksins bæði innanlands og utan. Rísandi stjarna Repúblikanaflokksins, þingmaðurinn Tom Tancredo, sem nú skekur flokkinn, er gott dæmi um populista. Hann lagði til á sínum tíma að loftárásir yrðu gerðar á Mekka til að hefna fyrir hryðjuverk. Sú hugmynd byggir á enn einfaldari sýn á heiminn en George Bush hefur stuðst við og þarf nokkuð til. Stærsta málið í hans lífi er þó ekki að drepa fólk í stórum stíl erlendis, heldur að berjast gegn útlendingum sem komnir eru til Bandaríkjanna. Stefna hans er svo stæk að hann var lengi úti á jaðri flokksins en nú hefur taflið snúist honum í hag. Fylgi hefur vaxið við þá skoðun að það séu ekki aðeins útlendingar sem búa heima hjá sér í útlöndum sem séu stærsta vandamál Bandaríkjanna, heldur séu útlendingar í landinu sjálfu orðnir lítið minni ógn við heill þjóðarinnar.

Í Evrópu hefur fylgi aukist við þá skoðun að útlendingar séu vandamál og að ekki sé hægt að treysta stjórnmálamönnum til að verja heimamenn fyrir ágangi öðru vísi fólks. Aðrir horfa á hrun iðngreina vegna samkeppni frá Austurlöndum og segja stjórnmálamenn skeytingarlausa um hagsmuni venjulegra manna. Enn aðrir horfa á vaxandi tekjumun innan samfélaga, sem einkennir flest samfélög heimsins á okkar tímum, og finna á honum skýringar sem fáir fræðimenn myndu kannast við. Í öllum tilvikum ná vinsældum sérlega einfaldar myndir af meintum óvinum og álíka einfaldar lausnir á vandanum.

Rætur populisma eru ekki aðeins í einfaldri skynjun á ógn eða óréttí heldur einnig í því mati að stjórnmálamönnum sé ekki treystandi og þeir sem ekki óþekkt tilfinning á Íslandi. Okkur gengur flest í haginn þessi misserin en menn ættu að hafa áhyggjur af þeim hættum sem felast í lélegu stjórnmálalífi.







MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason. RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

www.icelandexpress.is




# 2.000 FLUGSÆTI

**Iceland Express býður 2.000 flugsæti aðra leiðina á sérstöku tilboðsverði.
Tilboðið gildir fyrir flug á alla áfangastaði okkar á tímabilinu 1. maí - 30. júní.**

Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð. Smelltu þér á www.icelandexpress.is og skutlaðu þér til London, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Gautaborgar, Berlínar, Frankfurt Hahn, Friedrichshafen eða Alicante á hlægilegu verði! Fyrstur bókar, fyrstur fær!

**Lægsta verð, aðra leiðina með sköttum: 3.900 kr.**
**Bókaðu á www.icelandexpress.is**

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

**FRANKLIN D. ROOSEVELT (1882-1945), LÉST ÞENNAN DAG**

*„Íhaldsmaður hefur tvo fullkomlega góða fætur en hefur aldrei lært að ganga beint áfram.“*

***Franklin Roosevelt var þrítugasti og annar forseti Bandaríkjanna og leiðtogi demókrata.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 12. APRÍL 1992

### *Evrópubúar kynnast Disneylandi*

Á þessum degi árið 1992 var Disneygarðurinn í nágrenni Parísar opnaður. Garðurinn opnaði undir nafninu Euro Disney en breytti því fljótlega í Disneyland París.

Hönnunin á garðinum svipar mjög til annarra Disney garða um heiminn allan. Kastali Þyrnirósar er á sínum stað og var hann rómaður fyrir að vera fegurri en forveri hans í hinu upphaflega Disneylandi í Kaliforníu. Söguhetjur Disneymyndanna í gegnum árin eiga sér allar samastað í Disneyland garðinum þar sem meðal annars er að finna ævintýraland Péturs Pan og skötuhjúin Mikka og Mínu mús.

Þrátt fyrir að brátt séu liðin tuttugu og fimm ár síðan garðurinn var opnaður virðist honum ekki ætla að takast að festa sig nægilega mikið í sessi til að skila almennilegum hagnaði. Þrátt fyrir að gríðarlegur fjöldi ferðamanna heimsæki garðinn á hverju ári er hann ekki nándar nærri eins vinsæll og systurgarðar hans í Vesturheimi.



DISNEYLAND

## MERKISATBURÐIR

**1540** Prentun þýðingar Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu lýkur en þetta er fyrsta bók sem prentuð er hér á landi og hefur varðveist.

**1606** Bretland tekur upp þjóðfána. Líkist fáninn mjög þeim sem samveldið notar í dag og sýnir rauðan kross Englands ofan á hvíta Skotakrossinum.

**1919** Átján manns láta lífið í snjóflóðum við Siglufjörð sem einnig eyðileggja vel búna síldarverksmiðju.

**1953** Menntaskólinn á Laugarvatni tekur formlega til starfa, fyrstur menntaskóla utan kaupstaða.

**1961** Rússneski geimfarinn Júrí Gagarín fer fyrstur manna út í geim.



**SIGRÍÐUR BACHMANN** Sýning Sigríðar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur opnar í dag en þar fyrir utan er allt á huldu um veisluhöld í tilefni sextugsafmælis hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## SIGRÍÐUR BACHMANN: SEXTUG Í DAG

# Gerir alltaf allt í einu

Mikið er um að vera í lífi Sigríðar Bachmann í dag. Sextugsafmælið hennar er runnið upp en í stað þess að helga daginn afmælishátíð gerir hún sér lítið fyrir og opnar líka ljósmyndasýningu í dag.

„Það gerist alltaf allt í einu hjá mér,“ segir Sigríður og hlær dátt. Þegar blaðakona hefur áhyggjur af því að mikið álag fylgi undirbúningi á svona stórtímamótum segist hún hafa átt nokkuð náðuga daga upp á síðkastið. „Ég hef nú minnst fyrir sýningunni. Þar er allt gert fyrir mig.“ Sigríður er ekki búin að skipuleggja neina afmælisveislu heldur ætlar að láta hátíðarhöldin í kring um veisluna nægja. „Kannski verður eitthvað óvænt í kvöld. Það er aldrei að vita hvað gerist hjá mér því mér finnst svo gaman að vera í óvissunni.“

Engin tilviljun er að sýningin opnar á afmælisdegi Sigríðar. „Mér bauðst að halda þessa sýningu í tengslum við sextugsafmælið. Fyrst þegar var hringt í mig spurði ég þau hvort þau ætluðu að hafa af mér utanlandsferðina.“ Sýningin tengist sextugsafmælinu aftur á móti ekki neitt. Þvert á móti segist Sigríður hafa valið myndir af börnum og lagt áherslu á að hafa þær skemmtilegar. „Þetta eru gamlar myndir síðan ég var með ljósmyndastofuna sem ég valdi bara úr öllu safninu mínu. Ég er bara með myndir af börnum þar sem ég náði kímninni fram í þeim. Þetta eru allt litmyndir en ég hef aldrei sýnt í litmyndir heldur einbeitt mér að svarthvítum myndum. En núna þar sem vorið er að koma er tilvalið að hafa smá liti og fjör.“

Sigríður segist hlakka til vorsins og páskanna nú í dymbilviku enda ætlar hún að taka því rólega. „Ég er búin að vera að vinna svo mikið í ljósmyndunum og þá eru engin jól, engir páskar og engar helgar því þá eru alltaf brúðkaup. Nú er ég hætt því og finnst bara gott að vera orðin laus.“ Hún situr þó ekki auðum höndum og hefur undanfarið verið að búa til myndir með svokallaðri fótógram tækni. „Þetta er tækni sem er eldri en myndavélin en í þá daga voru myndirnar gerðar með sólarljósi og voru svarthvítar. Þetta eru listrænar myndir með ýmsum munstrum og skemmtilegum litum. Ég hef haldið þrjár sýningar með svona myndum og fólki virðist finnast þetta mjög skemmtilegt.“

Ljósmyndasýning Sigríðar Bachmann ber yfirskriftina „Leikur er list“ og er í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.



†

*Ástkær frændi okkar og vinur,*

**Höskuldur Skagfjörð**

dvalarheimilinu Grund, áður Norðurbrún 1, Reykjavík, lést aðfaranótt föstudagsins 7. apríl á dvalarheimilinu Grund. Hann verður jarðsunginn frá Bænahúsinu í Fossvogskirkju miðvikudaginn 12. apríl kl. 13.00.
Fyrir hönd aðstandenda og vina,

*Þórður Pálmason og fjölskylda.*



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Baldur Zóphaníasson**

hjúkrunarheimilinu Skjóli, áður Tjarnargötu 16, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 3. apríl sl. Jarðarför hefur farið fram í kyrrþey.
Sérstakar þakkir til alls starfsfólks 5. hæðar Skjóls fyrir frábæra umönnun á liðnum árum. Guð blessi ykkur öll.

| | |
|---|---|
| Þyrí Marta Baldursdóttir | Gunnar Snorrason |
| Soffía Kolbrún Pitts | David Lee Pitts |
| Elías Bjarni Baldursson | |
| Smári Örn Baldursson | Elvur Rósa Sigurðardóttir |
| Hafdís Birna Baldursdóttir | Einar Hólm Jónsson |
| Sigrún Fjóla Baldursdóttir | Arnar Kristjánsson |

barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hreggviður Hermannsson**

læknir, Nónvörðu 14, Keflavík,

andaðist á Landspítala í Fossvogi laugardaginn 8. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Lilja Jóhannsdóttir | |
| Margrét Hreggviðsdóttir | Bjarni Guðjónsson |
| Hermann Hreggviðsson | Ágústa Hildur Gizurardóttir |
| Elín Kristín Hreggviðsdóttir | Júlíus Sigurðsson |
| Guðmundur Páll Hreggviðsson | Sólveig Silfá Karlsdóttir |
| Björn Blöndal | |
| Gísli Blöndal | Sólveig Leifsdóttir |
| James William Sandridge | |
| Jóhann Dalberg | Kristín Ruth Helgadóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110,
893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


## ANDLÁT

**Baldur Zóphaníasson**, hjúkrunarheimilinu Skjóli, áður Tjarnargötu 16, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 3. apríl. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Gestur Guðjónsson**, Hjallabraut 33, Hafnarfirði, lést laugardaginn 8. apríl á St. Jósefsspítala.

**Hreggviður Hermannsson** læknir, Nónvörðu 14, Keflavík, lést á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi laugardaginn 8. apríl.

**Pálmi Pálmason**, Þórunnarstræti 112, Akureyri, lést aðfaranótt sunnudagsins 9. apríl á dvalarheimilinu Hlíð.

**Sigrún Sumarrós Jónsdóttir**, Sunnuvegi 5, Hafnarfirði, lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði föstudaginn 7. apríl.

**Sigurbjörn Björnsson**, Hrísum, Flókadal, andaðist á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 30. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigþrúður Jórunn Tómasdóttir** andaðist á heimili sínu að Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 9. apríl.

**Þorbjörg Sigfúsdóttir**, Blikabraut 11, Keflavík, lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi sunnudaginn 9. apríl.

## JARÐARFARIR

13.00 **Höskuldur Skagfjörð**, dvalarheimilinu Grund, áður Norðurbrún 1, Reykjavík, verður jarðsunginn frá bænahúsinu í Fossvogskirkju.

13.00 **Rut Ollý Sigurbjörnsdóttir** verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

13.00 **Kristinn Kort Björnsson** viðskiptafræðingur verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.30 **Dagbjört Gísladóttir** frá Kirkjuhvoli, Þykkvabæ, síðast til heimilis í Skógabæ, verður jarðsungin frá Þykkvabæjarkirkju.

13.30 **Karl Petersen** tónlistarmaður, Lönguhlíð 24, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Jóhann Pétursson** fyrrverandi vitavörður á Hornbjargsvita verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Gunnlaugur Björnsson** frá Grjótnesi verður jarðsunginn frá Áskirkju.

15.00 **Kristmundur Steinsson** frá Hrauni á Skaga verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**
**- allt að 50% afsláttur**

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



## UNGFRÚ HEIMUR KEYPTI NÝJAN BÍL

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir keypti sér nýlega Hyundai Tucson jeppa. Hönnun bílsins og fjölhæfni heilluðu hana mest.

BÍLAR 3

## FULLT HÚS MATAR

Súkkulaðiegg eru kannski mest áberandi um páska. En því ekki að bjóða upp á létta rétti úr hænueggjum?

MATUR 6





## ALLT HITT

**[BÍLAR FERÐIR MATUR]**

**Kokka** á Laugavegi 47 býður úrval af pastagerðavörum. Meðal annars er hægt að fá pastagerðavélar frá Imperia. Nánari upplýsingar er að fá á www.kokka.is.

**Bílaþing** Heklu býður upp á lægstu vextina á bílalánum, 3,19%. Lánið er á svokölluðu London Inter Bank Offering Rate og því ekki í íslenskum krónum. Vextirnir eru 6,5% sé bílasamningurinn gerður í íslenskum krónum. Einnig er 100% fjármögnun á völdum bílum.

**Icelandair** munu fljúga beint til St. Pétursborgar í Rússlandi frá 6. september - 4. október 2006. Flogið verður á miðvikudögum og er brottför frá Keflavík kl. 8:30. Brottför frá St. Pétursborg er kl. 17:20. Bókanir eru hafnar og kostar flugið frá 32.880 kr.




## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 12. apríl, 102. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.07 | 13.29 | 20.52 |
| Akureyri | 5.46 | 13.13 | 20.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir er mjög hrifin af Finnlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ólíkt öðrum málum

***Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir lærir finnsku í Háskóla Íslands. Hún stefnir á að fara í nám í Finnlandi í framtíðinni.***

Enska er aðalgrein Guðrúnar í háskólanum en hún tekur finnsku sem aukagrein til þrjátíu eininga. „Ég byrjaði í skólanum síðasta haust og hef verið á námskeiðum í bæði ensku og finnsku í vetur,“ segir hún.

Guðrún ákvað að fara í finnsku því hún var að vinna í Finnlandi í fyrra á vegum Alþjóðlegra ungmennaskipta. „Finnland var það Norðurlandanna sem ég vissi minnst um og mig langaði að prófa eitthvað nýtt.“

Í Finnlandi lærði Guðrún aðeins í finnsku og hún segir að það nýtist henni vel í náminu í háskólanum. „Ég var að vinna með fötluðum og að passa börn svo ég varð að læra aðeins í tungumálinu því þau skildu náttúrulega ekki ensku. Mig langaði svo að viðhalda því sem ég var búin að læra og læra meira því ég gæti alveg hugsað mér að fara seinna í eitthvað nám í Finnlandi.“

Guðrún segist geta gert sig sæmilega skiljanlega á finnsku. „Ég get alveg tjáð mig en málfræðin er ekki alveg rétt hjá mér. Finnsk málfræði er mjög flókin og tungumálið er erfitt og ólíkt öllum öðrum tungumálum sem ég hef lært en mjög skemmtilegt samt.“

Guðrún hefur mikinn áhuga á tungumálum en hún er stúdent af málabraut Fjölbrautarskólans í Breiðholti og hefur lært nokkur tungumál. „Ég hef lært eitthvað í dönsku, ensku, þýsku, frönsku, spænsku, finnsku og sviss-þýsku, en ég var skiptinemi í Sviss á vegum AFS í eitt ár. Sviss-þýskan er svolítið skrítið tungumál og hljómar eins og sambland af þýsku og hollensku.“

Guðrún er ákveðin í að halda tengslum við Finnland í framtíðinni. „Ég fer líklega í heimsókn þangað sem ég var að vinna í sumar og ég gæti líka alveg hugsað mér að búa á meðan ég er í háskólanum.“

*emilia@frettabladid.is*


TOYO Bestu dekkin í USA 8 ár í röð Tire Review Magazine

Klár í páskatúrinn ?
Toyo jeppadekk, margar stærðir




Gerið gæða og verðsamanburð




Kynningarverð
Toyo All Terrain
33x12,5 R15
13.895,- stgr.

Kynningarverð
Toyo Mud Terrain
38x14,5 R16
31.950,- stgr.

NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110
KT verslun Akureyri
Njarðarnesi S. 466 2111
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000






Umboðsaðilar:
SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bíasalan Os - Akureyri Sími 462 1430

Eigum til afgreiðslu strax
Vel útbúna og rúmgóða 7 manna fjölnota fjölskyldubíla

MAZDA
MPV LX V6





Framhjóladrfinn
5 þrepa sjálfsk.
V6-24 ventla 200 hestöfl
Fjarst.samlæsingar
ABS bremsukerfi
16” álfelgur
Raf.í rúðum og speglum
LATCH festingar fyrir barnabílst.
Niðurfellanleg aftursæti
Eyðsla innanb. 13.1 L
Eyðsla utanb. 9.4 L
Rennihurðir beggja megin með rafdrifnum rúðum
Hraðastillir
Loftkæling
12V.tengi í farangursrými

X4 ehf.

Opið virka daga 10-18:30 - Laugard. kl. 12:00 - 16:00
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - www.x4.is

**Sólin hækkar** óðum á lofti og skíturinn á bílnum sést betur. Nú er komið að því að þvo bílinn og bóna hann svo að spegla sig í húddinu.





Frá frumsýningu nýja Audi TT í Berlín.

# Endurbættur TT

***Audi kynnti fyrir stuttu nýja og endurbætta útgáfu af TT sportbílnum.***

Audi kynnti TT fyrst til sögunnar árið 1998 og fór sala á bílnum vel af stað í upphafi en dróst síðan mikið saman og þótti bíllinn ekki standa undir væntingum. Audi hefur því lagt umtalsverða vinnu í breytingar á nýja bílnum sem.

Nýi Audi TT sportbíllinn verður nokkuð frábrugðinn fyrirrennara sínum. Sem fyrr eru það þó hin straumlínulagaða hönnun bílsins sem stendur upp úr. Bíllinn er aðeins stærri en hefur verið léttur mikið og er meirihluti bílsins úr áli. Í fyrstu verður hægt að fá Audi TT í tveimur útgáfum; með tveggja lítra túrbínuvél byggðri á TFSI tækni og einnig verður hægt að fá hann með V6 vél. V6 vélin verður um 250 hestöfl en túrbóvélin mun skila um 200 hestöflum. Þó er talið að bíllinn eigi eftir að koma í enn fjölbreyttari útgáfum.

## Vélhjólamót á skírdag

FYRSTA MÓT ÁRSINS

Fimmtudaginn næstkomandi eða 13.apríl á Skírdag mun Vélhjólaíþróttaklúbburinn halda „Páska-enduro-skemmti-keppni“ til styrktar nýju æfingasvæði í mynni Jósepsdals. Tveir og tveir keppendur skiptast á að keyra en dregið verður í lið, vanur og óvanur saman. Keppnin mun fara fram í gömlu kartöflugörðum Reykjavíkur við Korpúlfstaðagolfvöll og hefst klukkan 13.00.
Ræst verður með svokölluðu hlaupastarti.
Keppnin er opin fyrir alla torfærumótorhjólamenn. Nánar á www.motocross.is.



Guðmundur við nýja bílinn, sem hann segir þann skemmtilegasta sem hann hefur umgengist.

# Skemmtilegt að umgangast bændur og sveitafólk

***Mjólkurbílstjórar sækja mjólk á um tuttugu bæi á hverjum degi.***

Guðmundur Egilsson hefur keyrt mjólkurbíl frá Borgarfirði til Reykjavíkur í þrjátíu og þrjú ár. Þar áður fékkst hann við sjómennsku, auk þess að starfa í sláturhúsi og frystihúsi. Hann segir starfið annasamt á köflum en er ánægður og ætlar að keyra þar til hann kemst á aldur. „Það er svo skemmtilegt að umgangast bændur og sveitafólk,“ segir Guðmundur. „Sveitin er alltaf góð.“

Vinnudagur Guðmundar hefst klukkan sex að morgni. Á hverjum degi sækir hann mjólk á um tuttugu bæi í Borgarfirðinum og nágrenni. Bílstjórarnir kalla það smölun og í henni komast þeir yfir þrjá til fjóra bæi á klukkutíma. „Um tvöleytið keyri ég svo suður með mjólkina en það tekur hálfan til einn tíma eftir því hvaða bær er síðastur hjá mér þann daginn,“ segir Guðmundur.

Bílarnir taka um þrettán þúsund lítra af mjólk og sumir eru með tengivagna að auki sem taka 10 til 14.000 lítra. Dælurnar í bílunum dæla um 400 lítrum á mínútu af ískaldri mjólk. „Við tökum ekki við henni nema hún sé í þremur eða fjórum gráðum. Tankarnir eru vel einangraðir þannig að hún hitnar ekkert á leiðinni í bæinn. Við tökum líka sýni á hverjum bæ, það er mikið gæðaeftirlit í þessu,“ segir Guðmundur.

Bíllinn sem Guðmundur er á núna er nýlegur og alsjálfskiptur Man með 480 hestafla vél. „Ég hef aldrei umgengist skemmtilegri bíl. Þetta er mikill munur frá því að standa á kúplingunni allan daginn. Hann er líka ákaflega skemmtilegur og lipur þrátt fyrir stærðina.“

En það hefur fleira breyst en bílarnir. „Það er eins og nótt og dagur að ferðast á milli. Þegar ég byrjaði var ekki steypt nema upp í Kollafjörð. Í ofanálag voru malarvegirnir lélegir og brýrnar líka. Þetta er ekki sambærilegt. Það var líka óskaplegur munur að fá Borgarfjarðarbrúna og Hvalfjarðargöngin. Eftir tíu eða ellefu tíma vinnudag er gott að það sé stutt heim frekar en að vera að þvælast Hvalfjörðinn í hálku. Umferðin er samt mikið meiri núna, þannig að maður þarf að passa sig betur en áður,“ segir Guðmundur og fullyrðir að hann drekki mikla mjólk sjálfur. „Við vorum bara alin upp þannig systkinin, öll fjórtán,“ segir Guðmundur að lokum.

*einareli@frettabladid.is*

Pólýhúðun
Powder coating



Eigum á lager 350 RAL liti
Pólýhúðun ehf
S: 544 5700 * www.polyhudun.is
Smiðjuvegi 1 * 200 Kópavogur

## Bílaspítalinn seldur

MARKMIÐIÐ ER AÐ STYRKJA ENN FREKAR ÞJÓNUSTU B&L.

B&L gekk í byrjun vikunnar frá kaupum á bifreiðaverkstæðinu Bílaspítalinn ehf. Seljandi er Ingvi Sigfússon, sem hefur, ásamt fjölskyldu sinni, átt og rekið Bílaspítalann frá árinu 1988. Kaupverð er trúnaðarmál.
Starfsemi Bílaspítalans er tvíþætt, en auk almennra bílaviðgerða og þjónustuskoðana annast fyrirtækið einnig bílaréttingar og -sprautun.
Þá hafa hjólastillingar verið vaxandi þáttur í starfseminni. Bílaspítalinn hefur frá stofnun verið við Kaplahraun í Hafnarfirði og vinna alls tíu manns hjá fyrirtækinu að frátöldum eigendunum.



Í nýju rannsóknarstofunni.

# Renault rannsakar rafsegulsvið

***Renault tekur í notkun nýja rannsóknarstofu.***

Sem kunnugt er gegnir rafeindabúnaður í bílum sífellt veigameira hlutverki. Á sama tíma hefur það áreiti sem þessi búnaður verður fyrir frá umhverfinu af völdum farsíma og annarra þráðlausa samskipta aukist.

Sem svar við þessari þróun hefur Renault tekið í notkun eina fullkomnustu rannsóknarstofu sinnar tegundar fyrir rafsegulmælingar. Nýja rannsóknarstofan er í Aubevoye-rannsóknamiðstöð Renault og mun hún framvegis hýsa alla starfsemi fyrirtækisins á þessu sviði.

Rannsóknirnar eru þríþættar. Auk þess sem varnir eða „ónæmi“ bíla gagnvart ytra áreiti er rannsakað, eru áhrif rafeindabúnaðar bílsins á umhverfið könnuð og loks eru áhrif frá útvarpsbylgjum mæld sérstaklega.

Renault hóf rannsóknir á þessu sviði fyrir rúmum 20 árum.

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

## HVAÐ ERU... LEGUR?



Legur láta ekki mikið yfir sér en eru ómissandi alls staðar þar sem eitthvað þarf að snúast um ás á miklum hraða.

Eitt af því sem gefur sig fyrr eða síðar í öllum bílum eru hjólalegur. Legur, eða lagerar, eru litlir hlutir sem virðast við fyrstu sýn ekki merkilegir en eru þó nauðsynlegir til að minnka viðnám þar sem eitthvað þarf að snúast hratt, til dæmis um ás eða öxul.

Til að átta sig betur á legum og mikilvægi þeirra skulum við hugsa um bíldekk. Á ferð snúast dekkin um öxul sinn og rúlla áfram á veginum. Núningur og viðnám við veginn er því í lágmarki en núningurinn við öxulinn er þeim mun meiri. Ef við breytum dæminu þannig að dekkin snúist ekki, heldur sé bíllinn dreginn með læst hjólin um borg og bý, snúast hlutverkin við. Þá er núningurinn á milli dekkja og vegar í hámarki, en við öxulinn er öllu rólegra. Það er auðvelt að ímynda sér hversu illa þetta fer með dekkin. Þau myndu tætast í sundur á stuttum tíma. Það sama myndi gerast við öxulinn ef ekki væri fyrir hjólalegur. Hlutverk þeirra er að minnka núning á þeim grundvelli að rúlla frekar en nuddast.

Tökum dæmi um einfalda hjólalegu. Hún samanstendur af innri og ytri hring. Á milli þeirra er búið að raða ótal litlum sívalningum sem virka eins og hjól á milli hringjanna. Þeir taka við álaginu á milli hringjanna sem annars mundi breytast í núning og hita.

Í raun er hér sama lögmál í gangi og þegar Egyptarnir voru að draga steinblokkir í píramídana sína. Þeir settu trjádrumba á jörðina og drógu blokkirnar yfir þá. Þetta minnkaði núninginn við jörðina og gerði verkið mun auðveldara.

Legan byggir á sömu hugsun en er lokuð svo hún detti ekki í sundur. Í gegnum innri hringinn er öxullinn rekinn. Sá ytri er hins vegar rekinn inn í hásinguna og þannig sitja þeir báðir fastir á meðan pínulitlu sívalningarnir á milli þeirra sjá um að hjólin geti snúist án þess að öxullinn skemmist af núningi eða hreinlega bráðni.

# Innlendu bílarnir of hægir

***Franska lögreglan hefur neyðst til að skipta yfir á japanska Subaru-bíla því þeir frönsku þykja einum of kraftlitlir.***



Lögreglan í Frakklandi færir sig brátt yfir á nýja og hraðskreiðari Subaru Impreza WRX bíla.

Franska lögreglan hefur alltaf þótt afar þjóðrækin og hefur í gegnum tíðina einungis notað innlenda bíla. Síðustu ár hefur þjóðvegalögreglan meðal annars notast við bæði Peugeot 306 S16 og Renault Megane Coupe. Þessir bílar þóttu ekki lengur þjóna nógu vel því hlutverki að elta uppi ökuþrjóta og í stað þeirra voru fengnir nokkrir Subaru Impreza WRX bílar sem ná vel yfir 240 kílómetra hraða á klukkustund.

Yfir 150 lögreglumenn fá þjálfun á nýju bílana á næstunni og mun þjálfunin fara fram á Le Mans-brautinni. Ekki veitir af þar sem lögreglan í Frakklandi lenti í um 53 þúsund atvikum á seinasta ári þar sem hún þurfti að hafa afskipti af ökumönnum sem vildu ekki hægja á sér.

Til þess að auðvelda starf lögreglunnar enn meira verða sett skilti á Impreza-bifreiðarnar þar sem hægt verður að koma á framfæri skilaboðum á fimm tungumálum; þýsku, frönsku, spænsku, ensku og hollensku. Í framtíðinni verður því engin afsökun að hafa ekki skilið fyrirmæli lögreglumannanna.


LOFTDÆLA
er nauðsynlegur búnaður

fyrir dekkin á bílnum, gúmmíbátinn, vindsængina í útilegunni, dekkin á reiðhjólinu eða mótorhjólinu


VIAIR 420C **24.053 kr.**


VIAIR 450H **27.767 kr.**


VIAIR 500C **36.904 kr.**

***Þessar dælur koma í VIAIR töskum með öllum nauðsynlegum búnaði***



**VIAIR-taska fylgir**


VIAIR 90P **10.500 kr.**


VIAIR 100P **11.537 kr.**


VIAIR 300P **19.900 kr.**


VIAIR 400P **27.767 kr.**



VIAIR 440P **27.767 kr.**

KAUPAUKI

Öllum loftdælum fylgir
**DEKKJAVIÐGERÐARSETT**
meðan birgðir endast!

06-011 KC

ARCTIC TRUCKS

Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is




Unnur Birnar við nýja Hyundai Tucson sportjeppann sinn.

# Ungfrú heimur á Hyundai Tucson

FJÖLHÆFNI OG FLOTT HÖNNUN HEILLUÐU UNNI BIRNU.

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir tók nýlega við lyklunum að nýjum Hyundai Tucson sportjeppa, sem hún festi kaup á hjá B&L. Hún segir að það sem hafi heillað sig mest við bílinn hafi verið flott hönnun og mikil fjölhæfni.

Þrátt fyrir mikið annríki sem Ungfrú heimur hefur Unni Birnu tekist að koma við og við til landsins í stuttar heimsóknir. Þá síðustu notaði hún til að festa kaup á nýjum bíl, enda sá gamli kominn nokkuð til ára sinna. Auk þess hentaði hann síður þeim lifandi lífsstíl sem Unnur Birna er þekkt fyrir, en hún hefur sem kunnugt er mikið yndi af hestamennsku og annarri útiveru. Með hliðsjón af því var hún ákveðin í að fá sér fjórhjóladrifinn bíl.


www.velaborg.is S: 414 8600

JUNGHEINRICH



ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
LEITIÐ TILBOÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM OKKAR
Mest seldu lyftararnir
Vélaborg ehf

**Reykjavík** Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 **Akureyri** Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

**Páskarnir** eru fullkomið tækifæri til að koma sér út úr bænum. Farðu í sumarbústað, á skíði eða bara í göngutúr út í guðsgræna náttúruna. Gefðu hávaðanum og svifrykinu frí í þó ekki sé nema í andartak.



# Ný flugvél til landsins

***Önnur vélin í röð þriggja nýrra flugvéla Iceland Express kom til landsins í gær.***

Vélarnar sem Iceland Express er að kaupa eru af gerðinni Boeing MD-90 Douglas. Þær taka 150 manns í sæti og eru stærri og nýrri en þær vélar sem félagið hefur notað til þessa.

Ætlunin var að nýja vélin flygi lágt yfir Akureyri þegar hún kæmi til landsins en slæmt veður kom í veg fyrir það. Fyrsta vélin af þessum þremur flaug í lágflugi yfir Reykjavík þegar hún kom í mars og þá bauð Iceland Express áhugafólki um flug og ljósmyndun að taka þátt í samkeppni um bestu myndina af vélinni. Stefnt er að því að halda slíka samkeppni meðal Norðlendinga þegar þriðja vélin kemur til landsins, en Iceland Express býður upp á beint flug milli Akureyrar og Kaupmannahafnar tvisvar í viku í sumar. ■



Sigurmyndin í samkeppninni sem haldin var þegar fyrsta Boeing MD-90 Douglas vélin kom. Hún kallast „Leggðu hana svo bara á þakið“ og er eftir Steinbjörn Logason.


**Skemmti/óvissu/skoðunarferðir**

**í Köben?**

Fyrir íslenska hópa með íslenskum heimamanni. Tekið upp á ýmsu...

**Sími: 004525623140**

**email: finnbogi_thorkell@hotmail.com**







Helena Marta við einn frægasta gosbrunn Rómaborgar, Fontana de Trevi.

# Samskipti, fræðsla og ferðir

***Helena Marta Stefánsdóttir líffræðinemi er meðal stofnenda félags verk-og raunvísindanema við Háskóla Íslands sem heitir Víðfari - BEST á Íslandi. Á vegum þess er hún þegar búin að fara í tvær utanlandsferðir.***

„Vinkona mín spurði mig síðastliðið haust hvort ég væri ekki til í að koma með henni til Makedóníu og við fórum ásamt fimm öðrum á kynningu á samtökunum BEST (Board of European Students of Technology) sem voru stofnuð árið 1989. Þau samanstanda af 69 háskólum í yfir 20 löndum Evrópu og eru ört vaxandi. Meginmarkmið þeirra er að stuðla að auknum samskiptum tæknistúdenta í Evrópu. Við vorum þarna í nokkra daga, kynntumst fullt af skemmtilegu fólki og fengum þvílíkt góðar viðtökur.“

En hvernig gekk ferðalagið og hvernig land er Makedónía? „Makedónía er eitt af gömlu Júgóslavíuríkjunum og er fátækt land. Borgin Scopia er líka dálítið óhrein og ólík öðrum borgum sem ég hef komið til. Við lentum á pínulitlum flugvelli eftir millilendingar í Prag og á Heathrow þar sem við náðum nokkurra stunda nætursvefni á bekkjum flugstöðvarinnar. Við vorum sótt á fremur hrörlegu rúgbrauði og flutt upp í sveit á eldgamalt en risastórt hótel. Maturinn var nú ekkert upp á margar stjörnur en maður lét sig hafa það. Þetta var svakalega skemmtilegt og eiginlega alger draumur. Þó að þarna væru 500 manns vissu allir að von væri á Íslendingum og létu eins og við værum voða mikilvæg. Eitt kvöldið var alþjóðakvöld. Þá kom fólk með matvæli og skemmtiefni frá sínu landi. Við buðum upp á flatkökur, hákarl, brennivín, harðfisk og Appollólakkrís og sungum lagið Krummi svaf í klettagjá í fimmundarsöng.“



Í bænum Ohrid í Makedóníu, ásamt vinkonunni Lindu Björk.

Hverjum hópi innan samtakanna segir Helena Marta skylt að halda námskeið á minnst tveggja ára fresti sem bjóða upp á aukreitis menntun fyrir stúdenta. Víðfari mun halda eitt í lok júní sem ber titilinn Orkusamfélagið Ísland – Vetni og jarðvarmi. Á það koma 25 manns sem dvelja hjá okkur í tvær vikur. „Fólk á að geta ferðast um Evrópu og sá hópur sem skipuleggur námskeiðið sér um gistingu og uppihald fyrir alla þannig að gestirnir þurfi ekkert að borga,“ lýsir hún. Sjálf er hún búin að fara á eitt slíkt, og það í Rómaborg.

„Ég var ein af 700 manns sem sótti um að komast á námskeiðið í Róm og ein af 20 sem teknir voru inn. Það var ítölskunámskeið og alveg bráðskemmtilegt. Ég var þarna í viku og borgaði ekki krónu nema fyrir það sem ég keypti sjálf. Við fengum leiðsögn um borgina, fórum í skoðunarferðir fyrri part daganna og skoðuðum kirkjur og aðrar merkisbyggingar, Colosseum og allar þessar helstu minjar. Það rigndi reyndar allan tímann og Ítalirnir voru á bömmer yfir því.“

Helena Marta segir BEST vera mögnuð samtök og hún vonar að Víðfari fái inngöngu í þau á aðalfundinum í lok þessa mánaðar.

# Að pakka loftdýnu

***Að pakka loftdýnu reynist mörgum hin mesta gestaþraut.***

Kannski þarf engan geimvísindamann til að pakka saman fyrir mann loftdýnunni í útilegum. Hins vegar reynist sú pökkun oft hin besta gestaþraut enda er oft hægara en sagt en gert að koma dýnunni ofan í dýnupokann. Í ráðabankanum á útivera.is má finna góð ráð frá loftdýnuframleiðandanum Therm-a-Rest um hvernig sé best að bera sig að.

Opnaðu ventilinn, rúllaðu dýnunni upp og pressaðu loftið út án þess þó að leggja allt í sölurnar. Settu dýnuna undir hnén til að pressa „síðasta“ loftið út. Breiddu því næst aftur úr dýnunni og byrjaðu upp á nýtt en nú með ventilinn lokaðan. Þá mun dýnan rúllast sem aldrei fyrr eða þar til hún er næstum öll upprúlluð. Þá kemur í ljós allt aukaloftið sem situr eftir. Þá er hnéð sett, eins og áður, á dýnuna og ventilinn opnaður til að pressa síðasta loftið út.

Svo er bara að setja loftdýnuna snyrtilega ofan í pokann og hafi dýnupressarinn borið sig rétt að mætti jafnvel koma fyrir einum litlum kodda í pokann líka.



Verum vel undirbúin í útilegunni í sumar.



Færeyjar eru hluti af Ferðamálaráði sem tekur þátt í ferðakaupstefnu Vestnorden

## Vestnorden á Íslandi

Vestnorden 2006 verður haldin á Íslandi 12. og 13. september. Vestnorden er árleg ferðakaupstefna sem Ferðamálaráð Íslands, Grænlands og Færeyja hafa staðið fyrir í rúma tvo áratugi. Kaupstefnurnar eru haldnar til skiptis í löndunum þremur. Sýnendur á kaupstefnunni eru frá þessum löndum þremur og á Vestnorden hitta þeir ferðaheildsala hvaðanæva að úr heiminum og eiga með þeim stutta fundi. Þarna er um að ræða fyrirtæki sem eru að selja, eða hafa hug á að selja, ferðir til Íslands, Færeyja og Grænlands. www.saf.is

# Keisaraskurðurinn og Kínamúrinn

***Kínaklúbbur Unnar verður með tvær ferðir til Kína á þessu ári. Sú fyrri er í maí-júní og sú síðari á haustdögum.***

Ferðirnar með Unni eru 22 daga langar og í vorferðinni sem hefst 18. maí verður farið á slóðir sem fáir Íslendingar hafa komið á, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Unni. Þar nefnir hún eyjuna Putushan í Austur-Kínahafi sem hún segir að sé einstaklega fögur. Einnig verður farið til postulínsborgarinnar Jingdezhen þar sem postulínsgerð hefur verið stunduð í eitt þúsund ár. Borgirnar Shanghai og höfuðborgin Beijing, ásamt Forboðnu borginni verða skoðaðar vel og einnig komið til borgarinnar Hangzhou þar sem farið verður í siglingu á Keisaraskurðinum. Ekki má svo gleyma að geta sjálfs Kínamúrsins sem gengið verður á. Hitastigið í maí og júní er alveg kjörið fyrir Íslendinga að sögn Unnar. „Um miðjan maí er orðið hlýtt og þá er komið stuttermaveður," lofar Unnur sem hefur skipulagt ferðir til Kína frá árinu 1992. Verðið er 350 þúsund á mann í tvíbýli og þar er allt innifalið. „Fólk þarf ekki að taka með sér peninga nema ef það vildi kaupa sér eitthvað fallegt." segir frúin að lokum. Nánari ferðalýsingu má finna á vefsíðunni www.simnet.is/kinaklubbur.



Kínamúrinn er meðal þess sem skoðað er í ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Orlando er vinsæll áfangastaður.

# Skipt um flugvöll

***Icelandair flutti nýlega starfsemi sína milli flugvalla í Orlando.***

Icelandair flutti starfsemi sína frá Orlando International-flugvellinum í Orlando yfir á Sanford International-flugvöllinn í sömu borg í lok mars. Sanford Orlando-flugvöllurinn er norðaustur af Orlando, í um 29 km fjarlægð frá borginni.

Flugvöllurinn er mjög þægilegur þar sem einungis er um tvö svæði að ræða (Terminal A og Terminal B). Á svæði A eru öll millilandaflug og á svæði B eru öll innanlandsflug. Swiss Port sér um að innrita farþega Icelandair.

Á flugvellinum eru nokkrar verslanir, veitingastaður og aðstaða fyrir börn.



Hvítur sandur og hlýr sjór eru meðal þess sem einkennir strendur Mexíkó.

# Mexíkóferðir á tilboði

***Mastercard býður 10.500 króna afslátt á ferðir Trans Atlantic til Mexíkó í sumar.***

Tvær ferðir eru fyrirhugaðar til Mexíkó snemmsumars á vegum Trans Atlantic, dagana 25. maí og 8. júní og gist er í þrettán nætur í Mexíkó. Trans Atlantic hefur gert sérstækan samning við Kreditkort hf - Mastercard á Íslandi með það að leiðarljósi að bjóða korthöfum fyrirtækisins upp á afslátt frá almennu verði. Tilboðið nær einungis til svokallaðra „all inclusive" hótela þar sem allt er innifalið (gisting, matur, afþreying og fjölmargt fleira eins og sjá má á heimasíðunni http://www.transatlantic.is. Takmarkað sætaframboð er í ferðirnar.





**Hvítkál** er ekki ræktað á Íslandi í maí og júní. Það er því um að gera að fá sér fullt af fersku hvítkáli áður en það verður illfáanlegt.



„kraftmikill staður"
GREIFINN
-fyrir alla
Greifinn veitingahús, Glerárgötu 20 600 Akureyri, Sími 460 1600



VERSLUN VÍNGERÐARMANNSINS
HÁGÆÐA VÍNGERÐAREFNI
EINFALT, ÓDÝRT ÁHUGAMÁL
ÓDÝR KOSTUR EF HALDA Á VEISLUR
áman
Skeifunni 11d - 108 Reykjavík
Reykjavíkurvegur 64
220 Hafnarfirði
www.aman.is

Sérfræðingar í saltfiski
Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.
Fyrir verslanir:
Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi
Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur
Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl
Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita
Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

allt
... sem þig vantar í nýja húsnæðið
vísir
NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTU-SKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

# Fullt hús matar

***Egg og páskar - páskar og egg. Kannski mest súkkulaðiegg en því ekki að bjóða upp á létta rétti úr hænueggjum?***

Egg eru hentug fæða, enda eru þau auðug af prótínum og vítamínum. Þau eru góð ein og sér, harðsoðin, linsoðin, spæld eða hrærð. Svo eru þau undirstaða í ýmsum réttum, svo sem eggjakökum og flestum kökum og gjarnan notuð í kjöt- og fiskfars. Góð regla er að brjóta eggin í bolla áður en þau eru sett út í mat eða deig til að tryggja að þau séu í lagi. Eggjakökur eru næringarríkar og tilvalið að elda þær þegar við höfum lítinn tíma til að undirbúa stærri máltíð.



Eggjakaka með spínati og tómat.
NORDIC FOTO/GETTY IMAGES



Kakan lögð saman.
NORDIC FOTO/GETTY IMAGES

## Eggjakaka með spínati

**Þessi eggjakaka er ljúffeng, heit eða köld og talsvert matarmikil.**
**1 meðalstór laukur, smátt saxaður**
**3 msk. olía**
**675 spínat, skolað og látið renna af því og skorið í ræmur**
**salt og pipar eftir smekk**
**ögn af múskati**
**3 tómatar, afhýddir og saxaðir**
**6 egg, þeytt aðeins saman**

Steikið laukinn gullinn í olíunni. Bætið við grænmeti og kryddi og hrærið í þar til spínatið er meyrt. Setjið eggin út í og látið þau stirðna undir loki á mjög látum hita í 10-15 mínútur. Látið eggjakökuna þorna að ofan undir glóðarrist og leggið hana saman.



Spænsk eggjakaka með kartöflum.
NORDIC FOTO/GETTY IMAGES

## Spænsk eggjakaka

**Kartöflur og egg eru undirstaðan í spænskri eggjaköku og því er hún holl og ekki sakar að hún er mjög bragðgóð.**
**8-10 kartöflur**
**4 egg**
**1 dl mjólk**
**olía**
**1 tsk. salt**

Hellið olíu á pönnu og hitið á miðlungshita. Skerið niður kartöflurnar í frekar þunnar sneiðar og brúnið í olíunni. Hafið það mikið af olíu að hún fljóti yfir kartöflurnar. Hitið kartöflurnar í olíunni þar til þær verða gulbrúnar. Brjótið eggin í skál og þeytið saman. Setjið saltið út í og mjólkina. Áður en þið setjið eggjahræruna út á kartöflurnar skuluð þið hella mestu olíunni af pönnunni. Hitið við vægan hita þar til eggin eru bökuð. Gott er að bera fram með niðurskornum tómötum í olíulegi og strá yfir þá oregano eða timjan.



Hrærð egg NORDIC FOTO/GETTY IMAGES

## Hrærð egg

**2 egg**
**1/2 dl mjólk eða rjómi**
**1/4 tesk. salt**
**2 matsk. rifinn ostur**
**1 matsk. matarolía**
**Saxaður graslaukur eða steinselja**

Hrærið egg, vökva og salt saman, bætið kryddjurtunum og rifna ostinum saman við.

Hitið feitina við lítinn straum á pönnu, hellið eggjahrærunni í og hrærið varlega frá botninum jafnóðum og eggin hlaupa saman. Takið pottinn að hellunni og látið hann standa á volgum stað þar til eggin eru hlaupin.

Eggin eru borin fram með brauði, reyktum fiski, kjöti og margs konar grænmeti.



## Eggjakaka með skinku og spergli

Teknir eru 10-12 sperglar, ferskir eða niðursoðnir. Ef notaðir eru ferskir er byrjað á að sjóða þá. 25g af smjöri eru brædd á pönnu og 3 vorlaukar látnir malla í því í 1-2 mínútur. Sex egg, 2 dl mjólk og 1/2 msk. af sinnepi þeytt létt saman og hellt yfir. Um 150 g skinku bætt út í og kryddað með heilum pipar. Haft á pönnunni á lágum hita í 8 mínútur, eða þangað til kakan er hlaupin. Þá er sperglinum raðað ofan á, 100 g af rifnum osti stráð yfir og kakan sett undir vel heitt grill í 2-3 mínútur.

Eggjakaka með skinku og spergli.
NORDIC FOTO/GETTY IMAGES

**Húsasmiðjan**
Óskar eftir afgreiðslumanni á kassa í nýrri verslun okkar í Hvarfahverfi í Kópavogi. Uppl. í síma 660 3193.
**Uppl. í síma 660 3193.**



Veitingahúsið Vín & Skel óskar eftir að ráða framreiðslumann og matreiðslumann sem fyrst. Einnig vantar okkur vant fólk í sal og eldhús í sumar. Ekki yngri en 19 ára. Uppl. veitir Kristján Nói í s. 664 3700.

Starfskraftur óskast! Óskum eftir starfskrafti á aldrinum 30-55 í framleiðslu og lagervinnu. Uppl. í síma 565 7744.

Europris. Starfsfólk óskast. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 511 3322. EUROPRIS.

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Vantar starfsmenn á trésmíðaverkstæði. Hurðir og Gluggar Kaplahrauni, Hfj. S. 663 7480.

**Just-Eat.is**
Óskum eftir vönum pizzasendlum á eigin bíl sem geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

Söluturninn Rebbi í Hamraborg. Starfskraft vantar í afgreiðslu, ekki yngri en 18 ára, reyklaus. Umsóknareyðublöð á staðnum. S. 554 5350.

**Vörubifreiðastjóri óskast**
Vinnuvélaréttindi engin fyrirstaða. Uppl. í s. 893 1791.

**Ræstingar**
Starfskraftur óskast til ræstingastarfa við ræstingar á skrifstofu á sv. 110 RVK. Vinnutími 7:30 - 13:00. Upplýsingar í síma 894 2297 eða á halldor@allthreint.is

Hjólbarðaverkstæði vantar vana menn í vinnu fullt starf og hlutastörf t.d m. skóla. Uppl. í síma 699 8901. Höfðadekk Tangarhöfða 15.

**Enni ehf**
Óskar eftir að ráða vana bílstjóra og vélamenn (konur). Uppl. í s. 899 0012.

Nýr veitingastaður á Laugavegi 22 óskar eftir að ráða kokk til starfa. Sveinspróf ekki nauðsynlegt en reynsla æskileg. Uppl. í s. 895 5010.

Óska eftir barþjónum og dyravörðum. Uppl. í s. 893 6870.

## Atvinna óskast

Fullorðinn maður óskar eftir vinnu hálfan til allan daginn. Margt kemur til greina. Vanur járniðnaði og fl. S. 698 6433.

## Viðskiptatækifæri

**Viltu miklu hærri tekjur?**
Viltu 100% tímafrelsi og 100% sjálfstæði? Ég get hjálpað þér. www.Fagmennska.com

**Viltu losna við baslið**
Viltu meiri tekjur? Sittu þá ekki aðgerðarlaus! Skoðaðu málið á www.Kennsla.com

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

**Sliskjur töpuðust**
Sliskjur töpuðust undan nýjum sturtuvagni seinnipart laugardags 08.04.06. Á Milli Lágmúla og Mosfellsbæjar. Finnandi vinsamlegast hafi samband við Böðvar í síma 660 6690.

## Einkamál

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

## Leikir

Bingó í kvöld. Vinabær.

Hörpuskin, íslensk gæðamálning. Flugger gefur lífinu lit.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## Starfsmaður óskast í matvinnslufyrirtæki

Þekking á matvælafr./næringarfr. er æskileg. Áhugi á vöruþróun og kínverskri matargerð er kostur og/eða að viðkomandi sé frá Asíu. Ekki yngri en 20. ára og þarf að vera samviskusamur, metnaðarfullur, hugmyndaríkur og reyklaus. Áhugasamir sendi svar, til Fréttablaðsins, merkt 9876

# Flakarar

Fiskvinnslufyrirtækið Hamrafell í Hafnarfirði leitar að vönum handflökurum. Allar nánari upplýsingar á staðnum eða í síma 565 0830 og 896 3939.

**Hamrafell ehf**
Hvaleyrarbraut 31, 220 Hfj.



FASTEIGNASALA
Salómon Jónsson - Lögg. fast.sali

**Hagasmára 1**
**Smáralind**
**Suðurlandsbraut 50**
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**

**SUMARBÚSTAÐUR - GRÍMSNESI!**





Frum

Sérlega hlýlegur, fallegur 43,5 fm sumarbústaður, með ca. 12 fm verönd, ásamt 9,9 fm geymsluskúr, samtals 53,4 fm á 5000 fm eignarlóð í Norðurkotslandi í Grímsnesi. Húsið er tvö svefnherbergi, WC og alrými með eldhúsi og stofu. Bústaðurinn er í góðu ástandi og hefur verið vel við haldið.

**Upplýsingar gefur Steinunn í síma 862 2969**

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS
BORGARTÚN 28, 2HÆÐ
588 5160
GUNNAR JÓN YNGVASON,
BJÖRGVIN Ö. ÓSKARSSON,
ÓSKAR MIKAELSSON,

## Bílaverkstæði í fullum rekstri í eigin húsnæði 355,3 fm.



Frum

Mjög góð aðkoma og mikil lofthæð eða um 4,2 mtr. Stórar innkeyrsludyr. Móttaka og skrifstofa er í lægri byggingusem og er um 42 fm af heildarstærð. Í húsinu er góð kaffistofa, snyrtingar með sturtu svo kontor. Í húsnæðinu eru 5 bílalyftur, og bilana-skannar fyrir bíla frá Ingvari Helgasyni h.f. Hafa sérhæft sig í þeim tegundum og unnið mikið fyrir umboðið. Allur búnaður verkstæðisins fylgir í kaupunum sem og viðskiptasambönd. Gott útipláss. GLÆSILEGT TÆKIFÆRI. **Frekari upplýsingar á skrifstofu eða í síma 846-8407**.

# Húsið fasteignasala hefur tekið að sér að kynna íbúðir á Kýpur



Frum

**Íslenskur byggingaraðili**



*Glæsilegur golfvöllur í nágrenninu*

***Nú þegar hefur fjöldi íslendinga fest kaup á eignum á þessum fallega stað á Norður Kýpur. Veitingastaðir og strönd í göngufæri. Stærð 70 – 110 fm. Verð 5,7 millj. – 7,7 millj.***

***www.husid.is – Gunnar Sími: 892 8702***

FASTEIGNASALA

**Suðurlandsbraut 50**
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**



## AÐALFUNDUR HÚSEIGENDAFÉLAGSINS

Aðalfundur Húseigendafélagsins 2006 verður haldinn fimmtudaginn **27. apríl** n.k. í sal Mímis símenntunarað Grensásvegi 16a Reykjavík og hefst hann kl. 16:15. Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Stjórnin.

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

**Elliðavað, Búðavað.**
Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðanna að Elliðavaði 1-17 og Búðavaði 1-23.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að byggingareitir breytast og stækka, einstaka byggingareiningar stækka, og lega húsagatna breytist. Megin ástæða breytinga er til að koma fyrir innbyggðum bílskúrum án þess að skerða um of íbúðarými.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 12. apríl til og með 26. maí 2006. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 26. maí 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 12. apríl 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# SJÓNARHORN



Umferðartafir vegna sprunginnar heitavatnsæðar á Breiðholtsbraut.
Fréttablaðið/GVA

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stór-markaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# KAUPVENJUR

## *Hönnunarbúðir í uppáhaldi*



Gabríela Friðriksdóttir listakona kaupir nær aldrei föt.

**Hver er uppáhaldsbúðin þín?**
Það eru byggingavöruverslanir, penninn og handprjónasamband Íslands þar sem ég fæ alíslenska ullarsokka.
**Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?**
Ég kaupi ekkert nema til að líma, tússa og mála og svoleiðis lagað. Ég fer því eiginlega aldrei í búðir.
**Verslar þú í útlöndum?**
Já, ef ég er að vinna að verkefnum þar. Annars reyni ég að forðast það að fara í tískuvöruverslanir. Reyndar fer ég í plötubúðir og kaupi geisladiska og DVD-myndir ef ég er í útlöndum.
**Eru einhverjar venjur við innkaup?**
Ég er mjög venjuföst og kaupi vanalega það sama.
**Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?**
Ég get ekki sagt það. Ég bý svo vel að í kringum mig er mikið af skemmtilegum íslenskum hönnuðum sem eru að gera góða hluti. Ég fæ því fötin mín eiginlega upp í hendurnar.

## VISSIR ÞÚ...

...að Djengis Khan fæddist árið 1162?

...að hann var sonur ættbálkshöfðingja?

...að skírnarnafn hans var Temüjin?

...að Djengis Khan var færður fjölskyldu framtíðarkonu sinnar þegar hann var aðeins níu ára?

...að þar átti hann að vera þangað til hann næði giftingaraldri sem var 12 ár?

...að faðir hans var myrtur fljótlega eftir það?

...að Djengis Khan ólst upp í sárri fátækt eftir það? Hann flakkaði um með móður sinni og systkinum og lifði á landsins gæðum.

...að sagan segir að hann hafi drepið hálfbróður sinn vegna deilna um hvernig skipta ætti veiðifeng?

...að 16 ára giftist hann Börte og entist hjónaband þeirra fram á dauðadag þeirra?

...að Djengis Khan reis hægt og örugglega til valda og tókst honum, með persónutöfrum, eljusemi og hörku, að sameina áður stríðandi ættbálka Mongóla?

...að árið 1206 viðurkenndi ráð höfðingja Mongólíu vald Djengis Khan? Að því tilefni hlaut hann nafnbótina Djengis Khan.

...að árið 1209 vann Djengis Khan fyrsta stóra hersigur sinn á Jurchen Jin keisaraveldinu (Norður Kína)?

...að árið 1213 komst her Djengis Khan að og yfir Kínamúrinn?

...að árið 1215 náði Djengis Khan Peking á sitt vald?

...að á næstu 5 árum lagði Djengis Khan undir sig ztan löndin í Mið-Asíu? Heimsveldið sem þar var fyrir kallaðist Khwarezmia.

...að Djengis Khan sýndi gríðarlega hörku er hann lagði Khwarezmiu undir sig? Hann myrti fjölmarga borgara, lét hermenn sína nauðga og stela og að lokum drap hann leiðtoga þeirra með því að hella bræddu silfri í augu og eyru hans.

...að herferðir Djengis Khan héldu áfram og á næstu árum bættust Persneska heimsveldið og slavaþjóðirnar (Austur-Evrópa) í heimsveldi Mongóla?

...að hernaðaryfirburðir Mongóla voru á sviði skipulagningar, strangs aga og góðs búnaðar?

...að Djengis Khan notaði sálfræði mikið í hernaðaráætlunum sínum?

...að her hans var stéttlaus og skapaði það mikla einingu innan hans.

...að flestir Mongólar voru aldir upp á hestbaki? Mongólskir bogmenn á hestum voru efni í martraðir allra andstæðinga, svo skilvirkir voru þeir.

...að Djengis Khan lést árið 1227?

...að eftir dauða hans héldu synir hans og barnabörn áfram að stækka heimsveldið?

...að þegar veldið var stærst náði það frá vesturströnd kyrrahafsins í austri, að borgarhliðum Vínarborgar í Austurríki í vestri?

Rauði kross Íslands

ER GEÐRÖSKUN Í FJÖLSKYLDUNNI?

Tvö námskeið fyrir aðstandendur og áhugafólk um geðheilbrigðismál, verða haldin í Menntaskólanum í Kópavogi, Digranesvegi 51.

Fyrra námskeiðið verður haldið þann 19. og 20. apríl 2006 og hið síðara þann 21. og 22. apríl 2006

Dagskrá

| | | |
|---|---|---|
| | **Fyrri dagur námskeiðs** | |
| 18:00-18:15 | Námskeiðið sett og fjallað um tilurð, tilgang og framkvæmd | Helga G. Halldórsdóttir sviðsstjóri innanlandssviðs Rauða kross Íslands |
| 18:15-19:10 | Geðraskanir, meðferð og aðstandendur | Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur |
| 19:10-19:40 | **MATUR** | |
| 19:40-20:00 | Andstreymi og barátta - innlegg aðstandanda | Margrét Ómarsdóttir foreldri |
| 20:00-20:50 | Meðvirkni - sjálfsvirðing | Sr. Vigfús Bjarni Albertsson |
| 20:50-22:00 | Umræðuhópar | |
| | **Seinni dagur námskeiðs** | |
| 09:00-09:50 | Sjálfsvígsatferli | Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur |
| 09:50-10.20 | Sorg - áfall - úrvinnsla | Sr. Vigfús Bjarni Albertsson |
| 10:20-10:35 | **KAFFI** | |
| 10:35-11:20 | Umræðuhópar | |
| 11:20-12:10 | Meðvirkni innan fjölskyldunnar og hvað er til ráða | Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur |
| 12:10-13:00 | **MATUR** | |
| 13:00-13:30 | Lífshjólið | Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur |
| 13:30:14:10 | Umræðuhópar | |
| 14:10-14:40 | Heilsuefling - andleg og líkamleg heilsurækt | Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur |
| 14:40-15:00 | **KAFFI** | |
| 15:00-15:30 | Stuðningshópar aðstandenda | Sveinn Magnússon frá Geðhjálp |
| 15:30-16:00 | Myndun stuðningshópa | |

Þátttaka er ókeypis en vinsamlegast skráið þátttöku fyrir **18.apríl** á netfangið: afgreidsla@redcross.is eða í síma 570 4000, tilgreina þarf nafn, kennitölu og síma.
Allar nánari upplýsingar veitir Jón Brynjar Birgisson, svæðisfulltrúi Rauða krossins á höfuðborgarsvæði í síma 565 2425 / 864 6750,



**Í SPORUM JESÚ KRISTS Á ÓLÍVUFJALLI** Á fáum stöðum í heiminum er páskahátíðin eins nærri og í Jerúsalem. Þótt deilt sé um nákvæmar staðsetningar á atburðunum fyrir tæpum tvö þúsund árum flykkjast pílagrímar á ákveðna staði innan borgarmarkanna í því skyni að heiðra spámanninn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## AFMÆLI



**Geir Gunnarsson** fyrrum vararíkissáttasemjari er 76 ára.



**Sigríður Þorvaldsdóttir** leikkona er 65 ára.



**Viktor Arnar Ingólfsson** rithöfundur er 51 árs.



**Friðrik Friðriksson** leikari er 34 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1839** Nikolai Przhevalsky, rússneskur landkönnuður.



**1748** Antoine-Laurent de Jussieu, franskur grasafræðingur.



**1902** Louis Beel, forsætisráðherra Hollands.



**1979** Claire Danes, bandarísk leikkona.




Kauptu
Rúbín Sælkerakaffi
og í pakkanum
gæti leynst
ekta espresso
kaffivél

Rúbín kaffi

Kaffileikur Rúbín

Alvöru kaffihúsastemmning heima hjá þér...

Vegleg verðlaun í boði:

1.-5. vinningur: DeLonghi EAM3400 fullkomin 1,8l Espresso kaffivél með kaffikvörn.
Þú velur hvort þú notar malað kaffi eða baunir og lætur vélina mala ilmandi ferskt kaffi beint í bollann. Þessi frábæra vél er afkastamikil og nákvæm og getur munað margar mismunandi stillingar fyrir uppáhaldsdrykkinn, hvort sem hann heitir espresso eða cappucino.

50 aukavinningar: Gjafakarfa frá Ó.Johnson & Kaaber.

Það eina sem þú þarft að gera er ...

... að kaupa Rúbín Sælkerakaffi og það gæti leynst vinningsmiði í pakkanum.

Því oftar sem þú kaupir Rúbín Sælkerakaffi - því meiri líkur á að vinna!

Rúbín Sælkerakaffi - sérvalið kaffi framleitt á framúrskarandi hátt. Heimilistæki



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000





# Sæktu um styrk!

SPRON hefur um árabil stutt við bakið á viðskiptavinum sínum, meðal annars með því að gefa þeim kost á að sækja um styrk í þeim tilgangi að auðvelda þeim leiðina að takmarki sínu.

*Meðal styrkja sem SPRON veitir má nefna:*

- **námsstyrki** að upphæð 200.000 kr.
- **bókastyrki** að upphæð 20.000 kr.
- **bílprófsstyrki** að upphæð 25.000 kr.
- **endurmenntunarstyrki** að upphæð 25.000 kr.
- **tómstundastyrki** að upphæð 20.000 kr.

*Nánari upplýsingar og umsóknir er að finna á* ***spron.is***

endurmenntunarstyrkir námsstyrkir bókastyrkir tómstundastyrkir bílprófsstyrkir

Umsóknarfrestur um námsstyrki er **til 15. apríl** ár hvert

spron – fyrir allt sem þú ert

Nánari upplýsingar í síma **550 1400** eða á **spron.is**


Allir krakkar sem koma í Veröldina okkar fá Púkadúkku frá Nóa Siríus*
VERÖLDIN OKKAR
NÓI SÍRÍUS
*Á meðan birgðir endast



# Páskar

## Í Smáralind

### Þú nærð enn að vera með!

## VILTU VINNA FLUGEGG?

**Komdu í Smáralind og taktu þátt í skemmtilegum páskaleik Smáralindar, Nóa Síríusar og Icelandair.**

ICELANDAIR NÓI SÍRÍUS

Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassakvittun frá verslun eða þjónustuaðila í Smáralind við þátttökuseðil og skila í kassann við þjónustuborðið. Þú gætir unnið Flugegg, tvo miða til Manchester með Icelandair, rafrænt gjafakort eða eitt af 90 páskaeggjum frá Nóa Síríusi.

### Rafræn fermingargjafakort




Gjafakortin virka næstum eins og debetkort, nema að þau eru handhafakort og því ekki skráð á nafn og ekki með mynd eða undirskrift.
Kortin fást á þjónustuborði Smáralindar á 1. hæð og hægt er að kaupa kort fyrir hvaða upphæð sem er að lágmarki 1.000 kr.

**Gjafakortunum fylgir flott heillaóskakort og umslag.**

### Afgreiðslutíminn um páskana

- **Skírdag 13. apríl:** opið frá kl. 13-18
- **Föstudaginn langa 14. apríl:** lokað, Smárabíó opið.
- **Laugardaginn 15. apríl:** opið frá kl. 11-18
- **Sunnudag, páskadag, 16. apríl:** lokað, Smárabíó opið.
- **Mánudag, annan í páskum, 17. apríl:** lokað, Smárabíó opið, Hagkaup opið 12-18, Nóatún opið 11-20, Adesso opið 13-18, Energia opið 13-18, Friday´s opnar kl. 16, Pizza Hut opið 12-21 og Subway opið 12-18.

ENNEMM / SÍA / NM21300




Gleðilega páska!

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000




## STUÐ MILLI STRÍÐA Mikilmennskubrjálæði safnarans

**STEINÞÓR HELGI** ARNSTEINSSON RÝNIR Í SÖFNUNARÁRÁTTU



Ég er einn af þessum vitleysingum sem kalla mætti „dellukall“, þó svo að ég telji mig of ungan til þess að verðskulda að vera kallaður kall. Besta dæmið um þessa fíkn/dellu/vitleysu/söfnunaráráttu mína eru geisladiskakaup og tónlistaráhugi almennt. Fátt veitir mér eins mikla unaðstilfinningu og þegar ég kaupi plötu (af hverju kallar maður geisladiska enn plötur?) og ríf svo loks af henni plastið heima.

Plöturnar í litla herberginu mínu skipta núna mörgum hundruðum en hvað hafa þær virkilega gefið mér? Jú, ég get sagt í „gáfumanna“partíum að auðvitað eigi ég Marquee Moon með Television og þrætt síðan lengi við besservissa um hver sé besta plata Sonic Youth (Daydream Nation!!!). Ég bý svo vel að eiga flest allar plötur Sonic Youth en sumar þeirra hef ég einungis rennt yfir í snarhastri. Í raun á ég heilan helling af plötum sem ég hef í mesta lagi hlustað á tvisvar. En ég á þær samt og það helgar meðalið.

Til hvers er ég samt eiginlega að safna öllum þessum plötum, til hvers eru allir á annað borð að safna hlutum? Ætli maður fyllist einhvers konar sjálfsöryggi vitandi það að frímerkið mitt sé flottara en eitthvað annað? Er þetta svona eins og þegar þótti ýkt töff að hafa séð allar topp 30 myndirnar, aftast í Myndböndum mánaðarins?

Er fólk með söfnunaráráttu eða þeir sem kallast „dellukallar“ bara að reyna að vera meira töff en hinir með því að eiga eða státa af flottari dóti en náunginn við hliðina á sér? Ég held að þessi þrá, þörf, hvöt eða hvað sem má kalla sé ein af frumkröftunum innra meða okkur. Þessi frumkraftur birtist meira að segja í einkunnarorðum Ólympíuleikanna; hraðar, hærra, sterkara. Manneskjan er alltaf að leitast við að gera allt betra og flottara og þráin endurspeglast því í ýmiss konar söfnunaráráttu. Ég ætla því ekki að reyna að berjast lengur á móti þessum frumkrafti. Ég ætla að halda áfram að bæta í plötusafnið mitt, gera það flottara, fágaðra, fallegra.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Pú og pa** Eftir SÖB




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott





4.990

**Hekkklippa**
**B&D,** 400W, 40 sm blað
5083599

# Allt í vorverkin



10.995

**Mosatætari**
**B&D,** 30 sm., 400W,
3 hæðastillingar
5083610



8.995

**Keðjusög**
**Texas,** 2000W, 40 sm. blað
5083575



50% afsláttur

299
~~595~~

**Laufhrífa**
5084337



999
~~1.595~~

**Greinaklippa**
**Gardena**
5087535



1.695
~~2.495~~

32% afsláttur

**Greinaklippa**
**Gardena,** 46 sm. löng, klippir 30 mm.
5087454



995
~~1.895~~

**Hekkklippa**
**Hipoint**
5084672

## Gleðilega páska

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

**Kl. 17.00**
*Listfræði- og myndlistarnemar í Listaháskóla Íslands opna sýningu í gallerí Gyllinhæð á Laugavegi 23. Sýningin kallast Heima, að heima og verkin eru af ólíkum toga en öll unnin sérstaklega fyrir sýninguna.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Síðasti dansinn*

Listdansskóli Íslands heldur sína síðustu vorsýningu á sviði Borgarleikhússins í dag kl. 20.00. Vegna ákvörðunar Menntamálaráðuneytisins verður skólanum lokað þann 31. maí næstkomandi. Á sýningunni munu um 170 nemendur skólans á aldrinum 9-20 ára sýna afrakstur námsins í vetur. Sýningin er þrískipt, framhaldsdeild skólans sýnir atriði úr ballettinum „Paquita“ og nútímaverk byggt á verki danshópsins O Corpo en yngri nemendurnir sýna dansverk byggt á söngleiknum um Mary Poppins.

Skólinn var stofnaður árið 1952 og hét þá Listdansskóli Þjóðleikhússins og starfaði á vegum leikhússins til ársins 1990 þegar hann flutti ásamt Íslenska dansflokkinum að Engjategi 1. Þessar tvær stofnanir störfuðu síðan saman, Íslenski dansflokkurinn og Listdansskóli Íslands, þar til um haustið 1997 að dansflokkurinn flutti í Borgarleikhúsið.



**VORSÝNING LISTDANSSKÓLI** Seinni sýning nemenda í kvöld.

### > Ekki missa af

Tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands í **Glerárkirkju** á skírdag. Flutt verður Skálholtsmessa eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson.

Leikritinu Forðist okkur í **Borgarleikhúsinu.** Nemendaleikhúsið og Common Nonsense-leikhópurinn í ógleymanlegri uppfærslu.

Fjölþjóðlegri samsýningu í **Nýlistasafninu,** Húsið okkar er hús sem hreyfist, vísindin snerta listina á margslunginn hátt.



**STEINAR SIGURÐARSON SAXÓFÓNLEIKARI** Leikur jazzlistir í góðum félagsskap.

# Forskot á helgina

Jazzklúbburinn Múlinn stendur fyrir reglulegum tónleikum í Þjóðleikhúskjallaranum og í kvöld verður blásið í fönk og jazzlúðra. Steinar Sigurðarson saxófónleikari kemur fram ásamt Jóhanni Hjörleifssyni trommuleikra, Róberti Þórhallssyni sem leikur á bassa, hljómborðsleikaranum Daða Birgissyni og bróður sínum Snorra Sigurðarsyni sem leikur á trompet. „Ég verð í frábærum félagsskap,“ segir Steinar og segir að þeir félagar muni leika fönk og jazz í hressari kantinum.

Steinar útskrifaðist úr LHÍ á síðasta ári og er hefur í hyggju að gefa út jazzplötu með frumsömdu efni á þessu ári. Hann hefur starfað talsvert með popphljómsveitum og hefur til að mynda spilað með Skítamóral. „Við bræðurnir höfum líka unnið mikið af stúdíóvinnu en það er skemmtun að fá að spila á svona tónleikum,“ útskýrir hann og líklega má búast við líflegri stemmningu í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00. **- khh**






# Klassík í Mývatnssveit

**Það verður hátíðleg stemmning í Mývatnssveit um páskana því þar verður haldin árleg tónlistarhátíð þar sem úrvals listamenn munu leika fyrir heimafólk og gesti.**

Meðal þeirra sem koma fram á tónleikunum er Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari sem segir að framtakið sé viðbótarafþreying fyrir fólk sem dveljast muni í Mývatnssveit yfir páskahátíðina og þar með liður í að lengja ferðamannatímann, oft sé mikið um að vera í sveitinni á sumrin en minna á veturna. Þetta er í níunda skipti sem efnt er til þessarar tónlistarhátíðar og sem fyrr verða haldnir tvennir tónleikar, þeir fyrri í Félagsheimilinu Skjólbrekku á skírdag kl. 20.00 þar sem Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari, Sigurður Bjarki Gunnarsson sellóleikari, Áshildur Haraldsóttir flautuleikari, Elísabet Waage hörpuleikari og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttur mezzósópransöngkonu munu koma fram ásamt Laufeyju.

„Fyrri tónleikarnir eru hefðbundir kammertónleikar en þar verða meðal annar fluttar spánnýjar útsetningar Þorkels Sigurbjörnssonar á íslenskum þjóðlögum,“ segir Laufey og bætir við að margir kannist við sum þessara laga eins og „Ólaf liljurós“ og „Krummann á skjánum“.

Síðari tónleikarnir verða haldnir í Reykjahlíðarkirkju á föstudaginn langa og hefjast kl. 21. „Þar leikum við allt annars konar tónlist,“ segir Laufey og bætir við að hún taki mið af deginum og sé kirkjuleg tónlist með alvarlegra yfirbragði en þá leikur hópurinn meðal annars verk eftir Schubert, Bach og Mozart.

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópransöngkona kemur hingað sérstaklega til að taka þátt í tónleikunum og segir Laufey að þeim sé mikill fengur í að fá hana til landsins. Guðrún Jóhanna býr og starfar á Spáni en kemur hingað í stutta heimsókn. „Þetta verða mjög fallegir og hátíðlegir tónleikar,“ segir hún og vísar til efnisskrárinnar þar sem finna má sönglög sem sjaldan heyrast hér á landi eins og „Söng fuglanna“ eftir Montsalvatge sem viðeigandi sé flytja á vordögum í fallegu umhverfi og söngperluna „Psyche“ eftir Manuel de Falla.

Miðar á tónleikana verða seldir við innganginn í Félagsheimilinu Skjólbrekku og í Reykjahlíðarkirkju. **kristrun@frettabladid.is**



**HÓPUR HLJÓÐFÆALEIKARA OG SÖNGKONAN GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR SÆKJA MÝVETNINGA HEIM** Halda tvenna tónleika um páskahelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIÐA

# Systur í blíðu og stríðu

„Hugmyndin kemur meðal annars til af því að það vantar fleiri konur í leikhúsin, karlar hafa verið of fyrirferðamiklir á fjölunum“, segir Þórunn Guðmundóttir leikskáld en verk hennar, Systur, verður frumsýnt á vegum Hugleiks í Möguleikhúsinu í kvöld kl. 20.

Leikritið fjallar um þrjár systur sem misst hafa móður sína á unga aldri og eiga sinnulausan föður sem lætur uppeldishlutverkið lönd og leið. Þegar systurnar eldast snúa þær aftur á æskuheimili sitt til að vera við dánarbeð föður síns. Ýmsir draugar úr fortíðinni vakna þegar systurnar taka til við að ganga frá dótinu sem faðirinn lætur eftir sig en atburðarásin á sér stað á einu kvöldi og spurningin er sú hvort systrunum tekst að pakka öllu saman áður en dagur rennur eða hvort ekkert verður eins og áður. Leikstjóri sýningarinnar er Þorgeir Tryggvason.

Þórunn hefur skrifað nokkur af eftirtektarverðustu verkum Hugleiks undanfarin ár, svo sem verkið Kleinur og söngleikinn Kolrössu sem er eitt aðsóknarmesta verk Hugleiks frá upphafi. „Í Systrum er blandað saman hrollvekjandi dramatík og ærslafullu gríni á ögrandi hátt eins og höfundinum, og Hugleik, er von og vísa“, segir í fréttatilkynningu um sýninguna. Systur er heldur ekki eina verkið sem leikskáldið hefur á prjónunum því 22. apríl næstkomandi frumsýnir Tónlistarskólinn í Reykjavík óperuna Mærþöll sem Þórunn samdi sérstaklega fyrir nemendur skólans. Þegar Þórunn er innt eftir samanburði á verkunum segir hún Mærþallarsögu vera af allt öðrum toga því óperan sé gamansöm þótt undirtónn hennar sé alvarlegur. „Í Systrum er aftur á móti fjallað um íslenskan raunveruleika, kaldranalegan og hversdagslegan á yfirborðinu en þeim mun litskrúðugri þegar komið er inn að kvikunni“, segir Þórunn að lokum.

Þess má geta að systur fá sérkjör á sýninguna í Möguleikhúsinu því aðeins er greitt fyrir eina systur úr hverri fjölskyldu sem er vitanlega kjarabót fyrir barnmargar fjölskyldur. **- bb**



**HUGLEIKUR FRUMSÝNIR NÝTT VERK** Hrollvekjandi dramatík og ærslafullt grín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Úrval af sófum á vaxtalausum kjörum

**OPIÐ**
- Í dag til kl. 20
- Á morgun Skírdag

## Sérsmíðum

eftir þínum þörfum. Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.



ekta leður

**99.000** kr

Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðurhornsófi** 2+h+2

## Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri

Fullt verð **168.000** kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 Dany

Fullt verð **168.000** kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 M6217

Fullt verð **204.000** kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Bycast sófasett** 3+1+1 Nice

Fullt verð **216.000** kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 Chesterfield

Fullt verð **168.000** kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 3178

Fullt verð **156.000** kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris

Fullt verð **237.600** kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 3002

Fullt verð **168.000** kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 3057

Fullt verð **168.000** kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðurhornsófi** 2+h+2 3130

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 14. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

7. sýn. mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** -örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 20/4 nokkur sæti laus, 9. sýn. fös. 21/4 nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 22/4 nokkur sæti laus, sun. 23/4, fim. 27/4, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** - **uppselt**, fim. 20/4 nokkur sæti laus, fös. 21/4 nokkur sæti laus, lau. 22/4, sun. 23/4, fim. 27/4 nokkur sæti laus, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4. **Aðeins þessar 8 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**, fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**. **Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

THE BIG CRY

Í kvöld mið. 12/4 kl. 21:00 örfá sæti laus, mið. 19/4 kl. 21:00, fim. 20/4. kl. 21:00. **Aðeins þessar 3 sýningar.**

LEIKHÚSKJALLARINN

**Jassklúbburinn Múlinn - F.R.E.T.** Í kvöld mið. 12/4 kl. 21:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Su 23/4 kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KALLI Á ÞAKINU
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum UPPSELT
Fi 20/4 kl. 14, sumard. fyrsti UPPSELT
Fi 20/4 kl. 17, sumard. fyrsti AUKASÝNING
Lau 22/4 kl. 14 UPPSELT

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS Su 21/5 kl. 20 UPPS
Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING

VORSÝNING 2006
Listdansskóli Íslands
Í kvöld kl. 20
SÍÐASTA SÝNING

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20
Fi 18/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 27/4 kl. 20 AUKASÝNING
Su 30/4 kl 20 AUKASÝNING
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN
Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20
Fö 19/5 kl. 20 Su 21/5 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Lau 22/4 kl. 20 Fö 28/4 kl. 20
Fö 5/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

FORÐIST OKKUR
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 22/4 kl. 17 & 20 Su 23/4 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!

DANSleikhúsið
Mi 19/4 kl. 20 Su 23/4 KL. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR

TENÓRINN
Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is




**DÓRI OG DIETRA** Dóri úr Vinum Dóra ásamt söngkonunni Dietra Farr.

# Blúshátíð hafin

Blúshátíð í Reykjavík var sett í gær á Nordica hóteli við hátíðlega athöfn. Á meðal þeirra sem voru við setninguna voru blúsdívurnar þrjár frá Chicago; Dietra Farr Zora Young og Grana Louise ásamt Fruteland Jackson frá Mississippi.

Fruteland Jackson kemur fram á gospel- og sálmatónleikum í Fríkirkjunni á föstudaginn langa, en með honum þar syngja blúsdívurnar þrjár ásamt íslenskum tónlistarmönnum.

Jackson verður líka aðalgesturinn á tónleikum á Nordica hóteli í kvöld kl. 21.00.

Fruteland er margverðlaunaður blússöngvari, með djúpar rætur í blúshefðinni sem spratt upp við árósa Mississippi. Nýjasta platan hans, Blues 2.0, sem kom út árið 2004, fékk mjög góða dóma, og var tilnefnd til W.C Handy-verðlaunanna sem besta órafmagnaða blúsplata ársins.

Fruteland starfar í Chicago, en kemur fram á Blúshátíð í Reykjavík í stað Bubba Morthens, sem forfallaðist.

Miðasala á hátíðina fer fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og midi.is. Miðaverð er 2000 krónur á hvert kvöld á Nordica hóteli og á tónleika sem verða haldnir í Fríkirkjunni á föstudag.

## DAGSKRÁ BLÚSHÁTÍÐAR

**Miðvikudagur 12. apríl**
Tónleikar á Nordica hóteli kl 21.00:
- Fruteland Jackson frá Missisippi
- Á veröndinni með Dóra Braga, Bjögga Gísla Gumma P. og Sigga Sig.
- Krummarnir (Hrafnkell, Snorri, Magnús, Helgi og Kristján)
- Blúsuð ljóð eftir Kristján fjallaskáld Jónsson
- Hlöðver, Tommi, Rúnar
- Óvæntur leynigestur!

**Skírdagur 13. apríl**
Tónleikar á Nordica hóteli kl 21.00
- Þrjár dívur frá Chicago (Deitra Farr Zora Young & Grana Louise)
- Vinir Dóra

**Föstudagurinn langi 14. apríl**
Fríkirkjan í Reykjavík kl. 20.00
- Sálmatónleikar, þrjár dívur frá Chicago (Zora Young, Deitra Farr, Grana Louise, ásamt Fruteland Jackson).
- Eðvarð Lárusson, Jón Rafnsson og Ásgeir Óskarsson.

# Newsom með aukatónleika



**JOANNA NEWSOM** Hörpuleikarinn og söngkonan er á leiðinni til Íslands.

Aukatónleikar verða í Fríkirkjunni þann 16. maí með söngkonunni og hörpuleikaranum Joanna Newsom.

Nær uppselt er á fyrri tónleikana sem verða í Fríkirkjunni 18. maí. Tónlistarmaðurinn Smog, sem heitir réttu nafni Bill Callahan, mun leika á báðum tónleikunum ásamt Slowblow. Smog er m.a. í miklu uppáhaldi hjá Emilíönu Torrini og samdi lagið Honeymoon Child á síðustu plötu hennar.

Smog, sem er kærasti Joanne Newsom, er einn virtasti tónlistarmaðurinn vestan hafs þessa stundina. Hann hefur gefið út fjölda hljómplatna frá því að hann kom fram á sjónarsviðið fyrir um 15 árum síðan. Sú nýjasta, A River Ain't Too Much To Love, kom út í fyrra og hefur fengið góða dóma.

Miðasala á tónleikana fer fram í Skífunni og völdum BT-verslunum. Miðaverð er 2500 krónur auk miðagjalds.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

9 10 11 **12** 13 14 15

### Miðvikudagur

**TÓNLEIKAR**

- 22.00 Hljómsveitirnar **Malneirophreniu** og **Indigo** spila á Grand **Rokk.** Aðgangur er ókeypis á meðan húsrúm leyfir.
- **Haraman-Band** spilar á **Kaffi Akureyri** í rólegri kertaljósastemmningu.

**OPNANIR**

- 17.00 Sýning á verkum listfræði- og myndlistarnema í **LHÍ** opnar í sýningarrými gallerís **Gyllinæðar** á **Laugavegi 23.** Sýningin kallast Heima, að heiman.

**DANSLIST**

- 20.00 **Listdansskóli Íslands** heldur vorsýningu á stóra sviði **Borgarleikhússins**. Nemendur á aldrinum 9-20 taka sporið og sýna klassískan ballet og nútímadans.

**SÝNINGAR**

- 20.00 Nemar á öðru ári í fatahönnun í **LHÍ** sýna verk sín í **Loftkastalanum** (Verinu í Héðinshúsinu). Allir velkomnir.

**UPPÁKOMUR**

- 21.00 Frumsýning á **The Big Cry** í **Kassanum** við **Lindargötu**. Söngkonan **Margrét Sigurðardóttir** syngur og leikur í margmiðlunarsýningu með jazzívafi.

**LEIKLIST**

- 20.00 **Leikfélagið Hugleikur** frumsýnir nýtt leikrit, **Systur** eftir **Þórunni Guðmundsdóttur** í **Möguleikhúsinu**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING
Sunnudagur 14. maí kl. 19
Laugardagur 20. maí kl. 19
Laugardagur 27. maí kl. 19
Laugardagur 3. júní kl. 19
Laugardagur 10. júní kl. 19

*„Besta söngleikjauppfærsla leikársins" S.S Frbl.*
*„Ótrúlega kraftmikil sýning." S.L RÚV*

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga fram að páskum kl. 14-18 - Símasala kl. 10-18.
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN







VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Föstud. 21. apríl kl. 20.00
Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

# Mestu töffarar allra tíma

## MYNDASÖGUR

[ UMFJÖLLUN ]

Þeir sem þekkja mannkynssöguna og hafa lágmarksskilning og karlrembu og töffaraskap vita auðvitað að frækilegasta vörn allra tíma átti sér stað í Laugaskörðum árið 480 fyrir Krists burð þegar Leonídas Spartverjakonungur, ásamt 300 hermönnum sínum, bauð tröllauknum her Persa birginn.

Myndasöguhöfundurinn Frank Miller mergsýgur þessa töffarasögu í bók sinni 300 en titillinn vísar beint í fjölda kappanna sem vörðu föðurland sitt til síðasta manns og dóu með reisn trúir konungi sínum og lögum Spörtu.

Saga Spörtu er löðrandi í testósteroni, blóði, ótrúlegri hörku og grimmd og það þarf því engan að undra að Miller hafi heillast af Spartverjum og ákveðið að gera sér mat úr hetjudáðum þeirra. Miller hefur einstakt lag á að matreiða karlagrobb, stærilæti og ofbeldi eins og sést best í Sin City sögum hans.

300 hefst á því að Xerxes, oflátungur og Persakonungur, ræðst inn í Grikkland með fjölþjóðlegum risaher sínum sem sagan segir að hafi verið svo yfirþyrmandi að jörðin skalf þegar hann marseraði. Stærðarhlutföllin í þessu stríði eru sjálfsagt í líkingu við það að Bandaríkjamenn myndu ráðast á Dani. Grikkirnir fóru þó ekki á taugum, Aþeningar mættu Persum á hafi úti en Spartverjar stýrðu vörninni á landi. Leonídas kaus að mæta Persum í Laugaskörðum þar sem þrengslin drógu úr krafti fjöldans þannig að menn hans gátu brytjað Persana niður hægt og bítandi. Þegar svikari leiðir Persa aftan að Grikkjum er þó ljóst að orrustan er töpuð en um leið rennur glæstasta stund Spartverjanna upp. Leonídas lætur allt gríska herliðið hörfa en stendur sjálfur eftir með sína 300 vöskustu menn til þess að halda aftur af ofureflinu.



**300**

TEXTI OG MYNDIR: FRANK MILLER

LITIR: LYNN VARLEY

**Niðurstaða:** Frank Miller er rétti maðurinn til þess að segja þessa blóðugu sögu. Töffið lekur af hverri síðu og .það er ekki annað hægt en heillast af yfirgengilegri karlrembu mynda og texta.

Spartverjarnir mættu örlögum sínum óttalausir en þegar þeim var tjáð að bogasveitir Persa væru svo magnaðar að þegar þær slepptu örvum sínum lausum skyggðu þær á sólina. Svar Spartverja var einfalt. „Þá berjumst við í skugganum.“

Þetta tilsvar segir allt um anda sögunnar og þessa töffara sem festu sig svo rækilega á spjöld sögunnar. Miller reisir þeim verðugan bautastein með 300 enda sjálfsagt vart hægt að hugsa sér betri mann til þess að matreiða afrekið ofan í nútímafólk. Miller myndskreytir söguna sjálfur og leiðist ekkert að draga vöðvastælta, nakta karlmannslíka sínum hráu dráttum. Lynn Varley litar svo herlegheitin með slíkum tilþrifum að heilu síðurnar eru hrein listaverk. Þetta gerist varla betra og að lestri loknum er Leonídas orðinn svo stór og mögnuð persóna og alger senuþjófur í mannkynssögunni sem skyggir á Seasar og Alexander mikla. Þessi bók er bara töff rétt eins og geggjaður efniviðurinn.

**Þórarinn Þórarinsson**










fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# 24 áfram í þrjú ár

Aðdáendur sjónvarpsþáttarins 24 ættu að kætast nokkuð við þær fréttir sem berast frá Bandaríkjunum. Kiefer Sutherland hefur skrifað undir samning við framleiðendur þáttarins um gerð þriggja þáttaraða til viðbótar.

Fimm ár eru síðan Jack Bauer birtist fyrst sjónvarpsáhorfendum og urðu þættirnir gríðarlega vinsælir enda þótti formið á þeim nýstárlegt í meira lagi; gerðust á rauntíma á einum sólarhring. Sutherland fer ekki tómhentur heim því samningurinn tryggir honum rúmlega fjörutíu milljónir dollara sem samsvarar þremur milljörðum íslenskra króna auk þess sem leikarinn verður einn af framleiðendum þáttanna. Sjálfur hefur Íslandsvinurinn sagt að síðastliðin fimm ár hafi verið þau bestu á sínum ferli en þættirnir hafa komið honum aftur á stall þeirra bestu eftir nokkurn öldudal.

Kiefer situr ekki með hendur í skauti þessa dagana því nýlega var The Sentinel frumsýnd en þar eru aðþrengda eiginkonan Evu Longoria og Michael Douglas í aðalhlutverkum. Þá talar Sutherland inn á nýjustu teiknimynd Disney-fyrirtækisins sem heitir The Wild en þar leikur hann ljónið Samson.

**JACK BAUER** Hefur verið við störf í fimm ár og mun halda áfram að herja á hryðjuverkamenn næstu þrjú árin.





**BOND, JAMES BOND** Daniel Craig tekur sig alls ekki svo illa út þegar hann mundar frethólkinn í Casino Royale.

# Nýr Bond í gamalli sögu

**Fyrstu myndir úr nýju James Bond myndinni Casino Royale benda til þess að aðdáendur Bonds hafi dæmt Daniel Craig of fljótt og of hart. Kappinn er býsna vígalegur og bersýnilega meiri töffari en Timothy Dalton og Roger Moore.**

Tökur á Casino Royale, standa yfir á Bahamaeyjum. Breski leikarinn Daniel Craig hefur tekið við hlutverki njósnara hennar hátignar af Piece Brosnan við lítinn fögnuð aðdáenda ofurspæjarans. Craig er helst fundið það til foráttu að hann er ljóshærður, kann ekki póker og er illa við byssur.

Casino Royale er fyrsta skáldsaga Ians Flemming um Bond. Hún kom út árið 1953 en það er fyrst núna sem alvöru Bond mynd er byggð á henni. Casino Royale hefur þó verið kvikmynduð áður en árið 1954 var gerður sjónvarpsþáttur eftir henni. Þar fór Barry Nelson með hlutverk Bonds sem var þá einhverra hluta vegna orðinn Bandaríkjamaður og var kallaður Jimmy Bond. Þá mættu Peter Sellers, Ursula Andress, David Niven, Orson Welles og Woody Allen til leiks í gamanmyndinni Casino Royale árið 1967. Sú mynd á þá fátt skylt með bók Flemming þar sem fjölmargir Bondar þvældust þar hvor fyrir öðrum. Það er þó vitaskuld bara einn Bond og hann fær nú loksins að láta til sín taka í Casino Royale. Bókin sker sig nokkuð úr seinni bókunum í flokknum og er sérstaklega ruddafenginn og sadísk á köflum þannig að það má búast við grjóthörðum Bond ef handritshöfundar fylgja frumtextanum eftir.

„James Bond áttaði sig skyndilega á því að hann væri þreyttur. Hann fann það alltaf á sér þegar líkami hans eða sál höfðu fengið nóg og tók þá tilfinninguna alltaf alvarlega. Þetta hjálpaði honum að forðast stöðnun og kæruleysi sem getur af sér mistök.“

Svona lýsti Flemming Bond á fyrstu síðu Casino Royale þar sem hann situr við spilaborð andspænis fjandmanni sínum Le Chiffre en í framhaldinu takast þeir grimmilega á bæði innan og utan veggja Royale spilavítisins.



**ÞREYTTUR EN EKKI HRÆRÐUR** ÞAð mæðir mikið á Bond í Casino Royale en okkar maður stendur allt af sér enda í góðum tengslum við sál og líkama.



**BONDGELLURNAR** Láta sig ekki vanta frekar en fyrri daginn. Hér er Craig með Evu Green, sem leikur hina fláráðu Vesper Lynd, og Catherina Munroe sem fer með hlutverk Solange.






# Allir í stuði á ísöld

**[KVIKMYNDIR]**

**UMFJÖLLUN**

Tölvuteiknimyndin Ice Age 2 er skólabókardæmi um hvernig kostulegar persónur geta rifið upp frekar slappa sögu þannig að úr verður fyrirtaks skemmtun. Ice Age var bráðvel heppnuð, þrælskemmtileg og vinsældir hennar voru slíkar að framhald var óumflýjanlegt. Þeir eru því mættir aftur til leiks mammútinn Manny, letidýrið Sid og sverðtanninn Diego. Síðast þurftu félagarnir að koma týndu mannsbarni til föðurhúsanna en nú steðjar að þeim öllu svakalegri ógn.

Ísöldin er að renna sitt skeið, klakinn bráðnar hratt og allt stefnir í að dalurinn þeirra fari á kaf. Það þarf því að bregðast skjótt við þessum ótímabæru gróðurhúsaáhrifum og smala öllum dýrum merkurinnar í öruggt skjól.

Þríeykið leiðir flóttann og í för með þeim slást rugluð mammútastelpa og „bræður“ hennar tveir, fríkaðar pokarottur. Þessum nýju félögum er ætlað að halda uppi fjörinu en það skyggir þó enginn á Sid sem er sem fyrr hjartað og sálin í gegningu og heldur vinum sínum við efnið með endalausum heimskupörum. John Leguizamo fer á kostum þegar hann ljær Sid rödd sína og Ray Romano, sem Manny, og Denis Leary í hlutverki Diegos gefa honum lítið eftir.

Söguþráðurinn er frekar þvældur og samhengislaus en það kemur ekki að sök. Stuðið er svo mikið að það er varla dauðan punkt að finna og ferðalagið sjálft er algert aukaatriði. Bara einföld ástæða fyrir því að þetta föruneyti fornaldarfurðufugla fái notið sín með kostulegum kjaftavaðli og fíflagangi.

Senuþjófur síðustu myndar, íkornaundrið sem er í endalausum eltingaleik við akranið eina. Skepnan fær meira pláss til þess að njóta sín að þessu sinni og þar er ekki augnabliki eytt í óþarfa. Þessi ævaforni Sýsifos er dásamlegur í látlausum hremmingum sínum og rifur upp grínið með reglulegu millibili.

Ice Age 2 er því í það heila tekið býsna vel heppnuð, frábær skemmtun jafnt fyrir börn sem fullorðna þó það hefði vissulega mátt taka aðeins meira tillit til þeirra sem eldri eru með smá kjöti á beinum sögunnar.

**Þórarinn Þórarinsson**



**ICE AGE: THE MELTDOWN**
LEIKSTJÓRI: CARLOS SALDANHA
**AÐALHLUTVERK: RAY ROMANO, JOHN LEGUIZAMO, DENIS LEARY**
**Niðurstaða:** Ice Age 2 svíkur ekki og stendur í raun við öll fyrirheit sem fyrrrennarinn gaf. Handritið er að vísu götótt en frábærar persónur stoppa í þær holur án þess að blása úr nös.

# PROSTYLE hágæðahjól á frábæru verði

## 26"hjól
City Cruiser
**27.999**kr




**OPIÐ**
Í dag til kl. 20
Á morgun

## 12"hjól 3-5 ára

**Champion** 9.999kr

**Bremsur:** Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.



## 12"hjól 3-5 ára

**Girl** 9.999kr

**Bremsur:** Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.



## 16"hjól 5-7 ára

**Tank** 12.999kr

**Bremsur:** Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, bjalla, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpar-dekk.



## 16"hjól 5-7 ára

**Princess** 12.999kr

**Bremsur:** Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að aftan og framan, hjálpar-dekk, keðjuhlíf.



## 20"hjól 7-9 ára

**Eos Cruiser** 29.999kr

**Bremsur:** Handbremsur að aftan og að framan
**Dekk:** Breitt 20” dekk að aftan, 24” dekk að framan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, krómbretti að aftan, keðjuhlíf, bjalla.



## 20"hjól 7-9 ára

**Queen** 14.999kr

**Gírar:** 6 gíra.
**Tegund gíra:** Shimano grip shift.
**Bremsur:** Handbremsur að framan og að aftan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að framan og að aftan.



ODDI VOA6888 hjól

Gildir til 18. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



Vertu viss: Páskaeggin eru á BETRA verði í Bónus!
KLÁR Í PÁSKA BÍLTÚRINN!
FULLORÐINS SÓLGLERAUGU
799 KR.
SUMAR OG SÓL Í BÓNUS!
BARNASÓLGLERAUGU
499 KR.
EKKERT BRUÐL
SÉRVÖRU VERSLANIR
959 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1599 kr.
40% afsláttur við kassann
Fylgist með okkur
GERIÐ VERÐSAMANBURÐ!
Marineraður og beinlaus lax á grillið
GOTT Á GRILLIÐ
LAX Á GRILLIÐ
998 kg KR.
BEINLAUS OG MARINERAÐUR
Frosin og sneidd lambalæri og hryggir
KJARNAFÆÐI
SNEIDDUR FROSINN HRYGGUR
1259 kg KR.
Merkt verð 1399 KR.
SNEITT FROSIÐ LÆRI
1079 kg KR.
Merkt verð 1199 KR.
4 BOX Í PAKKA
98 KR.
BÓNUSBLÓM
BÓNUS Ís í boxi
Opið í dag
11.00 til 20.00
Bónus býður betur!
LAVAZZA
259 KR.
250g
LAVAZZA QUALITÀ ROSSA
BÓNUS möndlukaka
199 KR.
420g
BÓNUSÍSINN
198 KR.
2 LÍTRAR!
Vanillu ís 2
BÓNUS
Tilboð í viku 15, gilda til II. páskadags eða á meðan birgðir endast (sjá www.bonus.is).


Nýsjálensk frosin ungnautalund
EKKERT BRUDL
FROSNAR NAUTALUNDIR
2299 kg KR.
EKKERT BRUDL
Ódýrastir í 17 ár
SIRLOIN
LÚXUSLAMB
VILLI SIRLOINSNEIÐAR
1259 kg KR.
MERKT VERÐ 1799 KR.
30% afsláttur við kassann
VILLIKRYDDAÐAR LAMBAKÓTELETTUR
LAMBAKÓTELETTUR VILLIKRYDDAÐAR
1484 kg KR.
Merkt verð 2699 KR.
EKKERT BRUDL
45% afsláttur við kassann
BÓNUSFETI
199 KR.
250g
BÓNUS
FETA
Bónusfeti
VILLIKRYDDAÐ LAMBALÆRI
LAMBALÆRI VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ
1189 kg KR.
MERKT VERÐ 1699 KR.
WALDORFSALAT
259 KR.
250g
ÁVAXTASALAT
259 KR.
280g
WALDORFSALATIÐ OG
ÁVAXTASALATIÐ FRÁ KF
30% afsláttur við kassann
Ali
30% afsláttur við kassann
ALI HAMBORGARHRYGGUR
1119 kg KR.
Merkt verð 1598 KR.
KJARNAFÆÐI
HAMBORGARHRYGGUR
ÚRVALS FRAMLEIÐSLA FRÁ ALI
www.bonus.is
BÓNUS




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 2, 4 og 6 |
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 1.30, 3.50, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 1.30 og 3.50 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 3, 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 | kl. 3, 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 2.40, 5.15, 8 og 10.45 |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| ÍSÖLD 2 | kl. 6 M/ÍSL. TALI |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað







**I'M BEING GOOD** Enska jaðarsveitin er á leiðinni í tónleikaferð um Ísland.

# Verða góðir á Íslandi

Enska jaðarrokkhljómsveitin I'm Being Good er á leiðinni í tónleikaferð um Ísland þar sem hún mun spila á fimm tónleikum.

Fyrstu tónleikarnir verða í Hellinum á fimmtudag en þeir síðustu verða í Frumleikhúsinu í Keflavík þann 18. apríl. Í millitíðinni mun sveitin spila á Grand-rokk, Ísafirði og í Hafnarfirði.

I´m Being Good er kvartett frá strandborginni Brighton og hefur starfað í ýmsum myndum frá árinu 1992. Sveitin hefur gefið út þrjár plötur og hefur skipað sér í hóp með framsæknustu jaðarsveitum Breta. Á meðal aðdáenda sveitarinnar var útvarpsmaðurinn John heitinn Peel sem bauð þeim nokkrum sinnum í hinar annáluðu Peel Sessions.

# Roni Size til Íslands

Eitt af stærstu nöfnunum í danstónlistarheiminum, Bretinn Roni Size, heldur tónleika á Nasa miðvikudaginn 19. apríl á vegum techno.is. Þetta er í fyrsta sinn sem Size heldur tónleika hér á landi.

Eitt vinsælasta lag Roni Size er Brown Paper Bag af fyrstu plötu sinni New Forms sem hann tók upp ásamt hljómsveit sinni Reprazent. Vann hann hin virtu Mercury-verðlaun í Bretlandi fyrir plötuna sem kom út árið 1997. Síðan þá hefur Size verið framarlega í danstónlistinni og er nú einn allra virkasti meðlimur drum & bass- og jungle-senunnar.

Hann hefur gefið út fjöldann allan af smáskífum, breiðskífum, endurhljóðblöndunum og öðrum tónverkum og hefur m.a. unnið með tónlistarmönnum á borð við Method Man úr Wu Tang Klang, Rage Against the Machine og Cypress Hill.

Á meðal fleiri tónlistarmanna sem koma fram á Nasa eru Exos, Hermigervill, Reykjavik Swing Orchestra og Dr. Mister and Mr. Handsome.

Húsið opnar kl. 23.00 og er miðaverð 1.800 kr. við hurð en 1400 kr. í forsölu. Miðasala fer fram í 12 Tónum.



**RONI SIZE** Tónlistarmaðurinn Roni Size er á leiðinni til Íslands í fyrsta sinn.











**LARA CROFT** Vinsælasta kvensöguhetja tölvuleikjanna er snúin aftur í nýjum leik.

# Lara Croft vinsælasta kvenhetjan

Lara Croft, aðalsöguhetja tölvuleikjarins Lara Croft Tomb Raider: Legend sem er nýkominn út, hefur fengið pláss í Heimsmetabók Guinness undir liðnum „Vinsælasta kvenhetja tölvuleikjanna".

Á síðustu tíu árum hafa leikirnir með Löru Croft selst í meira en 28 milljónum eintaka. Hún hefur komið fram á tónleikum með U2 og birst á forsíðum meira en 200 blaða. Einnig hefur Angelina Jolie farið tvisvar í hlutverk Löru á hvíta tjaldinu og hafa vörur merktar Tomb Raider selst fyrir meira en 70 milljarða króna.

Leikkonan Keeley Hawes úr Spooks talar fyrir Löru í nýja leiknum sem hefur verið í meira en tvö ár í framleiðslu. Kemur hann út fyrir flestar gerðir leikjatölva, þar á meðal á PSP og Xbox 360.




# Lucia Micarelli í gestahlutverki

Bandaríski fiðluleikarinn Lucia Micarelli verður sérstakur gestur Ians Anderson á tónleikum hans í Laugardalshöll þann 23. maí.

Þar mun Ian Anderson leika tónlist frá 35 ára ferli Jethro Tull, ásamt hljómsveit sinni og félögum úr Kammersveit Reykjavíkur. Þó að Lucia Micarelli sé aðeins 22 ára hefur hún áunnið sér mikla virðingu fyrir fiðluleik sinn. Hún er ættuð frá Hawaii og hefur leikið á fiðlu frá þriggja ára aldri. Aðeins sex ára gömul kom hún fram sem einleikari með sinfóníuhljómsveit heimabæjar síns, Honolulu Symphony Orchestra. Hún nam fiðluleik við hinn virta Julliard tónlistarskóla í New York og varð síðar sérstakur nemandi Pinchas Zuckerman við Manhattan School of Music.

Hún hefur vakið mikla athygli fyrir gott vald á hljóðfæri sínu auk þess að vera sannkölluð veisla fyrir augað á sviðinu.

Ásamt því að leika klassíska tónlist, þá hefur Micarelli á undanförnum árum komið fram sem sérstakur gestur með ýmsum bandarískum jass- og heimstónlistarmönnum, m.a Béla Fleck. Auk þess hefur hún leikið með söngvaranum Josh Groban á plötum og tónleikum.

Miðasalan á tónleikana fer fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi á midi.is. Miðaverð er á bilinu 5.500 til 8.900 krónur auk miðagjalds.



**LUCIA MICARELLI** Bandaríski fiðluleikarinn verður gestur á tónleikum Ian Anderson í Laugardalshöll.



**ROGER HODGSON** Fyrrverandi leiðtogi Supertramp heldur tónleika á Broadway í ágúst.

# Supertramp - hetja til Íslands

Roger Hodgson, fyrrum leiðtogi hljómsveitarinnar Supertramp, heldur tónleika á Broadway 11. ágúst.

Á tónleikunum mun Roger m.a. flytja öll helstu lög Supertramp eins og Give A Little Bit, The Logical Song, Dreamer, Its Raining Again, Breakfast In America, School og Take The Long Way Home.

Hljómsveitin Supertramp hefur selt yfir 50 milljónir platna á ferli sínum. Þar af hefur Breakfast In America selst í yfir 18 milljónum eintaka.

Miðasala á tónleikana hefst miðvikudaginn 3. maí og fer fram á midi.is og einnig í verslunum Skífunnar og BT á Akureyri og Selfossi. Miðaverð er 5.400 krónur.

# Deja Vu treður upp

Hljómsveitin Deja Vu er ein þeirra sveita sem munu troða upp á tónlistarhátíðinni Atlantic Music Event á Nasa.

Hátíðin verður haldin laugardaginn 22. apríl en ekki næstkomandi laugardag eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær.

Deja Vu mun alls halda sex tónleika hér á landi. Fyrst verður hún tvisvar á Akureyri, síðan heldur hún þrenna tónleika í Reykjavík, þar á meðal á AME, og loks spilar hún í Reykjanesbæ áður en hún fer heim til Færeyja með Norrænu. Miðasala á hátíðina fer fram í verslunum Skífunnar og á Midi.is.



**DEJA VU** Hljómsveitin Deja Vu heldur sex tónleika hér á landi eftir páska.






## Severino til Keflavíkur?

Keflvíkingar vonast til að ganga frá samningi við ástralska miðvallarleikmanninn Daniel Severino á næstu dögum. Hann heillaði Kristján Guðmundsson í æfingaferð liðsins úti á Spáni, ólíkt rúmenska varnarmanninum Nihad Kourea sem fær ekki samning hjá Suðurnesjaliðinu.

**sport**

sport@frettabladid.is

AXEL KÁRASON, LEIKMAÐUR SKALLAGRÍMS: BÓNDASONUR SEM VILL VERÐA DÝRALÆKNIR

# *Körfuboltastjarna í Bændaskólanum*

Axel Kárason, leikmaður Skallagríms, er einn efnilegasti körfuboltamaður landsins en hann leikur lykilhlutverk hjá spútnikliði Skallagríms. Það sem margir vita ekki um Axel er að hann er sveitastrákur sem var alinn upp á sveitabæ og ætlaði sér lengi vel að verða bóndi. Hann er hættur við þann draum og stefnir þess í stað á að verða dýralæknir og meðan hann bíður svara frá skólum í Danmörku og Svíþjóð nemur hann við Bændaskólann á Hvanneyri samhliða körfuboltaiðkuninni í Borgarnesi.

„Ég komst ekki inn í skóla í Danmörku á síðasta ári en er að reyna aftur. Ef það gengur ekki þá er ég líka búinn að sækja um í Svíþjóð og ég er í Bændaskólanum til að bæta umsóknina,“ sagði Axel sem er bóndasonur og ólst upp á sveitabæ til ellefu ára aldurs er hann flutti í Varmahlíð en þaðan lá síðan leiðin á Sauðarkrók. Axel dreymdi lengi vel um að verða bóndi en hefur gefið þann draum upp á bátinn.

„Ég eiginlega þori því ekki af peningalegum ástæðum þar sem það er ekki neitt grín að byrja frá grunni. Eins og jarðaverðið er í dag þá er stofnkostnaður við bú um 70 milljónir. Ég er búinn að kynna mér þetta vel enda dreymdi mig lengi um að vera bóndi,“ sagði Axel sem hefur alltaf



líkað vel við sveitalífið enda fer vel á með honum og málleysingjunum. „Ég hef alltaf verið mjög hændur að dýrum og á auðvelt með að umgangast þau. Ég er samt ekki einn af þeim sem líður illa í kringum fólk og unir sér eingöngu í félagsskapi dýra. Mér líður mjög vel innan um mannfólkið.“

Axel ætlar að halda áfram að spila körfubolta samhliða námi erlendis. „Ég á vin í Danmörku sem er að skoða með lið fyrir mig en ég vil helst vera í Kaupmannahöfn ef ég get,“ sagði þessi magnaði strákur sem hefur farið á kostum í úrslitakeppninni með Skallagrími.

## > Úthlutað úr afrekssjóði

Margir glöddust þegar úthlutað var úr afrekssjóði ÍSÍ í gær. Þeirra á meðal var frjálsíþróttakonan Silja Úlfarsdóttir sem mun fá 80 þúsund á mánuði í stað 40 þúsunda. Hún fór því úr C-styrk í B-styrk og slíkt hið sama gerði skíðafólkið Dagný Linda Kristjánsdóttir og Björgvin Björgvinsson. HSÍ fær 2 milljónir króna vegna undirbúnings og þátttöku landsliðsins fyrir leikina gegn Svíum í sumar. Samtök íslenskra ólympíufara fengu síðan 500 þúsund en á heimasíðu ÍSÍ er ekki nefnd ástæða fyrir þeirri úthlutun.



Guus Hiddink kemur á óvart enn eina ferðina:

# Tekur við Rússum

**FÓTBOLTI** Hollendingurinn Guus Hiddink er almennt talinn einn færasti þjálfari heims en að sama skapi er hann einn sá óútreiknanlegasti. Hiddink hefur aldrei verið feiminn við að taka að sér stórar og miklar áskoranir og í leiðinni hefur hann kannski fórnað starfi hjá stóru liðunum í Evrópu.

Hiddink var með Suður-Kóreu á HM 2002 og náði ótrúlegum árangri og á HM í sumar verður hann á hliðarlínunni hjá Ástralíu. Hann er nýhættur hjá PSV Eindhoven eftir að hafa gert liðið að hollenskum meisturum tvö ár í röð og mun í kjölfarið taka við landsliði Rússa sem komst ekki á HM í Þýskalandi.

Hiddink hafði verið orðaður við enska landsliðið en honum fannst enska knattspyrnusambandið ekki sýna sér nægan áhuga og því hefur hann tekið að sér hið krefjandi verkefni að vekja rússneska björninn sem hefur legið í dvala ansi lengi.

- hbg



**GUUS HIDDINK** Fer ótroðnar slóðir eins og svo oft áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES









# Get allt eins komið heim og unnið í ruslinu

**Línumaðurinn Sigfús Sigurðsson segir fregnir danskra fjölmiðla þess efnis að hann sé á barmi þess að semja við Team Tvis Holstebro orðum auknar. Félagið hafi boðið honum ömurlegan samning sem hann hafi hafnað.**

**HANDBOLTI** Danskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að landsliðsmaðurinn Sigfús Sigurðsson væri hugsanlega á leið til Team Tvis Holstebro en Sigfúsi hefur verið tjáð að hann eigi ekki framtíð fyrir sér hjá Magdeburg og því sé honum frjálst að leita að nýju félagi.

Sigfús æfir með landsliðinu þessa dagana í Magdeburg undir stjórn síns gamla þjálfara, Alfreðs Gíslasonar, og þegar Fréttablaðið náði tali af honum seinni partinn í gær sagði hann fréttir danskra fjölmiða tóma steypu.

„Ég fór og æfði með þessu liði og leist ágætlega á. Samningurinn sem þeir buðu mér var aftur á móti ömurlegur og ég hef þegar hafnað honum. Hann var það slakur að ég get allt eins komið heim og unnið í ruslinu og spilað með Val,“ sagði hinn hreinskilni Sigfús sem er þekktur fyrir flest annað en að fara í kringum hlutina.

„Ég sagði við þá hvernig samning ég vildi fá og ef þeir gætu ekki gengið að mínum kröfum þá gætu þeir allt eins sleppt því að gera mér tilboð. Ég skil því ekki af hverju þeir eru að bjóða mér slíkan samning. Ég get allt eins komið heim og unnið í ruslinu samhliða því að spila með Val. Ég hefði jafnmikið upp úr því. Samt var skrítið að þeir sendu mér fyrst samningsdrög sem litu ágætlega út en þegar sjálft tilboðið kom var lítið eftir af því sem var lofað í samningsdrögunum. Ef þeir koma aftur á móti með almennilegt tilboð þá er ég vel til í að skoða það af alvöru að fara til þeirra,“ sagði Sigfús sem er ekkert að svitna yfir stöðunni enda á hann ár eftir af samningi sínum við Magdeburg og hann getur vel klárað hann sýnist honum svo.

henry@frettabladid.is



**HLÆGILEGT TILBOÐ** Sigfús Sigurðsson segist hafa fengið hlægilegt tilboð frá Team Tvis Holstebro. Hann hlær hér að brottrekstri dansks dómara. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# 230 milljónir

50 + 180

1. vinningur

BÓNUS-VINNINGUR 13 MILLJÓNIR

## Ertu með víkingablóð í æðum?

**Þú þarft ekki endilega að fara í útrás – það nægir að kaupa miða á næsta sölustað.**

Potturinn stefnir í 50 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 180 milljónir og bónusvinningurinn í 13 milljónir.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

Vertu með fyrir kl. 16.

ENNEMM / SIA / NM21293



**BRYNJAR BJÖRN** Hlýtur mikið lof fyrir frammistöðu sína með Reading.

Nick Hammond:

## Brynjar hefur verið frábær

**FÓTBOLTI** Yfirmaður knattspyrnumála hjá Reading, Nick Hammond, hrósar Brynjari Birni Gunnarssyni í hástert fyrir frammistöðu sína með liðinu í vetur. Reading er búið að vinna 1. deildina á Englandi og spilar því á meðal þeirra bestu á næsta tímabili.

„Leikmannahópur okkar er mjög samstilltur, allir leikmenn skipta máli. Gott dæmi um það er Brynjar Björn Gunnarsson. Hann hefur ekki átt fast sæti í byrjunarliðinu en hefur verið hreint út sagt frábær með gríðarlegum áhrifum á liðið,“ sagði Hammond og sparar ekki lýsingarorðin. „Hann er mjög fjölhæfur sem hefur reynst okkur dýrmætt. Ég á hreinlega ekki til orð til að lýsa því hversu frábær hann hefur verið,“ sagði Hammond, sem greinilega heldur ekki vatni yfir Brynjari Birni. **- hþh**

Peter Crouch:

## Kominn upp í tíu mörk

**FÓTBOLTI** Úrskurðarnefnd ensku úrvalsdeildarinnar hefur skráð meint sjálfsmark Shays Given, markmanns Newcastle, á Peter Crouch, framherja Liverpool. Crouch skoraði markið annan dag jóla en hann skallaði boltann í átt að markinu, Given sló hann í stöngina og inn en upphaflega var það skráð sem sjálfsmark hjá Given.

Því hefur nú verið breytt og því hefur Crouch skorað tíu mörk í deildinni í vetur. **- hþh**

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

9 10 11 **12** 13 14 15

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

- 18.30 **Spænsku mörkin** á Sýn.
- 18.55 **Middlesbrough og Charlton** á Sýn. Bein útsendding frá bikarnum.
- 18.30 **Espanyol og Real Zaragoza** á Sýn Extra. Bein útsending..
- 23.50 **Detroit og Cleveland** á Sýn. Bein útsending frá NBA.

Guðjón Þórðarson leggur ekki árar í bát hjá Notts County þrátt fyrir mjög erfiða stöðu í ensku 2. deildinni:

# Hundfúll yfir því að fá enga leikmenn til Notts

**FÓTBOLTI** „Það er sama sagan hjá okkur. Við náum ekki að klára færin okkar, það er alveg sama hverju góð færi við fáum. Ég hef leitað logandi ljósi að framherjum en ekkert hefur gengið. Ég hafði til að mynda ekki efni á framherja sem kostaði 40 þúsund pund og þetta hefur verið hálfgerður rússíbani hjá okkur, eftir góða byrjun höfum við verið að síga niður töfluna,“ sagði Guðjón Þórðarson, stjóri Notts County, við Fréttablaðið í gær.



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON** Það er ekki tekið út með sældinni að stýra klúbbi sem berst í bökkum við að halda lífi. Guðjón gefst þó ekki upp.FRÉTTABLAÐIÐ/TOM LOAKES

Notts County situr nú í sextánda sæti ensku 2. deildarinnar eftir slæmt gengi í undanförnum leikjum. Félagið er aðeins fimm stigum frá neðstu sætunum og verður að taka sig verulega á í lokaumferðunum ef það ætlar ekki að falla í 3. deild.

„Ég er hundfúll yfir þessu. Ég sagði við alla þá sem að málinu komu í byrjun tímabils að ég þyrfti fjóra sterka leikmenn til að vera við toppinn. Ég hef fengið einn leikmann sem eitthvert vit er í. Það er bara ekki nóg. Fjárhagurinn hjá félaginu hefur verið í mínus og þeir hafa lagt allt kapp á að koma skuldastöðunni út, það hefur tekist en það kemur niður á leikmannakaupunum,“ sagði Guðjón, sem ætlar að hreinsa til. „Það verða miklar breytingar á leikmannahópnum í sumar. Það er enginn með samning sem er bæði kostur og galli, ég er búinn að bjóða fimm af mínum bestu leikmönnum nýjan samning og vonandi gengur það upp. Það munu margir fara og vonandi tekst mér að fá nokkra góða leikmenn hingað í sumar, sér í lagi framherja sem geta skorað,“ sagði Guðjón sem lætur þó deigann ekki síga.

„Ég vissi að þetta yrði stanslaus barátta. Ég er ekkert að leggja árar í bát, þetta verður mikil vinna en allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi. En hvað gerist í fótboltanum er alltaf óráðið, meðan maður lendir í fótboltahringiðunni veit maður aldrei hvað gerist.“ **- hþh**

# Gunnar lenti í kröppum dansi

**Gunnar Þór Gunnarsson var ekki lengi að komast í fyrirsagnirnar í Svíþjóð. Landsliðsframherji Svía, Mattias Jonsson, fékk rautt spjald fyrir að sparka í Gunnar í Stokkhólmsslagnum á mánudaginn.**

**FÓTBOLTI** Gunnar Þór Gunnarsson hefur vakið verðskuldaða athygli í Svíþjóð eftir að hann gekk til liðs við Hammarby á dögunum. Gunnar fór beint í byrjunarliðið og spilaði á mánudaginn í stærsta leik Hammarby á tímabilinu, í Stokkhólmsslagnum gegn Djurgarden. „Leikurinn og allt í kringum hann var svakaleg upplifun sem verður mér lengi í minni. Umfangið í kringum leikinn er stórt og mikið, bæði hjá leikmönnum og stuðningsmönnunum,“ sagði Gunnar við Fréttablaðið í gær.

Hinn íslendingurinn hjá liðinu, Pétur Marteinsson, tók í sama streng. „Það eru miklar tilfinningar í gangi í svona stórleik sem er hrein barátta um Stokkhólm,“ sagði Pétur en Gunnar var mikið í sviðsljósinu í leiknum.

Sænski landsliðsframherjinn Matthias Jonson var úti á hægri kanti þar sem hann sendi boltann fyrir, boltinn hrökk í hendina á Gunnari en ekki var um vítaspyrnu að ræða. Gunnar hreinsaði síðan boltann frá en Jonsson kom aðvífandi og þrumaði í fótinn á Gunnari. Báðir lágu þeir óvígir á vellinum en eftir að hafa ráðfært sig við aðstoðardómarann rak dómarinn Jonsson af velli.

„Þetta var aldrei hendi, ég var með hendina upp að líkamanum. Ég hreinsaði svo boltann þegar hann kom of seint inn og þrumaði í kálfann á mér. Þetta var virkilega óþægilegt en sem betur fer náði ég að halda áfram og verð tilbúinn í næsta leik. Það blæddi aðeins inn á kálfann en ég tek því bara aðeins rólega fyrir vikið,“ sagði Gunnar Þór í gær.



**SLÆM TÆKLING** Mattias Jonsson sést hér tækla Gunnar illa í leiknum á mánudagskvöldið. Jonsson fékk rautt spjald fyrir vikið. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

„Það var mikið líf í kringum þetta og allt gjörsamlega brjálað á vellinum. Ég var ekki alveg sáttur við Jonsson og vildi gera líf úr þessu til þess að dómarinn tæki þetta alvarlega, og ég lét hann því heyra það all hressilega. Þú sparkar ekkert í litla íslendinginn hjá Hammarby, maður verður að verja kjúklinginn,“ sagði Pétur í gamansönum tón en leiknum lauk með markalausu jafntefli.

Pétur segir að mikil ánægja sé með frammistöðu Gunnars hjá félaginu. „Hann spilar þennan leik fyrir framan brjálaða áhorfendur, 30 þúsund talsins, sem er eitthvað sem hann hefur aldrei kynnst ,en hann stóðst prófið og rúmlega það,“ sagði Pétur. **hjalti@frettabladid.is**


**Búlgaría - besta verðið okkar í sólina.**



apollo

Hjón með 2 börn, 2ja-17 ára, 1 vika, 12. sept.: **33.150 kr.**

Hjón með 2 börn, 2ja-17 ára, 1 vika, 4. júlí: **38.900 kr.**

Tveir í 2ja manna herb., 1 vika, 12. sept.: **40.300 kr.**

Esso Bæklingar á Esso-stöðvum:

**Reykjavík:** Ártúnshöfði og Fossvogur.
**Hafnarfjörður:** Lækjargata
**Akureyri:** Leiruvegur

**Reiknaðu út þitt dæmi!** **5 100 300** **www.apollo.is**

Kíktu á heimasíðuna okkar og reiknaðu út þitt dæmi. Verðdæmin fyrir ofan miðast við netbókun og auðvitað eru skattar og ferðir til og frá flugvelli ytra innfaldir þegar bókun felur í sér hótelgistingu.




ora

Ástríða í matargerð

# Eldum saman!

www.isam.is

www.ora.is

# Þetta er í okkar höndum

**Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, segir að árangur félagsins í vetur hafi komið sér mjög á óvart. Fram verður meistari ef félagið vinnur þá tvo leiki sem eftir eru, gegn HK í Digranesinu og heima gegn Víkingi/Fjölni.**

**HANDBOLTI** Framarar eru í kjörstöðu fyrir lokaumferðirnar tvær í DHL-deild karla í handbolta. Fram er með jafn mörg stig og Haukar, en trónir á toppnum vegna betri úrslita í innbyrðisviðureignum. Fram á eftir að sækja HK heim í Digranesið og tekur síðan á móti Víking/Fjölni í lokaumferðinni. Haukar eiga tvo heimaleiki eftir, gegn Aftureldingu og grönnum sínum í FH.

„Það er skemmtilegt verkefni sem bíður okkar. Þetta er í okkar höndum sem er stór kostur. Það er ljóst að þetta verður spennandi fram á lokasekúndur í lokaumferðinni," sagði Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, við Fréttablaðið í gær.

Guðmundur segir að liðið ætli að æfa vel í páskafríinu, í bland við dýrmætan frítíma en sterka leikmenn vantar í Framliðið um þessar mundir. Sverrir Björnsson er í Þýskalandi með landsliðinu auk þess sem fjórir strákar eru með ungmennalandsliðinu í æfingabúðum, þeir Sigfús Sigfússon, Rúnar Kárason, Gunnar Harðarson og Björn Friðþjófsson markmaður.

„Það er slæmt að vera án þessara fimm manna, sérstaklega Sverris og Sigfúsar sem hafa verið lykilmenn hjá okkur auk þess sem ungu strákarnir eru að koma mjög sterkir upp. Við komum allir saman aftur á þriðjudaginn í næstu viku og þá stillum við saman strengi okkar fyrir lokaumferðina. Við höfum ekki langan tíma til að gera það en svona er þetta," sagði Guðmundur.



**ÞUNGT HUGSI** Guðmundur Guðmundsson segir það þægilega stöðu sem hann og liðið eru í núna, enda hafa þeir örlögin í hendi sér. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fram hefur átt frábæran vetur og er óhætt að segja að fáir hafi trúað því að liðið gæti farið svona langt. Þar var Guðmundur engin undantekning. „Árangurinn í vetur hefur farið fram úr mínum björtustu vonum. Liðið er í sjálfu sér kornungt og ég kom nýr inn sem þjálfari. Það tekur alltaf tíma að kynnast leikmönnunum og finna réttu blönduna en við höfum verið að gera ágætis hluti, þetta hefur náð að smella saman hjá okkur," sagði Guðmundur sem er að spila á mjög ungu liði þar sem margir leikmenn eru í kringum tvítugsaldurinn.

Þó að mikið sé undir í næstu leikjum segist Guðmundur ekki finna fyrir neinni pressu.

„Nei, alls ekki. Við erum í stöðu sem enginn gerði ráð fyrir að við yrðum í. Við höfðum ákveðin markmið, sem voru til þriggja ára, en við erum í þessari stöðu í dag þar sem við höfum allt að vinna og engu að tapa og við munum gera okkar besta. Hverju það skilar verður svo að koma í ljós," sagði Guðmundur. **hjalti@frettabladid.is**



**TEIMGEIST BOLTINN** Fyrirsætan Heidi Klum kynnir hinn glæsilega bolta sem verður notaður á HM. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Tilvonandi heimsmeistarar:

## Nota HM-boltann í fjögur ár

**FÓTBOLTI** Tilvonandi heimsmeistarar í knattspyrnu munu nota sérstakan bolta í öllum leikjum sínum fram að næsta HM árið 2010 í Suður-Afríku. Sigurvegararnir í Þýskalandi í sumar nota gullsleginn bolta, líkt og verður notaður í úrslitaleiknum.

Boltinn sem spilað verður með í öllum öðrum leikjum á HM verður hefðbundnari í sniði, eða svartur og hvítur líkt og hann var á HM í Bandaríkjunum árið 1994. Adidas hannaði Teimgeist-boltann í svörtu og hvítu þar sem það eru litir heimamanna í Þýskalandi.

Árið 2002 voru boltarnir gulleitir með bardagavopnum til að ítreka orkuna sem býr í heimaþjóðunum Japan og Suður-Kóreu. Árið 1996, þegar England varð heimsmeistari á heimavelli, var síðasta skiptið sem bolti án nokkurra merkinga var notaður á HM. **- hþh**



**ANTONIO CASSANO** Gæti snúið aftur til heimalands síns. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Antonio Cassano:

## Gæti snúið aftur til Ítalíu

**FÓTBOLTI** Ítalski framherjinn gæti snúið aftur til Ítalíu strax í sumar með skottið á milli lappanna eftir misheppnaða dvöl hjá Real Madrid. Cassano hefði orðið samningslaus hjá Roma í sumar og samþykkti 3,5 milljóna punda kaupverð Real í janúar.

Síðan þá hefur Cassano engan veginn náð að festa sig í sessi hjá liðinu en hann kostaði Roma 20 milljónir punda á sínum tíma þegar hann kom frá Bari þar sem hann ólst upp. Fabio Capello sem þjálfaði vandræðagemlinginn hjá Roma, en stýrir nú Juventus, ku hafa áhuga á Cassano líkt og Inter.

Cassano hefur aðeins byrjað þrjá leiki á þessu ári og horfir eflaust löngunaraugum eftir byrjunarliðssæti en vonir hans um að komast í landsliðshóp Ítalíu fyrir HM í sumar hafa nú dvínað til muna. **- hþh**






**LUCA TONI** Verður lykilmaður í landsliði Ítala á HM í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Markahæstu leikmenn Evrópudeildanna:

## Toni á toppnum

**FÓTBOLTI** Ítalski landsliðsframherjinn Luca Toni situr í toppsætinu yfir markahæstu menn í Evrópu. Mörk leikmanna eru reiknuð út í sérstakan stuðul til þess að gera greinarmun á styrk deildanna. Mörk leikmanna eru margfölduð með númerum og þær sterkustu, spænska, þýska, franska, ítalska og enska deildin, eru margfölduð með tveimur, sem er hæsti stuðullinn þar sem erfiðast er að skora þar.

Luca Toni hefur skorað 27 mörk á tímabilinu og er eins og áður sagði í efsta sæti en Kamerúninn Samuel Eto´o hjá Barcelona kemur honum næstur og er sá eini sem er líklegur til að ná hinum sterka framherja Fiorentina nú þegar styttist í annan endann á keppnistímabili deildanna í Evrópu. **- hþh**

**Markahæstu menn Evrópu:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Luca Toni (Fiorentina) | 27 | 54 |
| 2. Samuel Eto'o (Barcelona) | 23 | 46 |
| 3. Klaas Huntelaar (Ajax) | 30 | 45 |
| 4. Thierry Henry (Arsenal) | 21 | 42 |
| 4. Ruud v. Nistelrooy (Man utd) | 21 | 42 |
| 6. Tarmo Neemelo (Tallinn) | 41 | 41 |
| 7. Pauleta (Paris St-Germain) | 20 | 40 |
| 7. David Trezeguet (Juventus) | 20 | 40 |
| 7. Miroslav Klose (W. Bremen) | 20 | 40 |
| 10. Kris Boyd (Rangers) | 26 | 39 |
| 11. A. Shevchenko (AC Milan) | 19 | 38 |
| 12. David Villa (Valencia) | 18 | 36 |
| 13. Francisco Tavano (Empoli) | 17 | 34 |
| 13. David Suazo (Cagliari) | 17 | 34 |
| 15. S. Arveladze (AZ Alkmaar) | 22 | 33 |
| 16. C. Lucarelli (Livorno) | 16 | 32 |
| 16. Alberto Gilardino (AC Milan) | 16 | 32 |
| 16. Altintop (Kaiserslautern) | 16 | 32 |
| 16. Darren Bent (Charlton) | 16 | 32 |
| 16. D. Berbatov (Leverkusen) | 16 | 32 |

*Aftasta talan er stuðull leikmanna*

Atvinnumennirnir í ensku úrvalsdeildinni þiggja sífellt hærri og hærri laun:

# Enn hækka launin í Englandi

**FÓTBOLTI** Laun þeirra bestu í Englandi halda áfram að hækka og fáránlegar tölur sem leikmenn þéna sjást nú æ oftar. Talið er að þeir launahæstu hali inn um 100 þúsund pundum á viku, sem gera tæpar þrettán milljónir íslenskra króna, og ekkert lát er á því að sú tala hækki.

Frá árinu 2000 hafa laun leikmanna hækkað um 65 prósent og meðalleikmaður í úrvalsdeildinni fær nú um 676 þúsund pund, sem er hækkun um 410 þúsund pund frá því fyrir sex árum.

Það þarf ekki að koma á óvart að framherjarnir eru þeir sem bera mest úr býtum en markmennirnir minnst. Í könnun sem gerð var um launakjör leikmanna kemur einnig fram að leikmenn fá mest greitt þegar þeir eru í kringum 28 ára aldurinn.

Þrátt fyrir að lækka kostnað á ýmsum sviðum hafa lið í ensku úrvalsdeildinni ekki náð að minnka launakostnað sinn, sem þau reyna að halda í skefjum ár hvert. Að setja launaþak á deildina, líkt og gert er í mörgum öðrum íþróttum, hefur ekki fallið vel í kramið hjá forsvarsmönnum liðanna sem óttast að missa marga góða leikmenn fyrir vikið.

Skattstofan í Englandi er þó líklega í skýjunum með þessar háu launatölur en á tímabilinu 2003/2004 í Englandi greiddu atvinnumenn í enska boltanum 600 milljónir punda í skatta, Undir lok síðasta tímabils höfðu leikmenn greitt ríkinu í Englandi 4,3 milljarða punda yfir síðustu þrettán ár.

Hæstu tölurnar sem heyrast í launamálum er til að mynda hugsanleg koma Michaels Ballack til Englandsmeistara Chelsea. Talið er að hann muni þiggja allt að 120 þúsundum punda á viku fyrir það eitt að spila knattspyrnu í Englandi. - hþh



**JOHN TERRY** Fyrirliði Chelsea er einn af hæst launuðu leikmönnum í heiminum í dag. Talið er að laun hans nemi um 100 þúsundum punda á viku. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**DAVID BECKHAM** Gæti yfirgefið Real Madrid árið 2007. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

David Beckham:

# Lýkur ferlinum í Ameríku

**FÓTBOLTI** David Beckham stefnir á að flytjast til Bandaríkjanna og leika þar knattspyrnu áður en hann leggur skóna á hilluna. Hinn þrítugi Beckham greindi frá þessu í gær en samningur hans við Real Madrid rennur út eftir næsta tímabil.

„Á einhverjum tímapunkti, þá vil ég spila í Ameríku. Ég á eitt ár eftir af samningnum hjá Real og kannski tvo góð ár eftir það. Síðan vil ég breyta til og MLS-deildin heillar mig,“ sagði Beckham.

Stjörnur á borð við Pele og George Best hafa leikið í Bandaríkjunum en Beckham er með starfrækta knattspyrnuakademíu í Los Angeles. - hþh



**YAO MING** Röltir sárþjáður af velli eftir að hafa fótbrotnað. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Houston Rockets:

# Kínverski risinn fótbrotnaði

**NBA** Hinn ógnarstóri Kínverji, Yao Ming, leikur ekki meira með Houston Rockets í NBA-körfuboltanum í vetur. Ming varð fyrir því óláni að brjóta bein í fætinum á sér í 85-83 tapleik gegn Utah Jazz í fyrrinótt. Framherjinn Andrei Kirilenko steig ofan á fótinn á Ming með þeim afleiðingum að bein brákaðist í vinstri fæti á Kínverjanum sem hefur verið einn af björtu punktunum í arfaslöku liði Houston í vetur.

Þetta kórónar mikið meiðslatímabil hjá liðinu, því burðarásar liðsins, Ming og Tracy McGrady, hafa verið meiddir meira og minna í allan vetur og liðið er fjarri því að komast í úrslitakeppnina. - hþh



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Every passing minute is another chance to turn it all around.“**

Svar:
Sofia úr kvikmyndinni Vanilla Sky frá árinu 2001.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRARNI ÞÓRARINSSYNI ER FARIÐ AÐ LEIÐAST BIÐIN EFTIR SÓPRANÓS

## Beðið eftir Tóný

Þættirnir um mafíósann Tóný Sópranó og skjaldsveina hans eru með því allra besta sem framleitt hefur verið fyrir sjónvarp síðustu ár. Þegar sjónvarpsþættir slá í gegn keppast framleiðendur þeirra við að dæla út nýjum þáttum til þess að hafa sem flesta dollara upp úr krafsinu áður en vinsældirnar dala.

Framleiðendur The Sopranos hafa tekið þveröfugan pól í hæðina og hika ekki við að gera hlé á framleiðslunni í svona eins og eitt ár og mæta svo tvíefldir til leiks. Biðin eftir sjöttu þáttaröðinni hefur verið bæði löng og ströng. Þættirnir eru byrjaðir að rúlla í Bandaríkjunum en áhorfið á þá hefur snarminnkað milli þáttaraða. Biðin hefur sjálfsagt verið of löng og þolinmæði fylgispakra áhorfenda loks þrotið. Ríkisútvarpinu væri því nær að reyna ekki frekar á langlundargeð íslenskra áhangenda Tónýs og drífa þættina á skjáinn.

Stöð 2 hefur sýnt gott fordæmi í þessum efnum en íslenskir áhorfendur eru aðeins fimm klukkustundum



**TÓNÝ SÓPRANÓ** Hefur komist upp með að láta bíða eftir sér en nú er nóg komið.

á eftir bandarískum í æsispennuþáttunum 24. Svona á þetta að vera. Slugsagangur í innkaupum á eftirsóttu sjónvarpsefni hvetur þar að auki til lögbrota þar sem fólk getur ekki annað en freistast til þess að sækja efnið á netið þegar þolinmæðina þrýtur.

Næstsíðasti þátturinn um uppgang Sesars í Róm var kynngimagnaður og maður varð beinlínis uppnuminn þegar útlimir og höfuð fuku í allar áttir á hringleikvanginum. Það er ekki á hverjum degi að maður fær svona hressan splatter í sjónvarpi. Félagarnir Lucius Vorenus og Titus Pullo sýndu svo um munar hvers virði heiður og vinátta vegur þungt þegar þeir sneru bökum saman og slátruðu heilli hjörð skylmingaþræla. Russell Crowe verður aldrei annað en lítill og pirraður Ástrali eftir djöfulganginn í Pullo. Ekki ætla ég að afþakka svona blóðbað en verst samt að ofbeldið kemur í veg fyrir að maður geti notað þessa snilldarþætti til að tendra söguáhuga hjá krökkunum.



▶ 22.20 *Tónleikar*

KALEIDOSCOPE



▶ 22.20 *Drama*

STRONG MEDICINE



▶ 21.00 *Gaman*

MY NAME IS EARL



▶ 21.00 *Raunveruleiki*

QUEER EYE FOR THE STRAIGHT GUY



▶ 18.55 *Enski bikarinn*

MIDDLESBROUGH – CHALTON

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (42:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (28:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (52:65)** (Ducktails)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.30 Tískuþrautir (7:12)** (Project Runway) Þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti.
**21.15 Svona er lífið (7:13)** (Life As We Know It) Bandarísk þáttaröð um þrjá vini á unglingsaldri sem eiga erfitt með að hugsa um annað en stelpur.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.20 Kaleidoscope** Upptaka frá tónleikum þar sem leikið var verkið Kaleidoscope eftir Árna Egilsson bassaleikara.

**23.05** Stúlkan á kaffihúsinu **0.35** Kastljós **1.25** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** George Lopez **13.55** Whose Line Is it Anyway? **14.20** Amazing Race **15.10** The Apprentice – Martha Stewart **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
**20.05 Veggfóður (11:18)** Lífstíls- og hönnunarþátturinn Veggfóður verður framvegis á Stöð 2 á miðvikudagskvöldum.
**20.50 Oprah (50:145)**
**21.35 Medium (4:22)** Dáleiðandi bandarískur spennuþáttur með yfirnáttúrulegu ívafi.
▶ **22.20 Strong Medicine (3:22)** (Samkvæmt læknisráði 5) Ný sería af þessum vönduðu spítalaþáttum sem fjalla um kraftmikla kvenlækna.

**23.05** Stelpurnar **23.30** Grey's Anatomy **0.10** Cold Case (B. börnum) **0.55** Derek Acorah's Ghost Towns **1.40** The Importance of Being Earnest **3.10** All Over the Guy (Str. b. börnum) **4.40** Medium **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 My Name is Earl (e)**
**20.00 Friends (9:24)** (Vinir 8)
**20.30 Sirkus RVK** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar.
▶ **21.00 My Name is Earl** Þessir þættir hafa svo sannarlega slegið í gegn í Bandaríkjunum.
**21.30 Invasion (14:22)** (All God's Creatures) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst.
**22.15 Bikinimódel Íslands 2006**
**22.45 Reunion (13:13) (e)** (1998) Spennuþættir sem fjalla um 6 ungmenni og 20 ár í lífi þeirra.

**23.30** „bak við böndin“ **0.00** Friends (9:24) (e) **0.25** Sirkus RVK (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Heil og sæl (e)

**16.05** Innlit / útlit (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 The Drew Carey Show (e)**
**20.00 Homes with Style**
**20.30 Fyrstu skrefin**
▶ **21.00 Queer Eye for the Straight Guy** Samkynhneigðar tískulöggur gefa einhleypum, gagnkynhneigðum körlum góð ráð.
**22.00 Law & Order: SVU** Í hverjum þætti er fylgt eftir uppákomum hjá Elliott Stabler, Olivia Benson, John Munch og Odafin Tutuola sem reyna að leysa flóknustu glæpi borgarinnar.
**22.50 Sex and the City – 6. þáttaröð** Berger skilur eftir miða handa Carrie þar sem að hann segir henni upp.

**23.20** Jay Leno **0.05** Close to Home (e) **0.50** Cheers (e) **1.20** Fasteignasjónvarpið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Spænsku mörkin**
▶ **18.55 Enska bikarkeppnin** (Middlesbrough – Chalton) Bein útsending frá leik Middlesbrough og Charlton í Enska bikarnum. Liðin mætast nú í annað sinn í 8. liða úrslitum í enska bikarnum en fyrri viðureign liðanna endaði með markalausu jafntefli. Stóra spurningin er hvort Hermann Hreiðarsson komist áfram í undanúrslit.
**20.55 Spænski bikarinn** Útsending frá úrslitaleiknum í spænsku bikarkeppninni. Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra kl 18:30.

**23.00** Sænsku nördarnir **23.50** NBA : Detroit – Cleveland

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Just For Kicks **8.00** Sounder **10.00** What a Girl Wants **12.00** Freaky Friday **14.00** Just For Kicks **16.00** Sounder **18.00** What a Girl Wants **20.00 Freaky Friday** Stórskemmtileg endurgerð á sígildri Disney-mynd. Aðalhlutverk: Jamie Lee Curtis, Lindsay Lohan. **22.00 The Terminal** Kostuleg og vel leikin stórmynd eftir Steven Spielberg með Tom Hanks í aðalhlutverki. **0.05** Slackers (Bönnuð börnum) **2.00** Boat Trip (Bönnuð börnum) **4.00** The Terminal

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Hollywood Nights Gone Bad **13.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **14.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **15.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **16.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **17.00** Rich Kids: Cattle Drive **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Big Buzz Gone Bad **22.30** Hollywood Nights Gone Bad **23.00** E! News **23.30** Hollywood Nights Gone Bad **0.00** Party @ the Palms **0.30** The Soup **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Portsmouth – Blackburn frá 08.04 **16.00** Wigan – Birmingham frá 08.04 **18.00** Að leikslokum (e)

**19.00 Chelsea – West Ham frá 09.04 .**
**21.00 Man. Utd. – Arsenal frá 09.04**

**23.00** Tottenham – Man. City frá 08.04 **1.00** Dagskrárlok


# TILBOÐ - TILBOÐ - TILBOÐ



**Lagan 253G**

Verð kr. 4.150.000 • Árgerð 2006



**Glen 264**

Verð kr. 4.350.000 • Árgerð 2006

**OPNUNARTÍMI UM PÁSKA**
**skírdag kl. 13-17**
**laugardag kl. 13-17**

**Lokað föstudag, sunnudag og mánudag**

HOBBYHÚSIÐ • Sími 517 7040 • Dugguvogi 12 • www.hobbyhusid.is NETSALAN EHF.

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

### Kaleidoscope Sjónvarpið kl. 22.20



Upptaka frá tónleikum í Langholtskirkju þar sem leikið er verkið Kaleido-scope eftir Árna Egilsson bassaleikara. Það er í jazz-fusion stíl og er óvenjulegt að mörgu leyti. Flutningurinn er augnakonfekt með leikrænum tilþrifum og litagleði. Alls kyns frumlegar uppákomur gerast á meðan tónlistin leiðir áhorfandann áfram. Saxófónleikarinn leikur lausum hala en kórinn ýmist stappar eða hummar og les upp úr Þjóðviljanum, garðslöngum er sveiflað svo úr verður hljóð og hið magnaða orgel kirkjunnar er rækilega nýtt með skemmtilegum tilþrifum.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 |
| 5 | 2 | 4 | 1 | 9 | 6 | 3 | 8 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 4 | 6 | 5 | 9 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 2 | 7 | 6 | 1 |
| 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 6 | 1 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 2 | 3 |
| 7 | 6 | 1 | 5 | 4 | 8 | 9 | 3 | 2 |
| 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 7 | 9 | 1 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | 5 | | | 3 | |
| | | 6 | | | 7 | 4 | | 5 |
| | | | | | | 1 | | |
| | 6 | | | 8 | | | | |
| | 7 | 8 | | | | 9 | 6 | |
| | | | | 2 | | | 4 | |
| | | 1 | | | | | | |
| 4 | | 2 | 3 | | | 5 | | |
| | 5 | | | 6 | | | | 8 |



▶ **14.00** *Dægurmál*

HRAFNAÞING/MIKLABRAUT

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **12.40** Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**20.45** **Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimsfréttirnar.
**21.00** **Fréttir**
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
▶ **22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.35** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying





## HRÓSIÐ

*...fær Helga Guðjónsdóttir sem sigraði í Söngkeppni framhaldsskólanna með glæsibrag um helgina.*

## ÞRÍR SPURÐIR: ROMANO PRODI BAR SIGUR ÚR BÝTUM Á ÍTALÍU EFTIR TVÍSÝNAR KOSNINGAR

# *Var kominn tími á Berlusconi?*



**Jón Sæmundur:**

„Ég get nú ekki sagt að ég hafi mikið fylgst með stjórnmálum á Ítalíu en það sem ég hef lesið í blöðunum segir mér að það sé kominn tími til að karlinn hugsi sér til hreyfings. Hins vegar er spurning hvort móthverji í kosningunum eigi nokkuð eftir að gera betur, eru þessir pólitíkusar á Ítalíu ekki allir jafn spilltir?



**Margeir DJ:**

„Ég get ekki sagt að ég sé að missa svefn yfir þessu en ég verð þó að segja að ég hef meiri tiltrú á frjálshyggju en sósíalisma. Í eðli mínu er ég frekar hægra megin við miðju þannig að ég styð einkarekstur og minni ríkisafskipti."



**Ásta Kristjánsdóttir í Eskimó:**

„Ég held að það sé algerlega kominn tími á hann enda hefur hann keyrt efnahaginn í óefni. Það er engin spurning að ég vil frekar sjá Prodi taka við stjórnartaumunum heldur en að Berlusconi sitji sem fastast. Í valdatíð sinni hefur hann ítrekað brotið á lýðræðinu."



**LÁRÉTT**
**2** land **6** fæði **8** mál **9** farfa **11** klukkan **12** fíflast **14** sjávardýr **16** tveir eins **17** spíra **18** besti árangur **20** bardagi **21** sæla.

**LÓÐRÉTT**
**1** knúsast **3** stefna **4** rægja **5** einkar **7** land **10** efni **13** lítil **15** þekkja leið **16** tunnu **19** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** kúba, **6** el, **8** tal, **9** lít, **11** kl, **12** atast, **14** humar, **16** áá, **17** ála, **18** met, **20** at, **21** unun.
**LÓÐRÉTT: 1** kela, **3** út, **4** baktala, **5** all, **7** litháen, **10** tau, **13** smá, **15** rata, **16** ámu, **19** tu.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Romano Prodi
2. Til 1. maí
3. Njarðvík og Skallagrímur

GJAFIR
ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100



**TÓMAS GUÐBJARTSSON** Læknirinn Tómas Guðbjartsson er einn af aðstandendum tónleika djasspíanistans Anders Widmark hér á landi í byrjun júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## TÓMAS GUÐBJARTSSON: HJARTASKURÐLÆKNIR OG DJASSGEGGJARI

# Sker upp og skipuleggur

Hjartaskurðlæknirinn og djassáhugamaðurinn Tómas Guðbjartsson hefur í nógu að snúast um þessar mundir.

Á milli þess sem hann framkvæmir flóknar aðgerðir á skurðarborði Landspítalans hlustar hann á djass í frístundum sínum og aðstoðar hljómsveitir og tónlistarmenn við tónleikahald. Meðal annars skipulagði hann tónleikaferð Jagúars til Suður-Svíþjóðar, þar sem hann stundaði framhaldsnám.

Næst á dagskrá hjá Tómasi er að aðstoða við undirbúning tónleika með sænska djasspíanistanum Anders Widmark sem mun spila á Listahátíð í Reykjavík dagana 1. og 2. júní næstkomandi.

„Ég spilaði sjálfur á fiðlu á mínum yngri árum en sá fljótlega að hæfileikum mínum væri betur borgið á skurðstofunni," segir Tómas í léttum dúr. „Þegar ég flutti til Svíþjóðar fyrir ellefu árum smitaðist ég af djassáhuganum þar. Ég bjó í Lundi sem er eitt af gömlu vígum djassins á Norðurlöndum og var viðloðandi djassklúbb í bænum," segir Tómas og á þar við klúbbinn Mejeriet sem KK hefur m.a. spilað.

„Þegar ég var búinn að vera þarna í smá tíma kynntist ég fólki innan djassgeirans og fékk fyrir nokkrum árum plötu með Anders Widmark frá góðum vini mínum. Ég hafði ekkert sérstakar væntingar en man þegar ég hlustaði á fyrsta lagið. Ég fékk næstum því gæsahúð því þetta var svo grípandi tónlist," segir hann.

Í framhaldinu hafði Tómas samband við Widmark og fékk hann til að halda tónleika í Suður-Svíþjóð. Upp frá því tókust með þeim kynni og núna er píanistinn snjalli sem sagt væntanlegur til Íslands í fyrsta sinn.

Tómas er einn af mörgum læknum sem eru áhugamenn um tónlist. Hann segir djassinn hjálpa sér mikið í því krefjandi starfi sem læknisstarfið er. „Það eru oft mjög langar aðgerðir sem ég geri sem krefjast mikillar einbeitingar og þess vegna er nauðsynlegt að hafa eitthvað annað að hugsa um þess á milli til að dreifa huganum. Það eru margir tónlistaráhugamenn á meðal lækna. Af hverju veit ég ekki nákvæmlega en djassinn er svo óútreiknanlegur og margbreytilegur. Það er kannski það sem er svo spennandi við hann."

Tómas, sem flutti heim fyrir átta mánuðum eftir tíu ára nám í Svíþjóð og eins árs nám í Harvard í Boston, segir að skipulagning tónleika sé einungis áhugamál og hefur aldrei tekið pening fyrir ómakið.

„Margir af félögunum í Svíþjóð finnst ég vera snarklikkaður að standa í þessu án þess að hafa þetta af atvinnu en þetta er bara meira gaman þannig, maður nýtur þess miklu betur," segir læknirinn með tónlistarhjartað. freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hjá Saga Film eru menn víst ennþá að skála í kampavíni eftir að það tókst að landa samningum við leikkonuna **Jennifer Connelly** um að hún myndi leika aðalhlutverkið í kvikmyndinni Slóð fiðrildanna. **Liv Ullman** leikstýrir myndinni sem byggir á skáldsögu **Ólafs Jóhanns Ólafssonar** en meðal annarra framleiðanda má nefna **Steven Haft** sem á heiðurinn af Dead Poets Society. Ekki ætti kátínan að minnka því Connelly virðist síður en svo vera að lækka flugið. Á heimasíðunni imdb.com má sjá lista yfir næstu myndir hennar en þar ber hæst The Berkely Connection. Meðleikarar hennar í myndinni eru engir aukvisar en það eru meðal annars þungavigtarleikararnir **Robert Duvall** og **Dustin Hoffman**. Reyndar á enn eftir að ráða þrjá karlleikara í Slóð fiðrildanna og ef þetta eru þeir staðlar sem Connelly setur sér má vera ljóst að enn fleiri stórleikarar sæki landið heim á næstunni.



Umfjöllun Kastljóssins um fuglaflensuna hefur verið fyrirferðamikil að undanförnu. Sunnudagurinn var að mestu helgaður veirunni sem virðist vera að þoka sér norðar á bóginn og nýverið fundust dauðir fuglar í Skotlandi. Á mánudaginn hélt umfjöllunin áfram og þar svaraði Jóhanna Vilhjálmsdóttir meðal annars áhyggjufullum golfara sem spilaði á gæsaskítslegnum golfvelli. Mestu athyglina vakti innslag **Ragnhildar Steinunnar** þar sem hún fór í heimsókn á leikskóla og spurði krakkana um fuglaflensuna. Mikið hefur verið rætt um hræðsluáróður hvað þessa flensu varðar og þótti innslagið bera vott um slíkt. Reyndar var haft á orði að Ragnhildur hefði það gott lag á krökkunum að frammistaða hennar þótti minna á barnainnslög **Hemma Gunn** fyrir tveimur áratugum síðan. - fgg



HAFIÐ
FISKIPRINSINN
-Þú getur alltaf treyst á prinsinn-
Hlíðasmári 8 • S:5547200 • www.hafid.is

# Björk vísar í Silvíu Nótt

Nýverið féll dómur í Hæstarétti þess efnis að algjört bann við sýnileika tóbaks með lögum frá árinu 2001 standist ekki tjáningar- og atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Sölvi Óskarsson, forsvarsmaður Tóbaksverslunarinnar Bjarkar, var einn stefnanda en verslun hans telst til sérverslunar fyrir tóbaksvörur. Sölvi er að vonum hæstánægður með dóminn en um leið og úrskurðurinn var ljós dró hann tjaldið niður sem verið hefur yfir skápnum sem geymir tóbaksvörur síðastliðin fimm ár. Til að fagna niðurstöðunni útbjuggu feðgarnir Sölvi og Óskar stórt auglýsingaspjald sem þeir komu fyrir í glugga verslunarinnar en það ber yfirskriftina „Til hamingju Ísland með að við megum sjást". „Hér erum við auðvitað að vísa í framlag Íslands til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpssstöðva," segir Óskar Sölvason. „Á Menningarnótt árið 2002 ákváðum við að breiða yfir gluggann á versluninni til að undirstrika fáránleika dómsins á umræddu banni við tóbaksvörum sem féll sama ár. Fyrst vörur okkar máttu ekki vera sýnilegar var allt eins gott að láta búðina alla liggja í leyni. Viku síðar tókum við tjaldið frá glugganum og breiddum ein-




**TIL HAMINGJU BJÖRK...** Texti sem auglýóslega er fengin að láni úr lagi Silvíu Nætur hefur verið festur á glugga tóbaksverslunarinnar Björk FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARÐ

ungis yfir tóbakið." Sölvi segir að fjöldinn allur af heillaskeytum hafi borist í kjölfar auglýsingarinnar, til að mynda frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna og Vefþjóðviljanum. „Pabbi hefur meira að segja verið stöðvaður úti á götu af fólki sem vill óska honum til hamingju með úrskurðinn." ■



Pitton/SIA

# Stórir pakkar frá **EJS**

## Fermingartilboð

Það er gaman þegar pakkinn kemur frá EJS. Helst vildum við koma í veisluna og vera með þegar pakkarnir eru opnaðir því stóri pakkinn er oftast bestur. Skínandi fartölva, öflug borðtölva eða frábært sjónvarp! En við látum duga að hugsa hlýlega til ykkar, því við vitum að gjöfin gleður.

*Verð getur breyst án fyrirvara og er háð gengi.*





**Hantarex 20”** LCD sjónvarp
Staðgreiðsluverð **99.900,-**

**Hantarex 26”** LCD sjónvarp
Staðgreiðsluverð **149.900,-**

Sjónvörpin sem fagmennirnir nota.
Innbyggður DVD/DivX spilari og frábær myndgæði!

### Dell Dimension 5150

Prentari, hátalarar og vírusvörn fylgja.

- Intel Pentium 4 630 3,00GHz HT örgjörvi
- 512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni
- 160GB (7,200 rpm) SATA harður diskur
- 16X DVD+RW Dual Layer geislaskrifari
- 128MB ATI Radeon X300 SE skjákort
- 9-1 minniskortalesari
- 7 USB 2.0 tengi, IEEE 1394 FireWire
- Dell E176FP flatur skjár
- Microsoft Works 7.0 og Dell Media Experience 3.0 De Luxe
- Microsoft Windows XP Home SP2

Fermingartilboð **134.400,-**

Vaxtalaust 11.676,- á mán. í 12 mánuði.





Dell 924 AIO   Altec Lansing ADA525   PC Cillin

### Dell Inspiron 630m fartölva

Vefmyndavél, vírusvörn og taska fylgja.

- Intel Pentium M 750 1,86GHz örgjörvi
- 512MB 533MHz DDR2 vinnsluminni
- 14.1" WXGA TFT True Life skjár
- 60GB harður diskur
- 8X DVD+/-RW DVD geislaskrifari
- Intel Pro 2200 þráðlaust netkort 802.11b/g
- Innbyggt Bluetooth
- Fjögur USB 2.0, FireWire, S-Video, skjátengi
- 5-1 minniskortalesari
- Microsoft Windows XP Professional

Fermingartilboð **155.100,-**

Vaxtalaust 13.529,- á mán. í 12 mánuði.





Pleomax vefmyndavél   PC Cillin   Coluco taska



Tölvum fylgir eins árs ábyrgð EJS og 2ja ára neytendaábyrgð.

**Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:**
R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / 575 9200 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETHEIMAR / Ísafirði / 456 5006 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234 • TÖLVUSMÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 / Egilsstöðum / 470 2220 • BVT / Vík / 487 1510 • TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // EJS BÚÐIN, Pennanum, Hallarmúla / 540 2000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000 //

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**BAKÞANKAR**
JÓNS GNARR

## *Frægð*

Frægð er fyrirbæri sem öðru hvoru er til umfjöllunar á Íslandi. Sífellt bætast við ný andlit í frægðarmyndina.

**ÉG** hef töluverða reynslu af að vera frægur. Ég hef verið frægur í tíu ár. Þar áður var ég þekktur sem Jónsi pönk. Ætli ég sé ekki einn af frægari mönnum hér á landi? Frægðin hefur ekki veitt mér nein forréttindi. Fjölda fólks líkar vel við mig en svo er líka eitthvað fólk sem þolir mig ekki. Ég hef ekki fengið neina fyrirgreiðslu eða forréttindi vegna frægðar minnar, ekki nema ég sé til í að gera eitthvað í staðinn.

**EINN** stór galli er líka við frægðina. Allir virðast hafa skoðanir á því sem hinn frægi er að gera, hvernig hann gerir það og hve vel það hefur heppnast, samanborið við það sem hann hefur gert áður. Og hann gerir aldrei öllum til geðs. Einnig vilja menn spá í framtíðarmöguleika hins fræga og jafnvel spyrna honum saman við einhvern annan frægan í útlöndum. Mér er til dæmis oft líkt við Andy Kaufman, þótt ég eigi kannski meira sammerkt með Groucho Marx. Mér hefur aldrei þótt þessi Kaufman neitt sérstaklega fyndinn. Ef þú ert frægur hafa allir einhverja skoðun á þér, sérstaklega einhverjir vitleysingar og fólk sem þekkir þig ekki.

**Í** útlöndum felur frægð í sér ákveðin verðmæti. Í Bandaríkjunum er hægt að framfleyta sér bara því að vera frægur. En ekki á Íslandi. Ef ég byggi í útlöndum væri ég örugglega ríkur og byggi líklega í Hollívúd eða að minnsta kosti í Njú Jork og ætti Hummer en ekki Fiat Weekend.

**ÍSLENSK** frægð er hversdagsleg frægð. En margir sem verða skyndilega frægir átta sig ekki alltaf á því og halda að þeir hafi hækkað í tign. Það er misskilningur. Leiðinlegasta afleiðing frægðar er fyrirbæri sem ég kalla Frægðarármæðu. Þá fyllist hinn nýfrægi miklum leiða yfir aðdáun fólks á sér og verður önugur og leiðinlegur. Ég var sjálfur illa haldinn af þessari pest um tíma.

**MARGT** fólk keppist við að verða frægt og jafnvel fyrir ekki neitt. Frægð er stórlega ofmetin. Henni fylgja fleiri klafar en kostir. Fræg manneskja er fyrst og fremst fyrirmynd. Íslensk seleb er andlit alþýðunnar. Það er til lítils gagns að vera frægur ef þú hefur ekkert fram að færa sem máli skiptir fyrir aðra en sjálfan þig.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# Vertu smáborgaralegur

Aygo á heima innanbæjar.→ Hann skýst milli ljósa og smellir sér í hvaða bílastæði sem er. Góðir akstursteiginleikar og flottar græjur gera hverja ferð í Aygo að skemmtiferð.→ Með kraftmikilli 1.0 lítra vél er hann fyrstur af stað á ljósum og síðastur á bensínstöðina. Sestu uppí.→

AYGO
BY TOYOTA

**Engin útborgun & tryggingar innifaldar**
**Aðeins 23.470 kr. á mánuði***
*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

**AYGO**
Það er gaman að keyra




**www.aygo.is**

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000